



Árs- og sjálfbærniskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025

Árs- og sjálfbærniskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025

LV í hnotskurn

bls. 3

Hvað við erum, hvað við gerum og hvernig við þróumst

I. Um starfsemina

bls. 10

Ávörp formanns og framkvæmdastjóra,
viðskiptalíkan, haghafar og mikilvægisgreining

II. Lífeyrisafurðir

bls. 17

Stóra myndin, þróun lífeyris og iðgjalda,
tryggingafræðileg staða

III. Eignasöfn

bls. 27

Leiðarljós, staða, þróun og horfur
í sameign og séreign

IV. Ábyrgar fjárfestingar

bls. 45

Stefna, framkvæmd, árið, komandi verkefni
og samstarf

V. Áhættustýring

bls. 52

Inntak, markmið, framkvæmd, áskoranir
og verkefni á döfinni

VI. Stjórnarhætti og stjórnun

bls. 58

Stjórnarhættir, stefnumótun, skipurit,
stjórn og yfirstjórn

VII. Um sjálfbærni í starfseminni

bls. 69

Staðan, áskoranir, vegferðin og
UFS upplýsingar

VIII. Skýrsla stjórnar og ársreikningur

bls. 84

Petta er Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Lykilupplýsingar um starfsemi sjóðsins 2025



Fjöldi sjóðfélaga

192 þúsund

Fjöldi launagreiðenda **10,8** þúsund



Lífeyrисиðgjöld

51,9 milljarðar

Í sameign **47,9** milljarðar

Í séreign **4,0** milljarðar




Nafnávöxtun séreignarsparnaðar 2025

Ævileið I **8,2%**

Ævileið II **8,1%**

Ævileið III **8,6%**

Verðbréfareið **7,3%**



Sameignardeild

44 þúsund eignir í **6** heimsálfum

Ísland **50%**, Evrópa án Íslands **10%**,


N-Ameríka **35%**, Aðrir heimshlutar **5%**

67 starfsmenn

Konur 55% / Karlar 45%

8 stjórnarmenn

Félag atvinnurekenda,
Samtök atvinnulífsins
og VR skipa stjórn



Afgreidd lán

58,9 milljarðar

Lánveitingar á árinu **1825**

Meðalfjárhæð lána **32,3** milljónir




Sameignardeild 2025

raunávöxtun **3,2%**

5 ára árleg raunávöxtun: **1,8%**

10 ára árleg raunávöxtun: **4,0%**



Skipting eigna sameignardeildar

í íslenskum krónum **50%**

í skráðum eignum **76%**

í hlutabréfum **52%**



45,4 milljarðar í lífeyri
til **29** þúsund sjóðfélaga

Eftirlaun **35,4** milljarðar

Örorkulífeyrir **6,6** milljarðar

Maka- & barnalífeyrir **1,8** milljarðar

Séreign **1,6** milljarðar



Samskipti og þjónusta




Símtöl: **30.279**

Heimsóknir: **5.503**

Heimsóknir á Mínar síður: **185.158**

Innlit á live.is: **330.408**

Eignasamsetning sameignardeildar



Eignasöfn

1.566 milljarðar

Sameign: **1.524** milljarðar


Séreign: **42** milljarðar

Afkoma eignasafna

105 milljarðar á árinu



Starfsemi LV í fáum dráttum



Myndin sýnir hvernig iðgjald frá launamanni og launagreiðanda vex með fjárfestingu í atvinnulífinu og fjármagnar starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Sparnaðurinn og ávöxtun hans verður að lífeyri sem greiðist til æviloka og fjárhagslegri vernd vegna

áfalla. Við fráfall fer hluti réttinda sjóðfélagans til maka hans og barna. Við örorku er greiddur örorkulífeyrir. Aukin þjónusta felst í húsnæðislánum til sjóðfélaga og ávöxtun séreignarsparnaðar sem fjölgar valkostum við starfslok.

Stiklur frá liðnu ári

Hér er stiklað á stóru um nokkra atburði og þróun í starfsemi LV á árinu 2025, bæði í ytra umhverfi og innri starfsemi.

Fjárfestingarumhverfi

Innlendir markaðir

Fjárfestingarumhverfi sjóðsins var fremur hagstætt á árinu 2025 sem endurspeglast í ágætri ávöxtun eignasafnanna. Vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands hélt áfram á árinu með þremur vaxtalækkunum og stóðu meginvextir bankans í 7,25% í lok árs. Verðbólga hefur engu að síður verið þrálátari en búist var við.

Innlend skuldabréf og hlutabréf skiluðu góðri ávöxtun. Ávöxtun skuldabréfa árið 2025 var svipuð og árið áður. Þrátt fyrir að vísitölur innlendra hlutabréfa gæfu neikvæða ávöxtun á árinu var ávöxtun félaga dreifð og mörg félög með ákjósanlega ávöxtun. Þá skilaði safn LV í innlendum hlutabréfum umtalsvert betri ávöxtun en viðmiðunarvísitalan.

Erlendir markaðir

Á erlendum mörkuðum var jafnframt góð ávöxtun á árinu 2025. Vaxtalækkanir héldu áfram samhliða hjöðnun verðbólgu beggja vegna Atlantshafsins.

Töluverðar sveiflur voru þó á árinu bæði í hlutabréfum og skuldabréfum, meðal annars vegna tollastefnu Bandaríkjanna og óvissu í alþjóðastjórnámálum. Engu að síður skiluðu erlend hlutabréf góðri ávöxtun mælt í grunnmynt fjárfestinganna en töluverð veiking bandaríkjadals dró úr ávöxtun í íslenskum krónum talið. Þó var ávöxtun erlendra hlutabréfa í krónum ágæt í sögulegu samhengi. Sömu sögu er að segja um erlend skuldabréf sem skiluðu góðri ávöxtun í grunnmynt en gengishreyfingar drógu úr ávöxtuninni í íslenskum krónum talið.

Nánar er fjallað um innlenda og erlenda verðbréfamarkaði í kafla III um eignasöfn.

Þróun í starfsemi sjóðsins

Erlendar eignir í sérgreind söfn

Á árinu 2025 lauk vegferð sem hófst árið áður og laut að því að færa bróðurpart erlendar verðbréfaeignar sameignardeildar úr verðbréfasjóðum í beint eignarhald í sérgreindum eignasöfnum. Á sama tíma var gerður samningur við nýjan vörsluaðila, alþjóðlega bankann JP Morgan, um vörslu erlendra verðbréfasafna sjóðsins. Með breytingunni næst kostnaðarhagræði, aukið gagnsæi eignarhalds og möguleiki á að fylgjast betur með einstökum eignum.

Sterkur grunnur fyrir fjárfestingarstefnu

Á árinu hófst umfangsmikil greiningarvinna í samstarfi við alþjóðlega ráðgjafarfyrtækið Mercer í tengslum við fjárfestingarstefnu LV til lengri tíma. Vinnan var að verulegu leyti fólgin í að yfirfara og endurmeta ávöxtunarmarkmið fyrir eignasöfn LV og í framhaldinu eignasamsetningu þeirra. Í greiningarvinnunni var lagður enn traustari grunnur að forsendum fyrir eignasamsetningu safnanna til lengri tíma.

Ráðgjöf og miðlun upplýsinga

Auknar áherslur hafa verið lagðar á upplýsingamiðlun með það að markmiði að hvetja sjóðfélaga til að þekkja réttindi sín og að hefja undirbúning starfsloka hjá þeim sem nálgast starfslokaaldur. Upplýsingamyndbönd voru gerð fyrir fyrstu kaupendur fasteigna, þá sem nálgast starfslok og sjóðfélagar sem fögnuðu 50 ára afmæli fengu sérstaka hvatningu um að koma í ráðgjöf til sjóðsins.

Áætluð heildargreiðsla ævilangs lífeyris var í fyrsta sinn birt á yfirliti sjóðfélaga. Það er nýjung að sýna mynd af væntanlegri heildargreiðslu ævilangs lífeyris byggða á spá um ævilengd.

Góður vöxtur í lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga

Eins og undanfarin ár héldu lífeyrisgreiðslur áfram að aukast milli ára og námu samtals 45,4 milljörðum en voru 40,3 milljarðar árið áður. Sjóðfélögum sem fá greiddan lífeyri fjölgaði milli ára og voru 28.970 en 27.577 árið áður.

Þetta er jákvæð þróun fyrir sjóðfélaga þar sem hún sýnir að sífellt fleiri sjóðfélagar eru farnir að njóta afraksturs sparnaðarins í formi lífeyris. Þróun sem byggist á áratuga langri og farsælli rekstrarsögu lífeyrissjóðsins.

Húsnæðislán til sjóðfélaga

Við árslok 2024 hækkaði sjóðurinn hámarkslán í 95 milljónir króna til að mæta hækkun á fasteignamarkaði undanfarinna ára. Þá hóf sjóðurinn að bjóða sérstök lán til þeirra sem voru að kaupa sínu fyrstu eign þar sem lánshlutfall er hærra en hefðbundin sjóðfélagalán með viðbótarláni, allt að 15% til viðbótar við 70% láns- hlutfall. Lánsréttarákvæði voru rýmkuð og þurfa sjóðfélagar einungis að hafa greitt einu sinni á síðustu 12 mánuðum til að öðlast lánsrétt.

Lán til fyrstu kaupenda námu 10,8 milljörðum króna á árinu og ljóst að framboð og þjónusta sjóðsins til þeirra sem eru að fara inn á fasteignamarkaðinn í fyrsta sinn var mikilvæg viðbót til sjóðfélaga. Hlé var gert á auknu veðhlutfalli í lok október vegna óvissu í tengslum við dómsmál um vaxtabreytingar en fyrstu kaupendur fengu áfram lánstíma til 40 ára.

Laga- og regluhverfi

Víxlverkunarákvæði framlengt á meðan unnið er að heildarendurskoðun

Bráðabirgðaákvæði varðandi víxlverkun greiðslna frá almannatryggingum annars vegar og lífeyrissjóðum hins vegar féll úr gildi haustið 2025 en var lögfest á ný, á meðan stjórnvöld og aðrir viðkomandi hagaðilar leita leiða til að móta nýjan reglugrunn sem styður við sjálfbæra þróun þessara mikilvægu réttinda.

Niðurstaða dómsmála vegna vaxtabreytinga

Undir lok árs 2025 kvað Hæstiréttur upp dóma þar sem reyndi á túlkun lagaákvæða og skilmála skuldabréfa fasteignalána með breytilegum vöxtum til einstaklinga. Í kjölfar dómanna hefur ríkt nokkur óvissa á markaði fyrir þessi lán. Viðbrögð LV fólust meðal annars í því að breyta framboði verðtryggðra lána þannig að einungis var boðið upp á slík lán með föstum vöxtum út lánstímann. Þá var gert tímabundið hlé á veitingu lána með óverðtryggðum vöxtum. Stefnt er að því að bæta við lánaframboð sjóðsins innan tíðar.

Sjálfbærnistefna

Fyrsta heildstæða sjálfbærnistefna sjóðsins var samþykkt á árinu. Sjálfbærnistefnan er sett í samræmi við gildandi lög, innri reglur og stefnumótun sjóðsins, þar á meðal stefnu um ábyrgar fjárfestingar og samfélagsábyrgð. Markmiðið er að stuðla að sjálfbærni í rekstri til lengri tíma og styðja við verðmætasköpun fyrir sjóðfélaga og samfélagið allt.

Á árinu 2025 hófst vinna við að rýna áherslur sjóðsins varðandi ábyrgar fjárfestingar og aðferðafræði sjálfbærni, hvað varðar umsýslu eignasafna sjóðsins, lífeyris- og lánaafurðir og rekstur hans almennt. Miðað er við að þeirri vinnu verði lokið vel fyrir árslok 2026.

Lykiltölur í rekstri

Hér er yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir sem varða þróun LV. Nánari upplýsingar eru í öðrum köflum ársskýrslunnar sem og í ársreikningi. Í ársreikningi er m.a. yfirlit

yfir þróun kennitalna sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, sjá skýringu 24 og 25 í ársreikningi.

	2025	2024	2023	2022	2021
Starfsemi LV					
Stöðugildi* (í lok árs)	65,2	60,6	57,6	54,2	51,1
Starfsmannavelta	4,8%	5,0%	10,2%	12,3%	2,0%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum					
án fjárfestingargjalda	0,13%	0,14%	0,14%	0,13%	0,12%
með fjárfestingargjöldum	0,43%	0,45%	0,46%	0,44%	0,44%
Nokkrar stærðir sameignardeildar					
Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum	92,2%	83,6%	74,7%	64,0%	61,5%
Tryggingafræðileg staða, heildarstaða	-5,4%	-4,3%	-6,8%	-5,6%	3,5%
Fjöldi greiðandi sjóðfélaga	37.067	37.259	37.152	36.512	35.854
Fjöldi á lífeyri	28.970	27.577	26.080	23.136	21.044
Hlutfall greiðslna úr sameignardeild af heild	96,5%	96,7%	96,3%	95,8%	95,9%
Hlutfall greiðslna úr séreignardeildum af heild	3,5%	3,3%	3,7%	4,2%	4,1%
Iðgjaldagreiðslur og fleira					
Til sameignardeildar	47.877	46.487	44.300	39.156	35.750
Til séreignardeilda	3.825	3.543	3.072	2.654	2.324
Iðgjaldagreiðslur samtals	51.702	50.030	47.372	41.810	38.074
Útgreiðslur í m.kr.					
Úr sameignardeild	43.803	39.004	33.195	25.248	21.965
Úr séreignardeildum	1.607	1.332	1.266	1.096	944
Lífeyrisgreiðslur samtals	45.410	40.336	34.461	26.344	22.909

	2025	2024	2023	2022	2021
Stærð eignasafna í m.kr.					
Sameignardeild	1.524.309	1.420.486	1.256.492	1.146.105	1.174.593
Séreignardeild	42.129	37.091	31.028	27.005	26.538
- Séreign – Ævileið I	8.432	6.446	4.566	3.366	2.860
- Séreign – Ævileið II	5.787	4.621	3.476	2.731	2.325
- Séreign – Ævileið III	2.810	2.451	2.101	1.779	1.567
- Séreign – Verðbréfareið	25.100	23.573	20.886	19.129	19.786
Eignir samtals	1.566.437	1.457.577	1.287.521	1.173.110	1.201.131
Eignasamsetning sameignardeildar					
Hlutabréf	52,6%	51,3%	50,8%	56,3%	60,7%
Skuldabréf	47,4%	48,7%	49,2%	43,7%	39,3%
Skráðar eignir ¹	87,0%	85,9%	86,0%	85,4%	88,4%
Hlutfall eigna í íslenskum krónum	49,6%	50,3%	54,4%	56,4%	55,4%
Hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum	50,4%	49,7%	45,6%	43,6%	44,6%
Hrein raunávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	3,2%	7,3%	0,5%	-11,9%	11,5%
Meðaltal sl. 5 ár	1,8%	3,3%	4,8%	4,9%	8,8%
Meðaltal sl. 10 ár	4,0%	4,6%	4,8%	5,3%	7,6%
Hrein nafnávöxtun sameignardeildar					
Á árinu	7,0%	12,4%	8,6%	-3,6%	16,9%
Meðaltal sl. 5 ár	8,1%	9,6%	10,8%	9,9%	12,3%
Meðaltal sl. 10 ár	8,5%	9,0%	8,7%	8,9%	10,8%

¹ Reiknað miðað við 3. mgr. 36. gr. b. í lögum nr. 129/1997.

	2025	2024	2023	2022	2021
Hrein nafnávöxtun, Ævileið I²					
Á árinu	8,2%	13,0%	7,2%	-8,4%	17,9%
Meðaltal sl. 5 ár	7,0%	8,4%	8,8%	7,7%	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið II²					
Á árinu	8,1%	10,7%	6,0%	-5,1%	10,8%
Meðaltal sl. 5 ár	5,8%	6,5%	7,0%	6,5%	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Ævileið III²					
Á árinu	8,6%	8,2%	6,0%	1,3%	1,6%
Meðaltal sl. 5 ár	5,1%	4,5%	4,0%	3,6%	Liggur ekki fyrir
Hrein nafnávöxtun, Verðbréfareið²					
Á árinu	7,3%	12,4%	8,6%	-3,6%	16,9%
Meðaltal sl. 5 ár	8,1%	9,5%	10,8%	9,9%	12,3%
Meðaltal sl. 10 ár	8,5%	8,9%	8,7%	8,9%	10,8%

Nánari upplýsingar í viðkomandi köflum árs- og sjálfbærniskýrslu og ársreikning, m.a. í yfirliti yfir kennitölur í ársreikningi.

² Vakinn er athygli á því að ávöxtunartölur endurspeglar gengisbreytingar séreignarleidda á tímabilinu. Ávöxtunartölur í ársreikningi kunna að vera lítillega frábrugðnar vegna tilmála FME um útreikning ávöxtunar.



I. Um starfsemina

Ávörp formanns og framkvæmdastjóra, viðskiptalíkan,
haghafar og mikilvægisgreining

Ávarp formanns stjórnar

Ágætu sjóðfélagar.

Ávöxtun ársins

Árið 2025 reyndist ár áskorana og umbreytinga í fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða. Efnahagslífið einkenndist framan af ári af háu vaxtastigi og þrálátri verðbólgu sem hafði viðtek áhrif á fjárfestingarmarkaði og fjármögnun, bæði hér á landi og á alþjóða-
vísu. Við upphaf ársins 2026 blasir við áframhaldandi óvissa og óstöðugleiki, án þess að fyrirséð sé hvenær jafnvægi náist að nýju.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, næststærsti lífeyrissjóður landsins, ber veigamikið hlutverk sem langtímafjárfestir og greiðandi lífeyris til 29 þúsund sjóðfélaga. Verkefni stjórnar og starfsfólks er skýrt: Að standa vörð um hagsmuni sjóðfélaga með vandaðri áhættustýringu, markvissri eignastýringu og gagnsæjum vinnubrögðum.

Áhersla hefur verið lögð á að efla innviði, styrkja ferla og tryggja að sjóðurinn sé vel í stakk búinn til að takast á við sveiflur í innlendu og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Árangur ársins endurspeglar þessar áherslur. Ástæða er til að vera stolt af því starfi sem unnið hefur verið við ávöxtun eigna, þjónustu og upplýsingagjöf til sjóðfélaga sem og hagkvæmni í rekstri. Allur árangur sjóðsins er árangur fyrir sjóðfélaga.

Örorkumál á krossgötum

Á liðnu ári hófu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands viðræður um endurskoðun á þeim hluta kjarasamnings frá 1995 sem snýr að starfsorkumissu vegna veikinda og slysa. Markmiðið er betra samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða, meiri virkni á vinnumarkaði og öflugri starfsendurhæfing, án þess að heildarkostnaður samfélagsins aukist.

Við bindum vonir við farsæla og varanlega niðurstöðu sem tryggir traustan grundvöll þeirra réttinda sem örorkulífeyrir veitir og styður bæði velferð einstaklinga og sjálfbærni kerfisins til lengri tíma.

Innviðafjárfestingar við sjóndeildarhringinn

Á nýju ári væntum við þess að tækifæri í innviðafjárfestingum þróist í takt við áform stjórnvalda. Þátttaka sjóðsins í framkvæmdafjármögnun Ölfusárbrúar árið 2025, í samstarfi við aðra lífeyrissjóði, sýnir að vilji og geta er til staðar þegar verkefni eru vel undirbúin, skýrt afmörkuð og skila ávinningi bæði til samfélags og sjóðfélaga.

Við munum fylgja slíkum tækifærum eftir þar sem samspil samfélagslegs ávinnings og traustrar arðsemi er skýrt.

Könnunarviðræður við Birtu lífeyrissjóð

Í janúar 2026 tilkynntu stjórnir Birtu lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um upphaf könnunarviðræðna um mögulegan samruna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um formlegar viðræður á þessari stundu. Tilgangurinn er afdráttarlaus: Að kanna hvort við getum saman orðið enn öflugri bakhjarl sjóðfélaga.

Sjóðirnir tveir eru stórir, með farsæla rekstrarsögu og að mestu sambærilegar áherslur. Í sameiningu kunna að felast hagræði stærðar, sterkari innviðir og betri þjónusta svo sjóðfélagar njóti meiri ávinnings af því að treysta okkur fyrir afkomu sinni eftir starfslok. Allar ákvarðanir munu ráðast af heildarávinningi fyrir sjóðfélaga.

Að lokum

Við munum áfram byggja undir trausta ávöxtun til langs tíma, gæta að áhættu og kostnaði og tryggja sjóðfélögum okkar gæðaðþjónustu. Fyrir hönd stjórnar vil ég að lokum þakka starfsfólki sjóðsins fyrir faglegt og gott starf á árinu.



Jón Ólafur Halldórsson,
formaður stjórnar

Ávarp framkvæmdastjóra

Ágætu sjóðfélagar.

Góð ávöxtun á sveiflukenndum mörkuðum

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Við unnum markvisst að því að efla grunnstarfsemi sjóðsins og styrkja forsendur langtímaávöxtunar í þágu sjóðfélaga.

Sameignardeild og séreignarleiðir skiluðu jákvæðri raunávöxtun sem vel má við una. Raunávöxtun sameignardeildar var 3,2% (nafnávöxtun 7,0%) en til samanburðar var áætluð meðalávöxtun lífeyrissjóða 2,6%. Eignaflokkar sameignardeildar skiluðu allir jákvæðri nafn- og raunávöxtun utan safns erlendra skuldabréfa þar sem nafnávöxtun var neikvæð um 1,0%. Séreignarleiðir skiluðu 3,5%–4,8% raunávöxtun eða 7,3%–8,6% nafnávöxtun.

Rekstrarumhverfið einkenndist af háu vaxtastigi, þrálátri verðbólgu og sveiflukenndum mörkuðum heima og erlendis. Við þessar aðstæður skipti höfuðmáli að halda fókusi á langtímahagsmunum sjóðfélaga og við stýringu eignasafna sjóðsins.

Sterkar stoðir fjárfestingarstefnu

Lífeyrissjóður verzlunarmanna stýrir um 1.566 milljarða króna eignasafni fyrir um 190.000 sjóðfélaga. Sú ábyrgð kallar á skýra stefnu, festu og faglegt verklag.

Á árinu hófst umfangsmikil greiningar- og stefnumótunarvinna í samstarfi við alþjóðlega ráðgjafann Mercer. Markmiðið var að endurskilgreina ávöxtunarmarkmið og tengja þau skýrar við skuldbindingar sjóðsins og langtímaeignasafn. Með því styrkjum við samspil eigna og skuldbindinga og sköpum forsendur fyrir traustan lífeyri til lengri tíma lítið. Uppfærsla fjárfestingarstefnu á grundvelli þessarar greiningar verður birt á árinu 2026.

Lífeyrisgreiðslur vaxa

Lífeyrisþegum heldur áfram að fjölga. Á árinu var greiddur lífeyrir til 29 þúsund sjóðfélaga. Lífeyrisgreiðslur jukust um 12% frá fyrra ári og námu yfir 45 milljörðum króna samtals.

Þjónusta og lán til sjóðfélaga

Um síðustu áramót buðum við fyrstu kaupendum lán með allt að 85% veðsetningu í fyrsta sinn til að mæta þörfum sjóðfélaga í krefjandi umhverfi á húsnæðismarkaði. Lán til fyrstu kaupenda námu 10,8 milljörðum króna og 83% lántaka voru virkir sjóðfélagar. Ljóst er að framboð þessarar þjónustu sjóðsins til þeirra sem eru að fara inn á fasteignamarkaðinn í fyrsta sinn var mikilvæg viðbót fyrir sjóðfélaga.

Sterkir innviðir

Á tímum gervigreindar og stöðugra breytinga er lykilatriði að mannauður sé tilbúinn að tileinka sér nýjungar. Hjá sjóðnum vinnum við markvisst að því að efla okkur í að mæta nýjum kröfum. Undanfarið höfum við endurnýjað grunnkerfi og þjónustuferla til að auka gæði, öryggi og hagkvæmni. Við stígum skref áfram á þessari braut á nýju ári. Metnaður starfsfólks er mikill og fókusið skýr á að skila meira virði til sjóðfélaga okkar.

Ég vil þakka starfsfólki Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir fagmennsku, metnað og gott samstarf á árinu. Jafnframt færi ég sjóðfélögum þakkar fyrir traustið. Í allri okkar vinnu er það leiðarljós að leggja traustan grunn að sjálfbærum og tryggum lífeyri til framtíðar.

Guðmundur Þór Þórhallsson,
framkvæmdastjóri



Hvernig skapar LV virði – viðskiptalíkan

Grundvöllur starfsemi: LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum og samþykktum sjóðsins.

Aðild að LV: Sjóðurinn er opinn öllum þeim sem starfskjör byggja á kjarasamningi VR, félagsmönnum annarra félaga verslunarmanna og sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ekki byggja ráðningarbundin starfskjör sín á kjarasamningi annarra.

Grunnpættir í viðskiptalíkani: Viðskiptalíkan sjóðsins byggist á því meginhlutverki hans, samkvæmt framangreindum lögum og samþykktum sjóðsins:

- Að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda.
- Að ávaxta eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum.
- Að greiða út ævilangan lífeyri vegna elli, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga.
- Að greiða út séreignarlífeyri vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá eru sjóðfélögum veitt sjóðfélagalán í formi fasteignaveðlana í samræmi við lána-reglur á hverjum tíma.

Samfélagsleg áhrif og fjölþættir framleiðslupættir LV: Meginhlutverk LV er að greiða sjóðfélögum lífeyri á grundvelli iðgjalda sem greidd eru til sjóðsins. Í því skyni rekur sjóðurinn þrjár deildir fyrir réttindi: i) sameignardeild, ii) séreignardeild fyrir almenna séreign og iii) séreignardeild fyrir tilgreinda séreign.

Lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum eru í mörgum tilvikum veigamikill grundvöllur framfærslu sjóðfélaga eftir starfslok og mikilvæg afkomuvernd fyrir eftirlifandi maka og börn þegar sjóðfélagi fellur frá. Sjóðurinn stýrir fjórum eignasöfnum fyrir sameign og séreign og af þeim leiðir að rekstur sjóðsins hefur áhrif á fjölda hagaðila og marga þætti samfélagsins.

Til að lýsa samverkandi þáttum í starfsemi skipulagsheilda hafa verið skilgreindar lykilauðlindir eða fjölþættir framleiðslupættir (e. multi capitals) í rekstri LV sem stuðla að verðmætasköpun.

Viðskiptalíkan LV er byggt á fyrirmyndum í leiðbeiningum „[Integrated Reporting Framework](#)“.

Viðskiptalíkan

Myndin sýnir auðlindir (framleiðslubætti) sem starfsemi LV byggist á og virðisauka sem hún skapar. Ferlið er hringrás framleiðslubátta, starfsemi og virðisauka

Auðlindir

Fjármagn

Iðgjöld og séreignarsparnaður sjóðfélaga er notaður í fjárfestingar til ávöxtunar sem stendur undir lífeyrisgreiðslum og áfallavernd sjóðfélaga.

Mannauður

Hjá sjóðnum starfar sérhæft starfsfólk með viðtæka þekkingu og reynslu. Verkefni sjóðsins eru aðallega þjónusta við sjóðfélaga, fjárfestingarstarfsemi og rekstur upplýsingakerfa.

Samfélag

Sjóðurinn starfar í þágu sjóðfélaga sinna. Með það að markmiði að starfa í sátt við samfélagið viðhefur sjóðurinn öguð og vönduð vinnubrögð, veitir sjóðfélögum áreiðanlegar upplýsingar og starfar samkvæmt lögum og reglum sem um hann gilda.

Náttúra og umhverfi

Megináhrif á náttúru og umhverfi eru fólgin í fjárfestingarstarfseminni. Hún byggist m.a. á fjárfestingum sem hafa með einum eða öðrum hætti áhrif á náttúru og umhverfi.


Óefnislegar eignir

Á grundvelli starfsleyfis LV og áratugastarfsemi hefur byggst upp þekking og fyrirtækjamenning sem styður við þróun þjónustu og starfshátta, öguð vinnubrögð og frumkvæðishugsun. Óefnislegar eignir felast m.a. í jákvæðri ímynd, upplýsingakerfum sjóðsins, mannauði, þekkingu á starfsemi hans og viðskiptasamböndum.

Efnislegar eignir

Núverandi eignasöfn, skrifstofuhúsnæði, skrifstofubúnaður og upplýsingakerfi.

Starfsemi LV



Eftirlit

FME, innri- og ytri endurskoðun, tryggingastærðfræðingur, endurskoðunarnefnd, áhættustýring, starfsfólk og stjórn LV

Regluverk

Lög, reglugerðir, reglur FME, kjarasamningar, samþykktir LV og aðrar reglur

Virðisauki

Fjármagn

- Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga til framfærslu.
- Áhrif á hagvöxt og velsæld í formi fjármögnunar og fjárfestingar, einkum í innlendu hagkerfi

Mannauður

- Þekking, reynsla og fagmennska
- Jafnvægi á milli vinnu og einkalífs
- Vinnuumhverfi sem styður við starfsþróun og velliðan í starfi

Samfélag

- Aukið vægi greiðslna lífeyris í samfélaginu gagnvart greiðslum frá ríki og sveitarfélögum
- Áhrif á hagvöxt og velsæld með langtíma-fjárfestingum í innlendu hagkerfi
- Jákvæð áhrif á stjórnarhætti fyrirtækja

Náttúra og umhverfi

- Sjóðurinn getur haft jákvæð áhrif á umhverfislega og félagslega þætti
- Mæling á umhverfisþáttum sem varða rekstur sjóðsins
- Aukin áhersla á greiningu umhverfisþátta og félagslegra þátta við mat á fjárfestingar-kostum og eignasafni
- Uppbyggilegt aðhald gagnvart innlendum félögum sem sjóðurinn er hluthafi í

Óefnislegar eignir

- Þekking
- Þjónustugæði
- Öryggi í þjónustu
- Traust
- Skilvirk upplýsingakerfi og ferlar
- Viðskiptasambönd

Efnislegar eignir


- Eignasöfn og upplýsingakerfi sem styðja við rekstur sjóðsins

Haghafar og mikilvægisgreining

Gagnlegt er fyrir starfsemi LV að hafa gott yfirlit yfir haghafa sjóðsins. Það auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið að sinna. Einnig gerir það sjóðinn betur í stakk búinn til að fylgjast með sjónarmiðum og áhrifum haghafa sem eru í aðstöðu til að hafa bein eða óbein áhrif á starf hans og þá hagsmuni sem hann gætir.

Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi og geta haft áhrif á starfsemi skipulagsheilda. Þarfir, kröfur og áhrifavald haghafa getur haft áhrif á starfsemi LV og mótun ýmissa stefna og reglna. Þar má nefna samþykktir, fjárfestingarstefnu, stefnu um ábyrgar fjárfestingar, áhættustefnu, siða- og samskiptareglur, stefnu varðandi upplýsingamiðlun, mannauðsstefnu og starfskjarastefnu.

Um lykilhaghafa og aðra haghafa (innri og ytri)



Nánari umfjöllun um haghafa lífeyrissjóðsins má finna í árs- og sjálfbæriskýrslu sjóðsins fyrir árin 2022 og 2021 og í sjálfbæriskýrslu hans fyrir árið 2020.

Samskipti við haghafa

Sjóðurinn aflar reglulega þekkingar á þörfum sjóðfélaga með samtölum, upplýsingum úr gögnum sjóðsins, skrásetningu og úrvinnslu ábendinga með eigin gögnum en jafnframt með sérhæfðum könnunum meðal sjóðfélaga og almennings.

Ársfundir sjóðsins eru vettvangur ítarlegrar upplýsingamiðlunar um afkomu liðins árs. Allir sjóðfélagar hafa rétt til setu á fundinum og er hann auglýstur í fjölmiðlum. Sjóðurinn nýtir einnig samfélagsmiðla og birtir ítarlegt yfirlit yfir réttindi, framreikning og greiðslur sjóðfélaga á mínum síðum á mitt.live.is.

Þær áherslur sem koma fram í samtölum, könnunum og rýni meðal haghafa eru leiðarljós í ákvörðunum stjórnenda og starfsfólks á degi hverjum.


Mikilvægisgreining

Árið 2022 var framkvæmd mikilvægisgreining meðal sjóðfélaga, starfsfólks og stjórnar til að kanna viðhorf til áhrifa sjálfbærrar þróunar á efnahags-, umhverfis- og félagslega þætti. Niðurstöður þeirrar greiningar eru hér endurbirtar frá árs- og sjálfbæriskýrslu sjóðsins fyrir árið 2024. Svarendur forgangsroðuðu áherslum sjóðsins eftir mikilvægi jákvæðra áhrifa á sjálfbæra þróun.

Helstu niðurstöður þeirrar greiningar voru þær að haghafar voru sammála um að leggja bæri mesta áherslu á góða stjórnarhætti, ábyrgar fjárfestingar, persónuvernd og öryggi gagna, mannréttindi og réttindi starfsfólks og jafnrétti.

Í árslok 2025 hófst vinna við gerð tvöfaldrar mikilvægisgreiningar fyrir starfsemi sjóðsins í þeim tilgangi að byggja betri grunn fyrir forgangsroðun mikilvægra verkefna í rekstri sjóðsins. Vinna við greininguna er ekki lokið. Ráðgert er að kynna niðurstöðu greiningarinnar á árinu 2026.

Mikilvægisgreining sjálfbærniþátta LV





II. Lífeyrisafurðir

Stóra myndin, þróun lífeyris og iðgjalda,
tryggingafræðileg staða

Lífeyrissjóðurinn starfrækir þrjár réttindadeildir, sameignardeild og tvær séreignardeildir, fyrir almenna séreign og tilgreinda séreign.

- » Sameignardeildin, A-deild, er langstærsta réttindadeildin. Meginafurð hennar er ævilangur lífeyrir en auk þess áfallalífeyrir sem veitir mikilvæg tryggingaréttindi í formi örorku-, maka- og barnalífeyris.
- » Séreignardeildirnar eru tvær, B-deild fyrir almenna séreign og C-deild fyrir tilgreinda séreign. Eignir sjóðfélaga í séreign eru ávaxtaðar í fjórum eignasöfnum, Ævileiðum I, II og III sem og Verðbréfaeið sem er lokað fyrir nýjum samningum.

Yfirlit yfir lífeyrisafurðir LV

Sameignardeild		Séreignardeildir	
A-deild		Almenn séreign B-deild	Tilgreind séreign C-deild
Upphaf töku ævilangs lífeyris frá 60 til 80 ára. Eingreiðsla ef mánaðargreiðsla er undir 7.154 kr. miðað við janúar 2026.	Útgreiðsla vegna aldurs	Frá 60 ára aldri.	Frá 62 ára aldri, dreift a.m.k. til 67 ára. Eingreiðsluviðmið 1.896.830 kr. miðað við janúar 2026. Laus að fullu frá 67 ára.
Örorkulífeyrir ef orkutap er metið 50% eða meira, sjóðfélagi hafi greitt í lífeyrissjóði að lágmarki í tvö ár og orðið fyrir tekjutapi.	Vegna orkutaps	Greitt út á sjö árum ef yfir eingreiðslumörkum 1.896.830 kr. miðað við janúar 2026.	
Makalífeyrir er 60% af réttindum sjóðfélaga, greiddur í lágmark fimm ár, þrjú ár fullur og tvö ár hálfur. Barnalífeyrir vegna andláts og örorku.	Við andlát	Inneign greidd til erfingja í samræmi við hjúskapar- og erfðalög.	
Skipting réttinda milli hjóna fyrir 65 ára aldur og fyrir lífeyristöku.	Skipting	Skipting séreignar milli hjóna, sömu skilyrði.	

Yfirlit yfir greidd iðgjöld og útgreiðslu lífeyris
árin 2024 og 2025

Iðgjöld, fjöldi sjóðfélaga
og launagreiðenda

	Sameignardeild		Séreign		Tilgreind séreign	
	2025	2024	2025	2024	2025	2024
Iðgjöld til LV í m.kr.	47.877	46.487	2.524	2.198	1.515	1.397
Heildarfjöldi sjóðfélaga	49.691	49.075	4.614	4.236	3.994	3.792
Fjöldi launagreiðenda	10.804	10.697	2.357	2.174	2.192	2.033

Sameign

	Fjöldi einstaklinga á lífeyri		Lífeyrisgreiðslur í m.kr.	
	2025	2024	2025	2024
Ævilangur lífeyrir	21.889	20.683	35.411	31.228
Örorkulífeyrir	5.804	5.647	6.599	6.087
Makalífeyrir	2.131	1.995	1.594	1.494
Barnalífeyrir	703	711	199	196
Samtals	28.970	27.577	43.803	39.005

Séreign

	Fjöldi einstaklinga sem fá greitt vegna		Lífeyrisgreiðslur í m.kr.	
	2025	2024	2025	2024
Séreign	937	850	1.059	836
Lán og húsnæðissparnaður	1.276	1.199	548	496
Samtals	2.213	2.049	1.607	1.332

Sameignardeild


Sameignardeildin er stærst af þremur réttindadeildum sjóðsins. Hér er m.a. gerð grein fyrir þróun fjárhæðar inngreiðslna og lífeyrisgreiðslna, fjölda greiðandi sjóðfélaga og sjóðfélaga á lífeyri. Upplýsingar um eignir sameignardeildar eru í kafla III um eignasöfn.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga

Lífeyrisgreiðslur úr sameignardeild námu 43.803 milljónum króna og hækkuðu um 12,3% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og hækka miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem hækkaði um 3,7% 2025.

Lífeyrisgreiðslur


í milljónum króna



Fjöldi sjóðfélaga á lífeyri


Sjóðfélagar sem fengu greiddan lífeyri voru 30.527 á árinu 2025 og fjölgaði þeim um 5,1% frá fyrra ári. Hér taldir eru þeir sem hafa fengið greitt úr fleiri en einni tegund lífeyris. Lífeyrir sameignardeildar í hlutfalli af iðgjöldum, svokölluð lífeyrisbyrði, nam 92,2% á árinu 2025 en var 83,6% árið áður.

Fjöldi lífeyrisþega



Á árinu 2025 hófu 2.496 sjóðfélagar töku eftirlauna en þeir voru 2.860 árið áður. Þar af voru 744 eða 29,8% sjóðfélaga sem hófu töku lífeyris við 67 ára aldur. Þá hófu 54,2% töku fyrir 67 ára aldur.


Aldur við lífeyristöku



Örorkulífeyrir: Fjöldi og fjárhæðir

Þeim sem eru á örorkulífeyri hjá sjóðnum hefur fjölgað um 2,8% milli ára.

Örorkulífeyrir og fjöldi örorkulífeyrisþega




Löggjöld til sameignardeildar

Greidd löggjöld til sjóðsins hafa aukist undanfarin ár. Hækkun milli ára 2024 og 2025 var um 3,0%.

Löggjöld


í milljónum króna



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár.


Fjöldi greiðandi sjóðfélaga 2014–2024



Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild

Alls eiga rúmlega 192 þúsund sjóðfélagar réttindi í sameignardeild og hefur þeim fjölgað úr rúmlega 156 þúsund frá árinu 2015.

Heildarfjöldi sjóðfélaga sem eiga réttindi í sameignardeild



Séreignardeild


LV rekur tvær séreignardeildir, aðra fyrir almenna séreign og hina fyrir tilgreinda séreign. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum leiðum eins og nefnt hefur verið framar í þessum kafla og fjallað er um í kafla III um eignasöfn LV.

Löggjöld til séreignardeildar

Löggjöld til séreignardeildar námu 4.039 milljónum króna á árinu 2025 en 3.595 milljónum árið 2024.

Löggjöld í séreign 2021–2025

í milljónum króna




Útgreiðslur úr séreignardeild

Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild árið 2025 námu alls 1.607 milljónum króna en voru 1.332 milljónir árið 2024. Undir útgreiðslu séreignar eru útgreiðslur vegna aldurs, fasteignasparnaðar, fráfalls og örorku.

Útgreiðslur úr séreign 2021–2025

í milljónum króna



Tryggingafræðileg staða

Tryggingastærðfræðingur lífeyrissjóðsins gerir árlega tryggingafræðilega athugun á fjárhag sameignardeildar. Stjórn sjóðsins fer yfir niðurstöðurnar og kynnir þær á ársfundi.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun hf. Hann er ráðinn af stjórn.

Hvað felst í tryggingafræðilegri athugun

Í tryggingafræðilegri athugun er metið hvort jafnvægi sé á milli heildareigna og heildarskuldbindinga lífeyrissjóðsins. Þannig er annars vegar lagt mat á hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris, ásamt reiknuðu núvirði áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Hins vegar er lagt mat á núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og áætlaðra framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga. Ein helsta niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar er tryggingafræðileg staða. Hún segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisréttindum sjóðfélaga.

Við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda er reglum samkvæmt notuð 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs.

Ítarlegar reglur um tryggingafræðilega athugun eru í lögum nr. 129/1997, m.a. í 24. og 39. gr., reglugerð nr. 391/1998, samþykktum sjóðsins og leiðbeinandi reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana.

Réttindi sjóðfélaga og væntur lífeyrir


Réttindi sjóðfélaga eru byggð á lögum og samþykktum sjóðsins, iðgjöldum og ávöxtun. Sá lífeyrir sem sjóðfélagar mega vænta getur orðið lægri eða hærri eftir því hvernig til tekst að ávaxta eignir sjóðsins til framtíðar. Þá hafa ýmsir lýðfræðilegir þættir áhrif á getu sjóðsins til að greiða lífeyri þar sem sjóðurinn er sameignarsjóður sem veitir rétt til ævilangs lífeyris, auk örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris. Þróun ævilengdar sjóðfélaga, lífslíkur, er sá lýðfræðilegi þáttur sem hefur mest áhrif á tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Örorku- og endurhæfingarlíkur hafa einnig töluverð áhrif og aðrir lýðfræðilegir þættir sem hafa áhrif eru hjúskaparstaða og tíðni barneigna.

Samkvæmt lögum skal gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef tryggingafræðileg staða hans er hærri en 10% eða lægri en -10%. Sama gildir ef tryggingafræðileg staða er hærri en 5% eða lægri en -5% fimm ár í röð. Breytingarnar snúa þá að því að koma tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins nær jafnvægi með því að hækka eða lækka réttindi sjóðfélaga eftir því hvernig staða sjóðsins er á hverjum tíma. Sjóðfélagar bera þess vegna þá áhættu sem felst í að ávaxta iðgjöld og eignir sjóðsins sem og lýðfræðilega áhættu.


Staða sjóðsins

Tryggingafræðileg staða var -5,4% í lok árs 2025 en var -4,3% árið áður. Verðbólga hafði neikvæð áhrif þar sem áunnin réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð. Einnig höfðu uppfærðar örorku- og endurhæfingarlíkur lítillega áhrif til lækkunar.

Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



Breyting á tryggingafræðilegri stöðu árið 2025





III. Eignasöfn

Leiðarljós, staða, þróun og horfur í sameign og séreign

Íslenska lífeyriskerfið er stórt í samanburði við íslenskt hagkerfi og var um 174% af vergri landsframleiðslu (VLF) í lok þriðja ársfjórðungs árið 2025. Eignasöfn LV námu til samanburðar tæplega þriðjungi af VLF á sama tíma. Þá er LV annar stærsti sjóður íslenska lífeyriskerfisins og taldi um 17% af heildareignum þess í lok árs 2025 en sameignardeildin taldi 19,4% af heildareignum sameignardeilda lífeyrissjóða í árslok 2024.³


Eignasöfn LV eru fimm talsins, eitt fyrir sameignardeild og fjögur fyrir séreignardeildir. Hrein eign LV til greiðslu lífeyris nam 1.566 milljörðum króna í árslok 2025. Eignasöfnin hafa stækkað jafnt og þétt síðustu ár ef frá er talið árið 2022 þegar aðstæður á fjármálamörkuðum voru erfiðar. Vöxtinn má einkum rekja til góðrar ávöxtunar en samanlagður hagnaður (fjármunatekjur) undanfarin tíu ár nemur ríflega 834 milljörðum króna sem samsvarar til um rúmlega helmingi af eignum sameignardeildar í árslok 2025.

³ Talnagögn frá [Seðlabanka Íslands](#) og [Hagstofu Íslands](#).

Sameignardeild

Sameignardeild LV er stærsta eignasafn lífeyrissjóðsins. Eignunum er ætlað að standa undir lífeyrisgreiðslum í formi ævilangs lífeyris og áfallalífeyris. Hrein eign safnsins til greiðslu lífeyris nam ríflega 1.524 milljörðum króna í árslok 2025 og fjárfestingartekjur á árinu námu rúmlega 104 milljörðum króna.

Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris í milljörðum króna



Hrein nafnávöxtun sameignardeildar var 7,0% og hrein raunávöxtun 3,2%. Ávöxtun lækkar á milli ára en í fyrra nam hrein nafnávöxtun 12,4% og hrein raunávöxtun 7,3%.


Yfirlit yfir hreina ávöxtun, rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum

Tímabil	Árleg hrein nafnávöxtun	Árleg hrein raunávöxtun
5 ár	8,1%	1,8%
10 ár	8,5%	4,0%
20 ár	8,4%	3,2%
2025	7,0%	3,2%

Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME eins og birtist í ársreikningi.

Ávöxtun ársins 2025, sem nam 7,0% nafnávöxtun, er ekki langt frá meðaltali ávöxtunar síðastliðinn áratug. Ávöxtun eignamarkaða var heilt yfir með ágætum á árinu en áhrif gjaldmiðla, einkum veiking USD á alþjóðamörkuðum, hafði töluverð áhrif á ávöxtun í krónum talið.

Hrein nafnávöxtun sameignardeildar




Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME (ekki daglegt gengi eigna).

Næsta mynd sýnir samanburð á ávöxtun eignaflokka á milli áranna 2024 og 2025. Nokkuð svipuð ávöxtun var á innlendu eignaflokkunum en erlendu eignaflokkarnir gáfu eftir á milli ára sem skýrist að mestu leyti af veikingu USD gagnvart ISK.

Samanburður á nafnávöxtun eignaflokka árin 2024 og 2025


Nafnávöxtun flokka sameignardeildar



Ávöxtun eignasafna samanborið við viðmiðunarvísitölur

Góður árangur náðist í stýringu eignasafns samtryggingardeildar á árinu 2025 samanborið við viðmiðunarvísitölu eignasafnsins. Eins og fram kemur á myndinni nam umframávöxtun 1,6% árið 2025 en síðustu 5 ár hefur eignasafnið skilað 0,2% betri árangri en viðmið á ársgrunni.

Ávöxtun sameignar samanborið við viðmið



Allir eignaflokkar utan erlendra hlutabréfa skiluðu ávöxtun umfram viðmið á árinu.

Innlend hlutabréf: Einna mest munaði um 15,6% umframávöxtun innlendra skráðra hlutabréfa sem stafar fyrst og fremst af lítilli eign sjóðsins í útflutningsfyrirtækjum og á móti yfirvigt í fjármálafyrirtækjum og smásölufyrirtækjum.

Innlend skuldabréf skiluðu ávöxtun á pari við eða umfram viðmiðunarvísitölu. Ávöxtunin leiðir að hluta til af uppgjöri ÍL sjóðs þar sem íbúðabréfum var skipt fyrir ríkisskuldabréf, innlend skuldabréf og reiðufé. Sala íbúðabréfanna var á lægri ávöxtunarkröfu en bókfært virði hjá LV og reiknast því gengishagnaður á árinu í kjölfar skiptanna.

Erlend hlutabréf sjóðsins er að megninu til ávaxtað í skráðum hlutabréfum og að nokkru leyti í framtakssjóðum (e. private equity). Viðmið eignaflokksins tekur sem stendur einungis mið af skráðum hlutabréfum. Sé horft á eignaflokkinn í heild sinni skilaði hann 7,7% ávöxtun samanborið við 9,7% ávöxtun viðmiðs en skráði hlutinn skilaði 0,1% ávöxtun umfram viðmið. Lakari ávöxtun erlendra framtakssjóða skýrist einkum af tveimur þáttum. Annars vegar er eignasafnið ungt og því enn að hluta til í uppbyggingarfasa, sem leiðir til svonefndrar J-kúrfu á fyrstu árum fjárfestinga. Hins vegar er eðli framtaksfjárfestinga þannig að verðmat þeirra breytist hægar og fylgir því síður sveiflum á skráðum hlutabréfamörkuðum og þess sér t.a.m. stað nú þegar veruleg hækkun varð á skráðum hlutabréfum. Samhliða nýrri fjárfestingarstefnu á vormánuðum er stefnt að því að endurspegla aukið vægi framtakssjóða í eignasafninu með vísitölu þeim tengdu.


Erlend skuldabréf lækkuðu um 1,1% á árinu 2025 samanborið við lækkun viðmiðs um 2,0%. Viðmiðið tekur einkum mið af skuldabréfum í fjárfestingarflokki (e. investment grade) en við stýringu eignaflokksins er lögð áhersla fjárfestingar í bréfum sem bera hærri vexti, svo sem hávaxtabréf (e. high-yield).

Framlag eignaflokka til ávöxtunar

Erlend hlutabréf skiluðu hæsta framlagi til ávöxtunar á liðnu ári enda er vægi þeirra þyngst í eignasafninu. Heilt yfir var ávöxtun eignaflokka nokkuð jafnt dreifð hvort sem litið er til hlutabréfa eða skuldabréfa. Veiking bandaríkjadals hafði þó neikvæð áhrif á ávöxtun erlendra eigna og endurspeglast það sérstaklega í ávöxtun erlendra skuldabréfa.


Næsta mynd sýnir framlag einstakra eignaflokka til ávöxtunar án kostnaðar. Hæsta framlag til ávöxtunar ársins kom frá erlendum hlutabréfum.

Framlag eignaflokka til hreinnar nafnávöxtunar sameignardeildar 2025




Undanfarin 10 ár hefur vægi hlutabréfa hækkað sem hlutfall af eignasafni sameignardeildar. Það felur í sér meiri áhættu en ella en á móti má vænta hærri ávöxtunar til lengri tíma lítið.

Vægi hluta- og skuldabréfa í eignasafni sameignardeildar




Til að draga úr áhættu eignasafns tengdu íslensku hagkerfi hefur vægi erlendra eigna verið aukið undanfarin ár. Um 50% af heildareignum sameignardeildar voru erlendar eignir í árslok 2025 og hefur hlutfall þeirra hækkað um rúm 10 prósentustig frá árinu 2019.

Vægi erlendra eigna sameignardeildar




Eins og fram kemur í fjárfestingarstefnu sjóðsins er lögð áhersla á áhættudreifingu í eignasafninu. Erlendar eignir eru mikilvægur þáttur í því samhengi. Sé horft til undirliggjandi eigna má sjá að eignasafnið telur nú ríflega 44 þúsund eignir sem dreifast á fjölda landssvæða og sex heimsálfur, þar af er 50% heildareigna að finna innan Íslands, 35% í Norður-Ameríku og 10% í Evrópu.

Landfræðileg skipting eignasafna LV



Eignasamsetning sameignardeildar tók litlum breytingum á árinu eins og sést á eftirfarandi mynd.

Eignasamsetning sameignardeildar 2024 og 2025



Lífeyrissjóðurinn birti fjárfestingarstefnu sína fyrir árið 2026 í nóvember 2025. Litlar breytingar voru gerðar á stefnunni að sinni. Finna má greinargóðar upplýsingar um áherslur og markmið við stýringu eignasafna sjóðsins í fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2026 sem er aðgengileg á vef sjóðsins.⁴ Eins og fram hefur komið hóf sjóðurinn samstarf við Mercer um skilgreiningu ávöxtunarmarkmiða og strategískt eignasafn á liðnu ári. Vænta má þess að uppfærð fjárfestingarstefna liti dagsins ljós um mitt ár 2026.


⁴ [Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2026](#).

Séreignardeildir

Réttindadeildir fyrir séreignarsparnað eru tvær. Annars vegar B-deild fyrir almenna séreign og hins vegar C-deild fyrir tilgreinda. Eignir séreignardeilda eru ávaxtaðar í fjórum ávöxtunarleiðum: Ævileið I, Ævileið II, Ævileið III og Verðbréfaeið. Ævileiðirnar voru stofnaðar árið 2017. Verðbréfaeið hefur verið starfsrækt frá 1999 en tekur ekki lengur við nýjum samningum. Eignir í séreignardeildum námu 42 milljörðum króna í lok árs 2025 en voru 37 milljarðar króna í árslok 2024. Nánari upplýsingar um hverja ávöxtunarleið er að finna í fjárfestingarstefnu sjóðsins.⁵

Þróun heildareigna séreignardeilda

í milljörðum króna




⁵ [Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2026](#).

Verðbréfareið

Fjárfestingarstefna Verðbréfareiðar endurspeglar fjárfestingarstefnu sameignardeildar LV. Hrein nafnávöxtun Verðbréfareiðar á árinu 2025 var 6,9%. Hrein meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 1,8%. Líkt og með sameignarleið voru litlar breytingar gerðar á samsetningu innlenda hluta eignasafns sameignardeildar. Finna má greinargóðar upplýsingar um áherslur og markmið við stýringu eignasafna sjóðsins í fjárfestingarstefnu LV fyrir árið 2026 sem er aðgengileg á vef hans.⁶

Hrein nafnávöxtun Verðbréfareiðar




Ávöxtun er reiknuð skv. reglum FME (ekki daglegt gengi eigna).
Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Ávöxtun eignasafna samanborið við viðmiðunarvísitölur

Stýring Verðbréfareiðar skilaði einnig góðum árangri á árinu. Umframávöxtun eignasafnsins nam 1,6% samanborið við viðmiðunarvísitölu en síðustu 5 ár hefur eignasafnið skilað 0,2% betri árangri en viðmið á ársgrunni.

Ávöxtun Verðbréfareiðar samanborið við viðmið



Allir eignaflokkar utan erlendra hlutabréfa skiluðu ávöxtun umfram viðmiði á árinu.

⁶ [Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2026](#).


Innlend hlutabréf: Einna mest munaði um 15,6% umframávöxtun innlendra skráðra hlutabréfa sem stafar fyrst og fremst af lítilli eign sjóðsins í útflutningsfyrirtækjum og á móti yfirvigt í fjármálafyrirtækjum og smásölufyrirtækjum.

Innlend skuldabréf skiluðu ávöxtun á pari við eða umfram viðmiðunarvísitölu. Ávöxtunin leiðir að hluta til af uppgjöri ÍL sjóðs þar sem íbúðabréfum var skipt fyrir ríkisskuldabréf, innlend skuldabréf og reiðufé. Sala íbúðabréfanna var á lægri ávöxtunarkröfu en bókfært virði hjá LV og reiknast því gengishagnaður á árinu í kjölfar skiptanna.

Erlend hlutabréf sjóðsins er að meginstefnu ávöxtuð í skráðum hlutabréfum og að nokkru leyti í framtakssjóðum (e. private equity). Viðmið eignaflokksins tekur sem stendur einungis mið af skráðum hlutabréfum. Sé horft á eignaflokkinn í heild sinni skilaði hann 7,7% ávöxtun samanborið við 9,7% ávöxtun viðmiðs (í krónum talið) en skráði hlutinn skilaði 0,1% ávöxtun umfram viðmið. Lakari ávöxtun erlendra framtakssjóða skýrist einkum af tveimur þáttum. Annars vegar er eignasafnið í framtakssjóðum ungt og því enn að hluta til í uppbyggingarfasa, sem leiðir til svo-nefndrar J-kúrfu á fyrstu árum fjárfestinga. Hins vegar er eðli framtaksfjárfestinga þannig að verðmat þeirra breytist hægar og fylgir því síður sveiflum á skráðum hlutabréfamörkuðum. Samhliða nýrri fjárfestingarstefnu á vormánuðum er stefnt að því að endurspeglar aukið vægi framtakssjóða í eignasafninu með sérstakri vísitölu því tengdu.

Erlend skuldabréf lækkuðu um 1,1% á árinu 2025 samanborið við lækkun viðmiðs um 2,0%. Viðmiðið tekur einkum mið af skuldabréfum í fjárfestingarflokki (e. investment grade) en við stýringu eignaflokksins er lögð áhersla fjárfestingar í bréfum sem bera hærri vexti, svo sem hávaxtabréf (e. high-yield).


Eignasamsetning Verðbréfaleiðar í árslok 2025



Ævileið I

Fjárfestingarstefna Ævileiðar I heimilar fjárfestingu m.a. í hlutabréfum og skulda-
bréfum, skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjár-
málagerningum. Stefnt er að því að vægi erlendra eigna sé um 35% af heildareignum
Ævileiðar I. Þessi leið hentar þeim sem ávaxta séreignarsparnað til lengri tíma en
markmiðið er að skila góðri langtímaávöxtun að teknu tillit til áhættu með skilvirkri
eignadreifingu. Hrein nafnávöxtun Ævileiðar I var jákvæð um 8,2% í árslok 2025.

Hrein nafnávöxtun Ævileiðar I




Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Síðustu ár hefur ávöxtun leiðarinnar að öllu jöfnu verið jákvæð að undanskildu árinu
2022 þegar ávöxtun hennar var neikvæð. Það er að mestu rakið til neikvæðrar afkomu
hlutabréfamarkaða. Samkvæmt fjárfestingarstefnu 2026 er stefnt að því að safnið
skiptist í 50% hlutabréf og 50% skuldabréf.

Ávöxtun í samanburði við viðmiðunarvísitölu Ævileiðar I

Góður árangur náðist í stýringu Ævileiðar I á árinu 2025. Umframávöxtun eigna-
safnsins nam 3,3% samanborið við viðmiðunarvísitölu og undanfarin 5 ár hefur stýring
eigna skilað 1,0% ávöxtun umfram viðmið á ársgrunni.

Ávöxtun Ævileiðar I samanborið við viðmið




Innlend hlutabréf skiluðu 14,4% ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu. Þessi árangur skýrist fyrst og fremst af undirvigt sjóðsins í útflutningsfyrirtækjum og á móti yfirvigt í fjármála- og smásölufyrirtækjum.

Innlend skuldabréf skiluðu ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu í öllum skuldabréfaflokkum, en umframávöxtunin nam á bilinu 1,2% til 2,0%.

Erlend hlutabréf skiluðu 0,3% umframávöxtun samanborið við viðmiðunarvísitölu flokksins. Öll hlutabréfaeign ævileiðarinnar samanstendur af skráðum hlutabréfum.

Erlend skuldabréf lækkuðu um 3,9% á árinu 2025 samanborið við lækkun viðmiðs um 2,0%.


Eignasamsetning Ævileiðar I í árslok 2025



Ævileið II

Ævileið II horfir einkum til meðallangs tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Hún hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum. Nafnávöxtun Ævileiðar II var jákvæð um 8,1% árið 2025.

Hrein nafnávöxtun Ævileiðar II




Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Markmið leiðarinnar er að um 18,7% heildareigna hennar fari í fjárfestingar erlendis.

Ávöxtun í samanburði við viðmiðunarvísitölu Ævileiðar II

Stýring Ævileiðar II skilaði einnig góðum árangri á árinu. Umframávöxtun eignasafnsins nam 2,5% samanborið við viðmiðunarvísitölu undanfarin 5 ár hefur stýring eignasafnsins skilað 1,0% ávöxtun umfram viðmið á ársgrunni.

Ávöxtun Ævileiðar II samanborið við viðmið




Innlend hlutabréf skiluðu 14,4% ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu. Þessi árangur skýrist fyrst og fremst af undirvigt sjóðsins í útflutningsfyrirtækjum og á móti yfirvigt í fjármála- og smásölufyrirtækjum.

Innlend skuldabréf skiluðu ávöxtun umfram viðmiðunarvísitölu í öllum skuldabréfaflokkum, en umframávöxtunin nam á bilinu 0,8% til 2,0%.

Erlend hlutabréf skiluðu 0,7% umframávöxtun samanborið við viðmiðunarvísitölu flokksins. Öll hlutabréfaeign ævileiðarinnar samanstendur af skráðum hlutabréfum.

Erlend skuldabréf lækkuðu um 4,1% á árinu 2025 samanborið við lækkun viðmiðs um 2,0%.


Eignasamsetning Ævileiðar II í árslok 2025



Ævileið III

Áhætta Ævileiðar III er takmörkuð við samsetningu skuldabréfa og innlána. Markmið safnsins er að varðveita áunna eign en skila um leið jákvæðri raunávöxtun. Ævileið III horfir til meðallangs eða skemmri tíma við ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Hrein nafnávöxtun Ævileiðar III var jákvæð um 8,6% á árinu 2025.

Hrein nafnávöxtun Ævileiðar III




*Árleg nafnávöxtun í árslok m.v. gengi. Rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu fjárfestir Ævileið III í skuldabréfum, hlutdeildar-skríteinum og innlánum. Stefnt er að því að 80% safnsins séu í skuldabréfum og 20% í innlánum eða lausafjársgjöldum. Hlutabréf eru ekki hluti af fjárfestingarmengi Ævileiðar III.

Ávöxtun í samanburði við viðmiðunarvísitölu Ævileiðar III

Góður árangur náðist í stýringu Ævileiðar III sem skilaði umframávöxtun samanborið við viðmiðunarvísitölu upp á 0,8%. Undanfarin 5 ár hefur stýring eigna skilað 1,0% ávöxtun umfram viðmið á ársgrunni.


Ávöxtun Ævileiðar III samanborið við viðmið



Eignir Ævileiðar III samanstanda eingöngu af skuldabréfum, peningamarkaðssjóðum og innlánum. Allir skuldabréfaflokkar skiluðu umframávöxtun á bilinu 1,0% til 1,6% miðað við viðmiðunarvísitölur.

Ávöxtun innlána og peningamarkaðssjóða voru 0,5% undir viðmiði og skýrist einkum af innlánsvöxtum sem voru undir 8,5% ávöxtun viðmiðunarvísitölunnar.

Eignasamsetning Ævileiðar III í árslok 2025



Nokkur mikilvæg leiðarljós við umsýslu eignasafna

LV er langtímafjárfestir. Það þýðir að markmið eignasafns sameignardeildar er að ná sem hæstri ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu. Stýring eignasafnsins er strategísk í eðli sínu (horfir til lengri tíma) en um leið er taktískri stýringu eigna beitt. Hún felur í sér áherslur í eignastýringu út frá mati á markaðshorfum til skemmri tíma.

Markmið um háa ávöxtun til lengri tíma fela í sér öllu jafna hærra hlutfall hlutabréfa eins og raunin er í eignasafni sameignardeildar. Þar hefur vægi hlutabréfa af heildar-eignum verið á bilinu 51% til 61% undanfarin fimm ár en hlutfallið var tæp 45% fyrir 10 árum. Hærra vægi hlutabréfa í eignasafni getur einnig endurspeglast í meiri áhættu (sveiflum í ávöxtun) en jafnframt betri ávöxtun til lengri tíma litið eins og hefur verið raunin hjá sameignardeild.

Eitt af leiðarljósum eignastýringar LV er áhersla á ábyrgar fjárfestingar. Þær snúast fyrst og fremst um áhættugreiningu á ófjárhagslegum þáttum sem snúa að fjárhagslega mikilvægum sjálfbærniþáttum. Slík greining kemur til viðbótar við hefðbundna fjármálagreiningu og styður því við ákvörðunartöku. Nánar er fjallað um áherslur sjóðsins í þessum efnum í kafla V um ábyrgar fjárfestingar.

Erlendir fjármálamarkaðir

Heimshagvöxtur mældist 3,3% árið 2025 samkvæmt áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) eða ívið meiri en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Einnig hækkaði AGS spár fyrir heimshagvöxt á næstu árum og er nú gert ráð fyrir 3,3% hagvexti árið 2026 og 3,2% árið 2027.⁷ Þá bendir stofnunin á að tveir mótstæðir kraftar togist á þegar kemur að efnahagshorfum næstu ára. Hækkun tolla og sviptingar í alþjóðastjórnámálum undanfarin misseri fela í sér aukna óvissu í alþjóðaviðskiptum sem getur haft neikvæð áhrif á efnahagsþróun. Á móti vegur að umtalsverð fjárfesting hefur leitað í tækni-geirann, helst drifið áfram aukinni áherslu á gervigreind. Heilt yfir er þó áhættan niður á við hvað hagvaxtarhorfur varðar.

Gert er ráð fyrir að verðbólga á heimsvísu haldi áfram að dragast saman og spáir AGS að verðbólga lækki úr 4,1% árið 2025 í 3,8% á næsta ári og lækki enn frekar í 3,4% árið 2027. Í lok árs 2025 mældist verðbólga 2,7% í Bandaríkjunum⁸ og 1,9% á Evrusvæðinu.⁹ Samhliða minni verðbólguþrýstingí hélt vaxtalækkunarferli áfram í helstu iðnríkjum á síðasta ári. Í Bandaríkjunum voru meginvextir seðlabankans lækkaðir úr 4,5% í 3,75% og á Evrusvæðinu voru meginvextir lækkaðir úr 3,0% í 2,0% árið 2025. Væntingar eru um hægara vaxtalækkunarferli á nýju ári í helstu iðnríkjum en vaxandi áhyggjur eru af verðbólguhorfum og sjálfbærni opinberra fjármála beggja vegna Atlantshafsins. Því er ekki útilokað að vextir haldist jafnvel óbreyttir á nýju ári en það mun ráðast af verðbólguþróun næstu missera.

Sveiflur voru á skuldabréfamörkuðum á síðasta ári, sérstaklega í kringum tilkynningu nýrrar tollastefnu Bandaríkjanna á vormánuðum 2025 þar sem ávöxtunarkrafa hækkaði. Markaðir róuðust þó þegar leið á árið. Krafan á 10 ára bandarísku ríkisskuldabréfi stóð hæst í 4,8% í byrjun síðasta árs en fór svo lækkandi samhliða vaxtalækkunum bandaríska seðlabankans og endaði krafan í 4,2%. Ólík þróun var í Evrópu en þar hækkaði ávöxtunarkrafa lengri ríkisbréfa í iðnríkjum eins og Þýskalandi og

Frakklandi, þrátt fyrir litla verðbólgu og vaxtalækkunir á nýliðnu ári. Heilt yfir var þó árið 2025 farsælt fyrir skuldabréfafjárfesta og var ávöxtun skuldabréfa á heimsvísu (Bloomberg Global Agg Treasuries Total Index) jákvæð um 8,2% m.v. bandaríkjadál.

Á síðasta ári var ávöxtun hlutabréfa einnig góð þrátt fyrir hækkun tolla og aukna óvissu í alþjóðaviðskiptum. Vísitala heimshlutabréfa MSCI World hækkaði um 21,1% í bandaríkjadál í fyrra og kemur það í kjölfar 19,0% hækkunar árið 2024 og 24% ávöxtun 2023. Á síðasta ári var betri dreifing á ávöxtun milli atvinnugeira í Bandaríkjunum en fyrri ár en tæknigeirinn hefur leitt hækkunir vestanhafs undanfarin ár. Einnig var góð dreifing á ávöxtun milli landssvæða.

⁷ World Economic Update January 2026.

⁸ US Bureau of Labor Statistics.

⁹ Eurostat.

Innlendir fjármálamarkaðir

Hérlendis mældist hagvöxtur 1,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Fyrir árið í heild áætlað Seðlabanki Íslands að hagvöxtur verði 0,9% en spáir 1,6% hagvexti árið 2026.¹⁰ Hægari hagvöxtur í fyrra skýrist helst af óhagstæðu framlagi utanríkisviðskipta og hóflegum vexti einkaneyslu. Áföll eins og stöðvun kísilmálmframleiðslu PCC á Bakka um óákveðinn tíma, bilun í rafbúnaði Norðuráls og gjaldþrot Play höfðu neikvæð áhrif á útflutningsgreinar í fyrra. Horfur útflutningsgeirans á næsta ári hafa einnig versnað sem skýrir lægri hagvaxtar-spá fyrir árið 2026.

Í upphafi árs 2025 mældist verðbólga 4,6% þar sem húsnæðisliðurinn vó þyngst. Þegar leið á árið dró úr hækkun húsnæðisliðarins en á móti jukust verðhækkanir á innlendum vörum og þjónustu og endaði ársverðbólgan í 4,5%. Verðbólgan reyndist því þrálátari í fyrra en ýmsar spár gerðu ráð fyrir en á sama tíma voru merki um hægari efnahagsumsvif og minni spennu á vinnumarkaði. Meginvextir Seðlabanka Íslands námu 8,50% í byrjun árs 2025 en þrjár vaxtalækkunir voru tilkynntar árið 2025 og enduðu meginvextir bankans í 7,25%.

Á skuldabréfamarkaði voru mestar breytingar á ávöxtunarkröfu styttri ríkisbréfa þar sem stutt óverðtryggð ríkisbréf lækkuðu mest í kröfu. Á móti hækkaði ávöxtunarkrafa lengri ríkisbréfa lítillega. Verðbólguvæntingar á skuldabréfamarkaði lækkuðu framan af ári en hækkuðu svo aftur í lok árs vegna hækkunar verðbólgu í desember 2025. Nafnávöxtun innlendu skuldabréfavísitölunnar NOMXIBB var 7,5% árið 2025. Á sama tíma hækkaði vísitala fimm ára óverðtryggðra ríkisbréfa OMXI5YNI um 8,2% og vísitala fimm ára verðtryggðra ríkisbréfa OMXI5YI hækkaði um 7,0% á árinu.

Heildarvísitala innlendra hlutabréfa (OMXIGI) skilaði neikvæðri ávöxtun upp á -5,9% á árinu. Þrátt fyrir það var ávöxtun LV í innlendum skráðum hlutabréfum talsvert betri eða um 9,7%. Dreifni ávöxtunar einstakra félaga var talsverð þar sem segja má að rúmlega helmingur félaga hafi verið með jákvæða ávöxtun og tæplega helmingur

félaga neikvæða ávöxtun. Félög sem hækkuðu mest einkennast af langri og stöðugri rekstrarsögu, traustri arðsemi og reglulegum arðgreiðslum og endurkaupum. Helst ber þar að nefna bankana: Arion, Íslandsbanka og Kviku og smásölufélögin Festi og Haga. Þau félög sem lækkuðu mest einkennast af sveiflukenndari afkomu, neikvæðu sjóðstreymi og erfiðara ytra umhverfi. Viðsnúningur í afkomu þessara félaga stóðst ekki væntingar sem endurspeglast í lækkun hlutabréfaverðs. Helst ber þar að nefna gjaldþrot Play og talsverða lækkun hjá Alvotech, SÝN og Icelandair. Eignasafn LV er töluvert þyngra í fyrrnefnda flokksnum sem skýrir mun á ávöxtun sjóðsins og viðmiðs.

Gengi krónunnar veiktist um 2,2% á móti evru á síðasta ári. Hins vegar styrktist krónan um 10,4% á móti bandaríkjadal sem er mesta styrking innan árs frá árinu 2016. Má rekja það að mestum hluta til veikingar bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum heims. Almennt er staða þjóðarbúsins góð en ýmis merki eru um aukinn slaka í þjóðarbúinu, minni spennu á vinnumarkaði á sama tíma og verðbólga hefur verið þrálát. Líklegt er að verðbólga hjaðni á nýju ári samhliða slaka í hagkerfinu og kólnun á húsnæðismarkaði. Þá er líklegt að vaxtalækkunarferli Seðlabankans haldi áfram eftir því sem verðbólga og verðbólguvæntingar þokast nær markmiði Seðlabankans.

¹⁰ Peningamál 2025/1.



IV. Ábyrgar fjárfestingar

Stefna, framkvæmd, árið, komandi verkefni og samstarf

Meginhlutverk LV er að hámarka ávöxtun eignasafna sjóðsins að teknu tilliti til áhættu og ná þannig eins miklum réttindum sjóðfélaga og unnt er. Lífeyrissjóðir eru í eðli sínu langtímafjárfestar, með langtíma skuldbindingar og þurfa að horfa á þætti sem eru líklegir til þess að hafa áhrif á ávöxtun þeirra til lengri tíma. Lífeyrissjóðum ber m.a. að byggja greiningar sínar á upplýsingum um öryggi, gæði, lausafjárstöðu og hafa arðsemi safnsins í heild í huga, tryggja fjölbreytni og koma í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu. Þá kveða lífeyrissjóðir einnig á um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðisleg viðmið. Það fellur þannig undir umboðsskyldu lífeyrissjóðsins að sýna ábyrgð þegar kemur að fjárfestingum. Þá hefur Seðlabanki Íslands einnig kallað eftir því og talið tímabært að setja skýrari ákvæði í lög um lífeyrissjóði sem gera kröfur um að þeir taki tillit til sjálfbærniþátta og áhættu sem þeim tengist við töku fjárfestingarákvarðana í samræmi við löggjöf annarra á fjármálamarkaði. Undanfarið ár hefur LV unnið markvisst að því að framkvæma stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og innleitt aðferðafræðina í verklag og ákvörðunartöku í fjárfestingarferli sjóðsins.

Það sem keyrir ábyrgar fjárfestingar áfram er almenn vitneskja um að **sjálf-
bærniþættir** eins og umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir geti
haft fjárhagsleg áhrif á virði félaga. Með því að verðleggja þessa þætti má
grípa tækifæri og greina áhættur.

Fjárhagslegur ávinningur er hámarkaður og áhættu stýrt

Með því að beita aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga í eignastýringu er verið að greina
fleiri þætti sem kunna að hafa áhrif á fjárhagslega afkomu fjárfestingarkosts en
hefðbundnar fjármálagreiningar gera ráð fyrir. Það þýðir að greiningar eru ítarlegri,
mengi áhættupátta sem horft er til er stærra og meira af upplýsingum er safnað.
Þannig má greina bæði tækifæri og áhættu sem getur farið eftir því í hvaða atvinnu-
grein viðkomandi útgefandi starfar og hvaða markaðssvæði eða landssvæði um er að
ræða. Sjálfbærniáhætta nær meðal annars yfir umhverfisþætti, félagslega þætti og
stjórnarhætti en einnig mannréttindi og viðskiptasiðferði. Verðmætasköpun þarf að
vera sjálfbær svo fjárfesting sé lífvænleg til lengri tíma.

Hugtakið sjálfbær fjárfesting hefur nú verið lögfest með lögum nr. 25/2023 um
upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálf-
bærar fjárfestingar. Þessi löggjöf nær yfir lífeyrissjóði. Skilgreiningu á hugtakinu
sjálfbær fjárfesting má finna í innleiddri reglugerð Evrópuþingsins nr. 2019/2088 um
upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (svokölluð SFDR-reglu-
gerð) en hana er að finna í 17. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar.

Ábyrgar fjárfestingar LV 2025 - örskotsmynd

Samtal við útgefendur

Ný hluthafastefna komin í framkvæmd

Áherslur árið 2025 voru á tilnefningar-nefndir og starfskjara-stefnur.

Stefnur LV sem styðja við ábyrgar fjárfestingar

- Stefna um ábyrgar fjárfestingar (2021)
- Stefna um útilokun í eignasöfnum (2021)
- Hluthafastefna (2023)
- Sjálfbærnistefna (2025)

Önnur verkefni á árinu

- Stjórnarseta og samstarf við IcelandSIF
- Samstarf við Sustainalytics og innleiðing á sjálfbærnigagnagrunni
- Kortlagning á SFDR og EU Taxonomy
- Greining á sjálfbærniáhættu niður á atvinnugreinar og útgefendur
- Samstarf við Creditinfo um sjálfbærnigögn
- Skýrsla um helstu neikvæð áhrif eignasafns á sjálfbærniþætti birt (PAI-skýrsla)




Útilokun

LV útilokar fjárfestingar í:

- Tóbaksframleiðslu
- Framleiðslu á umdeildum vopnum
- Fyrirtækjum sem rekja hluta tekna til námuvinnslu á
 - Olíusandi
 - Olíuleirsteini
 - Kolum til hitunar
- Útgefendum sem brjóta gegn alþjóðasamningum (UNGC)

Í árslok 2025 voru **77** félög á útilokunarlista LV. Þau má sjá á heimasíðu sjóðsins hér:

[Útilokun fjárfestingarkosta - Lífeyrissjóður verzlunarmanna](#)



Viðmið



Greining á neikvæðum áhrifum fjárfestinga (PAI) fyrir árið 2024 leiddi eftirfarandi í ljós

- Loftslagsmál: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1, 2 og 3) sem LV fjármagnaði nam 151.073 tonnum af kolefnisígildum.
- Kolefnisspor: Kolefnisspor umfangs 1 og 2 var 16,29 á hverja milljón evra fjárfestingu.
- Jarðefnaeldsneyti: 13,21% af greindu eignasafni (tvö félög) tengjast starfsemi í jarðefnaeldsneytisgeiranum.
- Stjórnarhættir og fjölbreytni: Meðaltalshlutfall kvenna í stjórnnum þeirra félaga sem greiningin náði til var 42,45%.
- Siðferði í viðskiptum: Ekkert félag í greiningunni gerðist brotlegt við meginreglur Sameinuðu þjóðanna (UNGC) á tímabilinu.

PRI – reglur um ábyrgar fjárfestingar

Lífeyrissjóðurinn gerðist aðili að samtökunum Principles of Responsible Investing (PRI) árið 2006. Með aðildinni skuldbindur sjóðurinn sig til að innleiða og samþætta sex meginmarkmið samtakanna við fjárfestingar sínar.

Af hverju ábyrgar fjárfestingar? Félög eru einungis sjálfbær til framtíðar taki þau til greina alla áhættuþætti sem þau standa frammi fyrir í rekstri sínum. Þau þurfa að hafa til staðar mildunaraðgerðir og vera tilbúin að takast á við umbreytingar til að vera sjálfbær.

Um hvað snúast ábyrgar fjárfestingar samkvæmt PRI? Að áhættuleiðrétta fjárfestingarákvarðanir með hliðsjón af öllum fjárhagslegum áhættuþáttum og hámarka þannig fjárhagslegan ávinning um leið.

Hvernig innleiðir LV ábyrgar fjárfestingar í samræmi við PRI? Árið 2021 gaf LV út stefnu um ábyrgar fjárfestingar en markmið stefnunnar, sem byggist á markmiðum og reglum PRI, er að auka áherslu á sjálfbærar fjárfestingar og samþætta aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við eignastýringu og auka gagnsæi í fjárfestingum. Þá samþykkti stjórn fyrstu sjálfbærnistefnu sjóðsins í janúar 2025.

LV telur að þessar áherslur séu í takt við umboðsskyldu sjóðsins sem byggist m.a. á gildandi lögum og mikilvægi á greiningu viðeigandi áhættuþátta og tækifæra. Í þessu sambandi er m.a. vísað til 1. mgr. 36. gr. laga um lífeyrissjóði, ákvæði gerða ESB SFDR og EU Taxonomy sem gilda um starfsemi lífeyrissjóðsins sem og ákvæði laga um ársreikninga sem mæla fyrir um að sjóðurinn greini og birti sjálfbærniupplýsingar sem varða starfsemi hans.

UM PRI

PRI stendur fyrir ábyrgar fjárfestingar (e. Principles of Responsible Investments). Samtökin PRI voru stofnuð af alþjóðlegum hópi stofnanafjárfesta í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar árið 2005 að frumkvæði Kofis Annans þáverandi aðalritara. PRI eru óhagnaðardrifin samtök sem eru studd af Sameinuðu þjóðunum. Yfir fimm þúsund meðlimir eru í samtökunum, þar af eru 752 „Asset owners“ og tilheyrir LV þeim flokki. LV er þannig í hópi fjórtán íslenskra meðlima en þar af eru fjórir lífeyrissjóðir.

Markmið samtakanna er að hvetja til ábyrga fjárfestinga, styðja við þá vegferð og fræða. Samtökin hafa birt sex meginreglur um ábyrgar fjárfestingar sem eiga að endurspegla mikilvægi umhverfis, samfélags og stjórnarháttanna í fjárfestingum fjárfesta. Aðilar skuldbinda sig til að innleiða þessar meginreglur.


Samtökin eru vettvangur fjárfesta, opinberra aðila og fræðasamfélagsins til að hittast og þróa fræðin, besta aðferðafræði og auka gagnsæi.

Samtökin starfrækja PRI ACADEMY sem er fræðsluarmur þeirra. Markmiðið er að bjóða upp á námskeið til að fylla inn í þekkingargloppur þegar kemur að sjálfbærnimálum. Allir starfsmenn eignastýringar hafa lokið við námskeið hjá samtökunum.

Meginreglur PRI eru sex talsins

Regla 1 Við munum taka mið af UFS-þáttum við greiningar á fjárfestingum og við ákvörðunartöku.	Regla 2 Við erum virkur eigandi. Eigendastefna okkar sem og verk okkar munu taka mið af UFS-þáttum.	Regla 3 Við munum gera kröfu um góða upplýsingagjöf um UFS-þætti hjá félögum sem við fjárfestum í.
Regla 4 Við munum beita okkur fyrir því að aðrir á fjármálamarkaðnum viðurkenni og innleiði þessar meginreglur.	Regla 5 Við munum vinna saman að því að efla árangur við innleiðingu á meginreglunum.	Regla 6 Við munum gefa upplýsingar um verkefni okkar og árangur við innleiðingu á meginreglunum.

SUMMARY SCORECARD



Stigakort LV árið 2024 vegna ársins 2023

LV svarar reglulega spurninga-könnun PRI. Um yfirgripsmikla spurningakönnun er að ræða þar sem farið er yfir framkvæmd LV á aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga við eignastýringu.

Samkvæmt endurgjöf frá PRI árið 2024 hefur LV bætt sig töluvert frá fyrri árum. Hærri stigagjöf má að miklu leyti rekja til stefnu-mörkunar stjórnar og aukinnar áherslu sjóðsins á ábyrgar fjárfestingar og samþættingu sjálfbærni í eignasöfnum sjóðsins. Sjóðnum var valfrjálst að svara spurningakönnun fyrir 2024 og var ákveðið að biða með það vegna stefnumörkunar þegar kemur að ábyrgum fjárfestingum eignasafna.

Ljóst er að tækifæri eru enn til staðar til að bæta árangur sjóðsins þegar kemur að ábyrgum fjárfestingum og liggja þau einkum í samtali og eftirliti með útgefendum og stýrendum og eftirliti með loftslagsáhættu.

Verkefni LV árið 2025 í ábyrgum fjárfestingum

Á árinu var unnið að fjölmörgum verkefnum tengdum ábyrgum fjárfestingum.

Í júní 2025 birti sjóðurinn fyrstu yfirlýsingu sína um helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impacts – PAI) í samræmi við SFDR-reglugerð Evrópusambandsins. Í skýrslunni er miðað við árið 2024.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Loftslagsmál: Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1, 2 og 3) sem LV fjármagnaði nam 151.073 tonnum af kolefnisígildum (tCO₂e).
- Kolefnisspor: Kolefnisspor umfangs 1 og 2 var 16,29 tCO₂e á hverja milljón evra fjárfestingu.
- Jarðefnaeldsneyti: 13,21% af greindu eignasafni (tvö félög) tengjast starfsemi í jarðefnaeldsneytisgeiranum.
- Stjórnarhættir og fjölbreytni: Meðaltalshlutfall kvenna í stjórnnum þeirra félaga sem greiningin náði til var 42,45%.
- Siðferði í viðskiptum: Ekkert félag í greiningunni gerðist brotlegt við meginreglur Sameinuðu þjóðanna (UNG) á tímabilinu.

Starfsmaður eignastýringar sat áfram í stjórn IcelandSIF og sjóðurinn var virkur m.a. með þátttöku í pallborðum og umræðum almennt um sjálfbærnimál. Samstarfi við Sustainalytics var haldið áfram, m.a. með virku samtali og uppbyggingu á sjálfbærnigagnagrunni. Þá var áframhald á samstarfi við Creditinfo varðandi sjálfbærni-gögn úr Veru, sjálfbærnilausn félagsins fyrir innlend félög.

Áfram var haldið á þeirri vegferð að efla samstarf við PRI. Það felst m.a. í aukinni áherslu á greiningarvinnu og aðlögun að viðmiðum PRI. Sjóðurinn bindur væntingar við enn hækkandi einkunnagjöf þegar kemur að skýrslugjöf vegna 2025.

Starfsfólk sjóðsins sótti ýmsa fræðslufundi og ráðstefnur hér heima, m.a. á vegum Festu, IcelandSIF og Sustainalytics auk ýmissa fræðslufunda og ráðstefna á vegum stýrenda sem búa yfir stórum sjálfbærniteymum og sérfræðingum í þeim efnum. Auk þess fóru starfsmenn á vegum sjóðsins til Noregs á ráðstefnu NordicSIF um sjálfbærar fjárfestingar þar sem áhersla var lögð á vísindin á bak við sjálfbærni, upplýsingagjöf og túlkun gagna, umbreytingaáhættu vegna loftslagsbreytinga og umbreytingar á orkumarkaði.¹¹ Samhliða því voru tveir eignastýrendur á sviði sjálfbærni heimsóttir.

Á árinu var jafnframt unnið viðamikið verkefni þar sem kannaðir voru kostir og gallar þess að setja sjóðnum markmið þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda annars vegar og hins vegar markmið um tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Niðurstaðan var að setja sjóðnum ekki markmið þessu tengdu að svo komnu máli.

¹¹ Samantekt frá ráðstefnu NordicSif árið 2024.

Virkt eignarhald

Undanfarin ár hefur lífeyrissjóðurinn lagt áherslu á að fylgjast með og byggja upp þekkingu og færni við beitingu virks eignarhalds í tengslum við umsýslu eignasafna sjóðsins. Virkt eignarhald byggist m.a. á því að eiga virk samskipti við útgefendur um stefnur og áherslur sjóðsins eins og þær birtast í hluthafastefnu LV. LV leggur m.a. áherslu á góða stjórnarhætti, að félög fylgi góðum viðskiptaháttum og setji sér stefnur sem tengjast sjálfbærni. Hluthafastefnu LV eru gerð góð skil á heimasíðu sjóðsins.¹²

Fyrir aðalfundi félaga á sér stað ítarleg greining þvert á svið lífeyrissjóðsins þar sem farið er yfir tillögur og fundarefni sem lagt er fyrir á aðalfundi. LV nýtir almennt atkvæðisrétt sinn á aðalfundum íslenskra félaga og gerir grein fyrir atkvæðagreiðslu sinni á heimasíðu sjóðsins.¹³

Sem fyrr birtir sjóðurinn upplýsingar um ráðstöfun atkvæða innlendra félaga á heimasíðu sinni. Á árinu 2025 var stigið stórt skref með umsýslu erlendra hlutabréfasafna sjóðsins þegar þau voru færð úr verðbréfasjóðum yfir í sérgreind söfn. Það gefur sjóðnum tækifæri til að greiða atkvæði í samræmi við hluthafastefnu sjóðsins á erlendum eignum í mun meiri mæli en áður var hægt. Ráðgert er að stíga fyrstu skrefin í þessa veru á árinu 2026.

¹² [Hluthafastefna LV](#).

¹³ [Ráðstöfun atkvæða á aðalfundum](#).

Loftslagstengd upplýsingagjöf

Loftslagsáhætta, mæling hennar og greining er mikilvægur og vaxandi áhættuþáttur í eignasöfnum lífeyrissjóðsins og í sambærilegum eignasöfnum almennt. Þar er mat á fjármagnaðri losun eignasafna lykilatríði.

Loftslagsáhætta skiptist í umbreytingaáhættu og raunlæga áhættu.¹⁴ Báðir áhættuþættirnir geta haft mikil fjárhagsleg áhrif á félög. Félög sem vinna eftir áætlun um orkuskipti, þ.e. færa sig frá notkun jarðefnaeldsneytis yfir í endurnýjanlega orkugjafa, eru líkleg til að milda loftslagsáhættuna sem þau standa frammi fyrir. Með því geta þau m.a. aukið viðnámsþrótt sinn og styrkt samkeppnisstöðu sína til lengri tíma litið og komið í veg fyrir að þau endi með strandaðar eignir (e. stranded assets). Slík fyrirtæki í eignasöfnum LV eru til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á áhættuleiðrétta ávöxtun sjóðsins.

Þegar frammistaða félaga í loftslagsmálum er metin er nauðsynlegt að meta sérstöðu viðkomandi atvinnugreinar. Skilvirk orkuskipti byggjast á því að áhersla sé lögð á umbreytingafjárfestingar í atvinnugreinum sem losa mikið magn gróðurhúsalofttegunda, til að mynda orkuframleiðslu, námuvinnslu, samgöngur og húsbyggingar. Fjárfesting í umbreytingafyrirtækjum er því skilvirk leið til að draga úr neikvæðri þróun í loftslagsmálum. Hér skiptir máli að mæla kolefnisfótspor fyrirtækjanna og fylgjast með fjármagnaðri losun eignasafnsins. Í þessu ferli skapast líka tækifæri til að greina eftirsóknarverða fjárfestingarkosti.

¹⁴ Algengast er að skipta loftslagsáhættu í tvo meginflokka. Annars vegar er talað um raunlæga áhættu (e. physical risk) sem stafar beint af loftslagsbreytingunum sjálfum og hins vegar umbreytingaáhættu (e. transition risk) sem kemur til vegna aðgerða til að stemma stigu við þeim. Slíkar aðgerðir geta t.d. leitt til minnkandi eftirspurnar eftir tilteknum vörum og þjónustu eða að ákveðnar eignir verði verðlausar. Heimild: Seðlabanki Íslands – [Seðlabanki Íslands | Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu](#).



V. Áhættustýring

Inntak, markmið, framkvæmd, áskoranir
og verkefni á döfinni

Áhættustýring LV er byggð á stefnum stjórnar, áhættustefnu og áhættustýringarstefnu. Stefnurnar byggjast á ákvæðum laga, reglugerða og öðrum gildum viðmiðum.

Markmið með stefnunum er að auka öryggi í rekstri með virkri áhættustýringu. Lögð er áhersla á að:

- » stefnurnar og framkvæmd þeirra séu virkir þættir í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum sjóðsins í stefnumótandi málum, við innleiðingu og í daglegum rekstri.
- » stjórn, stjórnendur og annað starfsfólk hafi góða sýn yfir helstu áhættuþætti í rekstrinum og þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og meti áhættu við ákvörðunartöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.


Í áhættustefnu sjóðsins er að finna almenna umfjöllun um áhættustýringu LV, skilgreiningu á áhættu í starfsemi sjóðsins, umfjöllun um áhættuvilja og áhættuþol, eftirlitskerfi sjóðsins, viðbrögð við brotum á stefnu og frávikum, umfjöllun um áhættuþætti í rekstri, áhættustýringarstefnu og eigið áhættumat. Áhættustefnuna má finna á vef sjóðsins.

Eftirlitskerfi sjóðsins

Hluti af áhættustýringu er eftirlitskerfi sjóðsins. Það er fjölþátta kerfi sem tekur til mannauðs, verklagsreglna og annarra aðfanga sem nauðsynleg eru til að hægt sé að sinna áhættustýringu, eftirliti og stjórnun áhættuþátta á fullnægjandi hátt. Eftirlitskerfið samanstendur af stefnumörkun, verklagi, aðferðum og skýrslugerð sem nauðsynleg er til að greina, meta, vakta og stýra áhættu með reglubundnum hætti.

Stjórn, stjórnendur, starfsfólk, innri og ytri endurskoðendur ásamt endurskoðunar-nefnd sjóðsins koma að eftirlitskerfinu.

Eftirlitskerfi sjóðsins



Um varnarlínurnar þrjár

- **Fyrsta varnarlína** er mynduð af stjórnendum og starfsfólki hvers starfssviðs. Stjórnendur bera ábyrgð á rekstri sinna sviða og þeirri áhættu sem fylgir. Til þess að lágmarka áhættu hefur hvert starfssvið viðeigandi verklag og eftirlit til staðar sem miðar að því að tryggja að borin séu kennsl á áhættu og eftir atvikum að sé hún sé greind, metin og mæld, að fylgst sé með henni, henni stjórnað og að tilkynnt sé um frávik. Fyrsta varnarlína felur í sér eftirlit með því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ytri og innri kröfur.
- **Aðra varnarlínu** mynda stöðsvið sjóðsins sem styðja starfsfólk og stjórnendur við eftirlit og við að leggja mat á áhættuþætti í rekstri starfssviðanna. Þetta er m.a. gert með skipulegri vöktun, ráðgjöf, framkvæmd eftirlitsaðgerða, úttektum og mati á hlítu. Stöðsviðin eru lögfræðisvið, áhættustýringarsvið, upplýsingatæknisvið, fjármálasvið og rekstrarsvið. Önnur svið eru eignastýringarsvið og lífeyrissvið.
- **Þriðja varnarlína** sjóðsins er innri endurskoðun sem er í höndum sjálfstæðs ytri endurskoðanda. Hann framkvæmir áhættumiðaðar og almennar úttektir á varnarlínu eitt og tvö. Í því felst m.a. að fara yfir fyrirkomulag innri stjórnarháttar, virkni ferla og aðferða til að ganga úr skugga um að fyrstu tvær varnarlínurnar séu traustar og áhrifaríkar og að ferlarnir og aðferðirnar séu framkvæmdar og í stöðugri notkun.

Áhættupættir í starfsemi sjóðsins

Rekstur lífeyrissjóðs er margbrotinn. Í sinni einföldustu mynd tekur sjóðurinn á móti iðgjöldum frá launagreiðendum fyrir hönd sjóðfélaga, ávaxtar þau og greiðir út lífeyri til sjóðfélaga við starfslok og vegna áfalla. Í slíkum rekstri eru fólgnir margvíslegir áhættupættir. Sjóðurinn skiptir þeim í fimm yfirflokka en þeir eru fjárhagsleg áhætta, mótaðilaáhætta, lífeyristryggingaráhætta, rekstraráhætta og sjálfbærniáhætta.

Um veigamikla áhættupætti í starfsemi LV – áhættusnið sjóðsins

Sjóðurinn metur reglulega hvaða áhættupættir eru veigamestir í starfseminni á hverjum tíma. Við mat á áhættupáttum er litið til lengri tíma og byggt m.a. á því hvaða áhrif áhættupættir geti haft á tryggingafræðilega stöðu, hverjar séu líkur á að áhætta raungerist og að hve miklu leyti sé hægt að bregðast við og stýra henni. Þeir áhættupættir sem metnir eru veigamestir í starfsemi sjóðsins eru.

- **Markaðsáhætta:** Til að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga fjárfestir sjóðurinn í verðbréfum sem sveiflast í virði eftir stöðu markaða hverju sinni.
- **Gjaldmiðlaáhætta:** Hluti eignasafna sjóðsins eru erlendar eignir en lífeyrisskuldbindingar hans eru eingöngu í íslenskum krónum. Sveiflur í gengi gjaldmiðla hafa því áhrif á jafnvægi eigna og skuldbindinga sem geta verið jákvæðar eða neikvæðar.
- **Verðbólguáhætta:** Réttindi sjóðfélaga í sameignardeild eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þetta þýðir að allar skuldbindingar sameignardeildar eru verðtryggðar en aðeins hluti af eignum er verðtryggður.
- **Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði:** Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum sameignardeildar til lengri tíma sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar. Einnig hafa breytingar á lýðfræðilegum forsendum áhrif, svo sem lífslíkur og

örorkutiðni. Þegar þessi áhætta raungerist þarf að minnka réttindi sjóðfélaga, þar á meðal greiðslur til einstaklinga á lífeyri. Það þarf að gera til að setja eignir og skuldbindingar nær jafnvægi svo að réttindi sjóðfélaga og lífeyrisgreiðslur séu ekki hærri en tilefni er til. Sjóðfélaginn tekur ávallt þá áhættu sem hlýst af því að ávaxta iðgjöld og eignir sem og áhættuna sem felst í lýðfræðilegum breytingum.

- **Landsáhætta:** Yfir helmingur eignasafns sameignardeildar er innlendar eignir sem getur haft neikvæðar afleiðingar ef illa gengur á innlendum mörkuðum eða yfirleitt í íslensku hagkerfi.
- **Áhætta vegna upplýsinga- og fjarskiptakerfa:** Hér undir fellur allt upplýsinga- fjarskiptatækniumhverfi sjóðsins sem samanstendur meðal annars af netbúnaði, vélbúnaði, hugbúnaði og skýjalausnum. Undanfarin ár hefur sjóðurinn lagt aukna áherslu á stafrænar lausnir í þjónustu við sjóðfélaga. Auk þess hefur sjóðurinn í meira mæli nýtt sér skýjalausnir á sama tíma og netógnir verða sífellt viðameiri þáttur í rekstri fyrirtækja og stofnana og áhætta vegna þeirra eykst til muna. Ástæður aukinnar áhættu eru m.a. þær að aðferðir við netsvik eru að verða þróaðri, s.s. með tilkomu gervigreindar. Þá hefur tilraunum til svika fjölgað mikið í heiminum.

Nánari upplýsingar um áhættupætti í rekstri sameignardeildar og séreignarleiðum sjóðsins eru í skýringum 19–23 í ársreikningi og einnig í kafla 6 í áhættustefnu sem er birt á vef sjóðsins.

Áhættuvilji – hve mikla áhættu er sjóðurinn tilbúinn að taka fyrir hönd sjóðfélaga?

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á rekstri hans. Á hverjum tíma þarf hún að leggja mat á hve mikla áhættu hún er reiðubúin að taka fyrir hönd sjóðfélaga til að rækja það hlutverk sjóðsins að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins.

Áhættuvilji stjórnar endurspeglast í samþykktum, stefnum og innra regluverki sjóðsins. Í áhættustefnu og áhættustýringarstefnu kemur fram hvernig áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, hvernig hún er greind, vöktuð og metin og hvernig sjóðurinn tekur áhættu til meðferðar til að stýra og/eða draga úr áhættu.

Stjórn skilgreinir mælikvarða sem markað áhættuvilja í starfseminni. Áhættuviljinn tekur m.a. mið af aldurssamsetningu sjóðfélaga, lífeyrisbyrði (í tilfalli sameignardeildar), ríkjandi markaðsaðstæðum og lögum og reglum sem varða starfsemi sjóðsins. Mælikvarðarnir taka til helstu áhættuþátta í rekstrinum, svo sem fjárhagslegrar áhættu, mótaðilaáhættu, lífeyrstryggingaráhættu og rekstraráhættu. Áhættustýring hefur reglulegt eftirlit með áhættuvilja stjórnar og öðrum áhættuþáttum í rekstri og upplýsir stjórn reglulega.

Helstu áskoranir á árinu 2025 og fram á veginn

Verðbólga, þróun eignamarkaða og staða heimsmála

Réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Af því leiðir að lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar. Undanfarin ár hefur verðbólga verið í hærra lagi en hefur hjaðnað verulega frá árinu 2023 þegar hún fór hæst í rúm 10%. Það hefur þó hægst á hjöðnuninni og var verðbólgan 4,5% í lok árs. Hún jókst þó nokkuð í janúar 2026 þegar hún mældist 5,2%.

Eignir sjóðsins standa undir lífeyrisskuldbindingum og er sífelld áskorun að ávaxta þær. Ávöxtun ársins 2025 var ágæt og hafði hún ásamt verðbólgu og uppfærsla á örorku- og endurhæfingarlíkum þau áhrif að tryggingafræðileg staða veiktist á árinu og er nú -5,4% en var -4,3% árið áður.

Staða heimsmála eykur óvissu á mörkuðum og mun ávöxtun eigna sjóðsins vera krefjandi þegar horft er fram á veginn. Óvist er hvernig alþjóðastjórnarmál og stríðsátök í heiminum munu þróast og hvernig þau munu hafa áhrif á markaði um allan heim.

Sjá má nánari umfjöllun um eignasöfn sjóðsins, þróun á mörkuðum og verðbólgu-þróun í kafla III um eignasöfn og umfjöllun um tryggingafræðilega stöðu í kafla II um lífeyrisafurðir.

Dómsmál vegna vaxtabreytinga fasteignalána til einstaklinga

Í lok árs 2025 kvað Hæstiréttur upp dóma þar sem reyndi á túlkun lagaákvæða og skilmála skuldabréfa fasteignalána með breytilegum vöxtum til einstaklinga. Í kjölfar dómanna hefur ríkt nokkur óvissa á markaði fyrir þessi lán. Eins og einnig kemur fram í skýrslu stjórnar með ársreikningi fólust viðbrögð sjóðsins meðal annars í því að breyta framboði verðtryggðra lána þannig að einungis var boðið upp á slík lán með föstum vöxtum út lánstímann. Þá var gert tímabundið hlé á veitingu lána með óverðtryggðum vöxtum. Stefnt er að því að bæta við lánaframboð sjóðsins innan tíðar. Unnið er að útfærslu þeirra með hliðsjón af framangreindri réttarþróun.

Með þessum dómum raungerðist hlítar- og lagaáhætta sem tengist skilmálum fasteignalána til einstaklinga.

Vanskil sjóðfélagalána

Þrátt fyrir háa verðbólgu og vexti undanfarin ár hafa vanskil sjóðfélagalána aukist óverulega. Vanskilahlutfall sjóðfélagalána, mælt sem fjárhæð lána í yfir 90 daga vanskilum sem hlutfall af heildarfjárhæð sjóðfélagalána, er nú 0,5% en var 0,7% í lok árs 2024.

Áfram verður fylgst náið með þróun vanskila og býður sjóðurinn sjóðfélögum með lán hjá sjóðnum ýmis úrræði þegar greiðsluferfiðleikar steðja að. Sjá nánar um lán í vanskilum og í greiðsluhléi í skýringu 19.2 og 20.2 í ársreikningi.

Netógnir og varnir gegn þeim – innleiðing DORA

Það er ljóst að auknar netógnir eru komnar til að vera og eru og verða veruleiki einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um ókomin ár. Netþrjótur og netglæpahópar eru sífellt að verða öflugri í aðferðum sínum sem þýðir að setja þarf sífellt meiri auðlindir í að sinna vörnum. Þetta eru auðlindir í mannafla, fjármunum, tíma, tækjum og tólum.

Þessu er ekki öðruvísi farið hjá lífeyrissjóðnum og hefur undanfarin ár verið lögð aukin áhersla á netvarnir til að tryggja samfelldan rekstur og aukin viðnámsþrótt í þessum eignum.

Sjóðurinn leggur mikla áherslu á netöryggi í rekstri sínum og hefur hafið vinnu við innleiðingu reglugerðar um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar í starfsemi sinni, svonefnd DORA-reglugerð (e. Digital Operational Resilience Act) sem mun koma til með að styrkja stafrænan viðnámsþrótt sjóðsins.

Helstu verkefni áhættustýringar á árinu 2025

Greining, mat, vöktun og skýrslugjöf varðandi rekstraráhættu

Meðal áhersluatriða áhættustýringar á árinu var greining, mat, vöktun og skýrslugjöf varðandi rekstraráhættu. Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi og/eða neikvæðum áhrifum á orðspor sjóðsins vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Annað hvert ár hefur áhættustýring framkvæmt rekstraráhættumat fyrir deildir og svið sjóðsins. Á árinu var þessi framkvæmd uppfærð þannig að um meiri samfellu er að ræða og er stefnt að því að jafnaði tvisvar á ári sé matið uppfært í samvinnu við stjórnendur. Úr rekstraráhættumatinu verða til umbótaverkefni sem draga úr rekstraráhættu.

Mörg önnur verkefni sem áhættustýring kom að á árinu snúa að því að draga úr rekstraráhættu.

Eigið áhættumat - greining á sjálfbærniáhættu með áherslu á loftslagsáhættu

Á ári hverju framkvæmir áhættustýring svonefnt eigið áhættumat fyrir stjórn sjóðsins. Á árinu 2025 var ákveðið að setja fókussinn á sjálfbærniáhættu með áherslu á loftslagsáhættu með mögulegum áhrifum á eignir og skuldbindingar sjóðsins.

Í niðurstöðum kom fram að greining og stýring sjálfbærniáhættu og þ.m.t. loftslagsáhættu í eignasöfnum stofnanafjárfesta líkt og LV er, er flókin og margslungin. Það er vegna eðli þeirra áhættuþátta sem um ræðir. Hvað loftslagsáhættu varðar er um að ræða eitthvað sem lítið er hægt að horfa til fortíðar við greiningu og mat. Áhættan raungerist yfir langan tíma, mismikið og alvarlega eftir því hvar undirliggjandi fyrirtæki og aðrir mótaðilar í eignasafni sjóðsins eru.

Loftslagsáhætta er tvíþætt. Hún felst annars vegar í umbreytingaráhættu sem ræðst af þeirri umbreytingu sem þarf að ráðast í með tilheyrandi breytingu á regluverki, sköttum, gjöldum og tæknibreytingum. Hins vegar er um að ræða raunlæga áhættu þar sem alvarleiki hennar mun m.a. velta á hversu hröð og mikil umbreytingin verður.

Það eru margir þættir tengdir loftslagsáhættu sem er nánast ómöguleiki að segja til um, a.m.k. á þessum tímapunkti. Meðal þeirra eru svonefndir vendipunktur. Þar vakna spurningar eins og hvenær gætu orðið vendipunktur á fjármálamörkuðum sem gætu haft mikil áhrif á virði fjárfestinga sjóðsins? Hvort og hvenær er rétti tíminn til að selja ákveðnar eignir? Ef ráðist er í aðgerðir til að milda loftslagsáhættu – getur það aukið aðra fjárhagslega áhættu og haft neikvæð áhrif á ávöxtun?

LV sem eftirlitsskyldur aðili og auknar kröfur

LV er eftirlitsskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Markmið laganna er að eftirlitsskyldir aðilar starfi í samræmi við lög og reglur og starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og taki mið af neytendavernd.

Stjórn, stjórnendur og starfsfólk leggur sig í hvívetna fram við að haga rekstri sjóðsins á sem öruggastan hátt. Á síðasta áratug hafa kröfur eftirlitsaðila, líkt og Seðlabanka Íslands, á lífeyrissjóði aukist umtalsvert. Líklegt er að sú þróun muni halda áfram og kröfur aukast enn meira. Þess sjást merki í sérri Seðlabanka Íslands, útgefnu 2024,¹⁵ um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og riti bankans um stefnumarkandi áherslur við eftirlit á fjármálamarkaði 2025–2027.¹⁶ Á árinu var farið í ítarlega fræðslu fyrir stjórn og starfsfólk um þessa þróun.

Innra þróunar- og tækniumhverfi áhættustýringar

Áhættustýring er mikilvægur hlekkur í eftirlitskerfi sjóðsins og viðhefur ýmiss konar eftirlit, bæði með ýmsum þáttum í starfseminni og einnig með mælikvörðum sem mæla áhættu. Til að nýta auðlindir sem best reynir áhættustýring eftir fremsta megni að hafa keyrslur, ferla og verklag þannig að það sé skilvirkt en sé að sama skapi öflugt og skili þeim árangri sem því er ætlað að ná. Á árinu 2025 fór nokkur vinna í að styrkja innra þróunar- og tækniumhverfi áhættustýringar og mun sú vinna halda áfram á árinu 2026.

¹⁵ Sérri nr. 18: Umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði.

¹⁶ [Stefnumarkandi áherslur við eftirlit á fjármálamarkaði 2025–2027](#).



VI. Stjórnarhættir og stjórnun

Stjórnarhættir, stefnumótun, skipurit, stjórn og yfirstjórn

Stjórnun og stjórnarhættir LV taka mið af hlutverki sjóðsins samkvæmt lögum, samþykktum, innri reglum, leiðbeiningum um stjórnarhætti og öðrum gildum viðmiðum.

Starfsemin markast m.a. af hlutverki sjóðsins við að byggja upp viðtæk lífeyrisréttindi, lífeyrissparnað í séreign og sem vörsluaðila stórra eignasafna sem byggjast á langtímasýn.

Hlítni: LV leggur áherslu á að fylgja eftir reglum og viðurkenndum viðmiðum varðandi stjórnarhætti. Liður í því er skilvirkt skipurit, liðsheild, viðeigandi innri reglur, innra eftirlit og aðhald frá innri og ytri endurskoðun og hagaðilum. Eftirfylgni felst m.a. í aukinni áherslu á upplýsingagjöf sem birtist í skýrslu stjórnar, árs- og sjálfbærni-skýrslu og með viðvarandi upplýsingagjöf sjóðsins. Þá framkvæmir stjórn reglulega mat á starfsháttum sínum.

Langtímastefnumótun: Til að styðja við hlutverk sjóðsins, langtímasýn og uppbyggilega fyrirtækjamenningu hefur LV markað sér stefnu til 2030. Í þessum kafla er gerð grein fyrir mikilvægum þáttum stefnunnar sem lúta að framtíðarsýn, leiðarljósum í starfseminni og skilgreindum grunngildum.

Skipurit: Í kafla þessum er gerð grein fyrir skipuriti sjóðsins sem hefur það markmið að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan hans. Til viðbótar hafa aðildar-samtök LV, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og VR mikilvægt hlutverk í stjórnskipulagi sjóðsins sem og fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið sem veitir sjóðnum starfsleyfi og staðfestir samþykktar-breytingar. Sama er að segja með önnur eftirlitsstjórnvöld eins og Persónuvernd og Samkeppniseftirlitið.

Stjórn og yfirstjórn: LV leggur áherslu á breidd í samsetningu stjórnar og stjórnenda. Í þessum kafla er að finna yfirlit yfir stjórnendur, framkvæmdastjóra og forstöðumenn auk upplýsinga um menntun þeirra, störf og reynslu.

Yfirlit yfir nokkur verkefni frá síðustu árs- og sjálfbærnisráðgjöf

Á árinu 2025 og það sem af er ári 2026 hefur m.a. verið unnið að eftirfarandi verk-efnum sem varða stjórnarhætti sjóðsins:

- **Stefna um hagnýtingu gervigreindar** var samþykkt af stjórn í desember 2025. Tilgangur stefnunnar er að setja ramma um siðferðilega, tæknilega og lagalega notkun gervigreindar í starfseminni. Markmið hennar er að styðja við hagnýtingu gervigreindar á öruggan, ábyrgan og markvissan hátt til að bæta ákvörðunartöku, þjónustu við sjóðfélaga, sjálfvirknivæða ferla og efla nýsköpun.
- **Aðferðafræði sjálfbærni og ábyrga fjárfestinga við umsýslu eignasafna:** Á árinu var framkvæmd ítarleg greining á hvort ætti með markvissum hætti að tengja stýringu eignasafna sjóðsins með beinum hætti við Parísarsáttmálann og/eða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Niðurstaðan var að setja ekki markmið tengd heimsmarkmiðunum en rýna frekar mögulega markmiðssetningu þegar kemur að kolefnislosun. Ráðgert er að niðurstaða þar um liggi fyrir á árinu 2026.
- **Siða- og samskiptareglur** sjóðsins voru uppfærðar í upphafi árs. Þeim er ætlað að styðja við gott viðskiptasiðferði, faglega starfsemi, daga úr líkum á hagsmunaaðreksstrum og styðja við góða framkvæmd með tilliti til umboðsskyldu lífeyrissjóðsins.

Yfirlit yfir nokkur verkefni sem eru á döfinni

Eftirfarandi verkefni eru á meðal þeirra verkefna er varða stjórnarhætti og rekstur næstu misseri:

- **Stefnumótun:** Árið 2021 vann stjórn ásamt stjórnendum að stefnumótun sjóðsins til ársins 2030. Í þeirri vinnu var mörkuð framtíðarsýn og leiðarljós í takt við fyrir- liggjandi gildi sjóðsins. Eins og vikið er að í skýrslu stjórnar með ársreikningi og í umfjöllun í kafla VII um sjálfbærni í starfsemi sjóðsins er gert ráð fyrir því að yfirfara áhersluatriði í stefnumótuninni á árinu 2026, m.a. í ljósi stefnumörkunar varðandi áherslur á sjálfbærniþætti í eignasöfnum LV, framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sem og beitingu aðferðafræði sjálfbærni í annarri starfsemi sjóðsins.
- **Varnir gegn mútum og spillingu:** Á árinu 2026 er ráðgert að setja reglur um varnir gegn mútum og spillingu í samræmi við viðurkennd viðmið.
- **Tvöföld mikilvægisgreining:** Í árslok 2025 hófst vinna við gerð tvöfaldrar mikil- vægisgreiningar fyrir starfsemi sjóðsins í þeim tilgangi að byggja betri grunn fyrir forgangsriðun mikilvægra verkefna í rekstri sjóðsins. Vinnu við greininguna er ekki lokið. Ráðgert er að kynna niðurstöður greiningarinnar á árinu 2026.
- **Öryggi upplýsinga- og fjarskiptakerfa:** Unnið er að innleiðingu margbættra aðgerða til að auka öryggi upplýsingatækniakerfa sjóðsins. Sú vinna byggist meðal annars á innleiðingu reglna svonefndrar DORA-reglugerðar ESB inn í starfsemi sjóðsins. Reglugerðin fjallar um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann. Ráðgert er að innleiðing verði langt komin í lok árs 2026.
- **Almenn þróun:** Áfram verður haldið á þeirri vegferð að þróa stjórnarhætti sjóðsins í takt við þróun laga, viðurkenndra viðmiða og áherslna stjórnar og stjórnenda.

Til viðbótar við umfjöllun í þessum kafla er vísað til annarra kafla í árs- og sjálfbærni- skýrslunni, m.a. til umfjöllunar um viðskiptalíkan LV í kafla I um starfsemi LV, umfjöllunar um aðferðafræði ábyrga fjárfestinga í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar, kafla V um áhættustýringu og kafla VII um sjálfbærni í starfsemi sjóðsins.

Um hlutverk, sýn, vegferð og gildi LV

LV vinnur eftir stefnumótun stjórnar til ársins 2030. Áherslur stefnumótunarinnar og afrakstur einstakra verkefna birtist víða í rekstri sjóðsins og umfjöllun í þessari skýrslu. Meðal þess má nefna:

- Aukna áherslu á upplýsingagjöf til sjóðfélaga.
- Aukna áherslu á langtímasýn við stýringu eignasafna.
- Markvissa innleiðingu laga og annarra reglna um ábyrgar fjárfestingar.
- Rekstur mannauðsstefnu sem styður við starfsemi sjóðsins og eflir góðan vinnustað.
- Viðvarandi verkefni til að tryggja gagnaöryggi.
- Samþætting sjálfbærni í allri starfsemi sjóðsins, þ.e. rekstri, lífeyri og eignasöfnum.

Til að styðja við þessar og fleiri áherslur í rekstri og stefnu LV hefur sjóðurinn útlistað nánar hlutverk, framtíðarsýn, leiðarljós og grunngildi sjóðsins:

Hlutverk

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir. Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu hans og sér um ráðstöfun á fjármagni hans. Hún ávaxtar það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

Framtíðarsýn til 2030

Framtíðarsýn LV er að sjóðurinn sé eftirsóknarverður og leiðandi lífeyrissjóður. Sjóðurinn byggir upp trausta fjárhagslega framtíð sjóðfélaga við starfslok og tryggingar vegna örorku og við fráfall sjóðfélaga. Lífeyrissjóðurinn veitir traustar og áreiðanlegar

upplýsingar sem miðast við þarfir sjóðfélaga á hverjum tíma. Hann ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með gagnsæjum og ábyrgum hætti með samfélagslega ábyrgð að leiðar- ljósi. Hann er fyrirmyndarvinnustaður skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni.

Leiðarljós

Stefna LV til 2030 skiptist í fimm leiðarljós sem koma úr framtíðarsýn sjóðsins. Þessi fimm leiðarljós eða þemu ramma inn áherslur í daglegri starfsemi og eru leiðbeinandi fyrir ákvörðunartöku þannig að unnið sé markvisst í anda framtíðarsýnar lífeyrissjóðsins.

Fimm leiðarljós eða þemu stefnunnar umbreytast í verkefni og áherslur sem mark- visst er unnið að í daglegum störfum sjóðsins. Það er gert í gegnum vel skilgreind verkefni sem eiga augljósan og rekjanlegan uppruna í sýn á framtíðarstöðu sjóðsins árið 2030.

Fram undan eru nokkur ár til að uppfylla og raungera sýnina í gegnum ákvörðunartöku á grundvelli stefnunnar og forgangsstöðu verkefna.

- 1) **Framúrskarandi teymi:** Öflug og kvik liðsheild í hvetjandi umhverfi þar sem lögd er áhersla á skipulagða úrlausn viðfangsefna með samvinnu og góðum samskiptum.
- 2) **Snjöll þjónusta og traustar afurðir:** Geta og hæfni til greiningar og túlkunar á gögnum sjóðfélaga leiðir til aukins ávinnings fyrir sjóðfélaga með auknum skilningi og innsýn.
- 3) **Þjónandi forysta:** LV er til fyrir sjóðfélagana og starfsemin miðar að framtíðinni með djúpum skilningi á fortíð, samtíð og framtíð.
- 4) **Sjálfbær starfsemi:** Hjá LV grundvallast ákvarðanir á forsendum sjálfbærrar þróunar sem endurspeglast í allri starfsemi og skipulagi sjóðsins.
- 5) **Ábyrgar fjárfestingar:** Ákvarðanir um fjárfestingar til ávöxtunar á lífeyriseign sjóðfélaga mótast af sjálfbærri framvindu samfélags, efnahags og umhverfis.


Eins og fram kemur í kafla þessum og skýrslu stjórnar stendur til að yfirfara og endurmeta stefnuviðmið 4 og 5 á árinu 2026.

Grunngildin [e. Values]

Stefnumótun LV og framtíðarsýn er byggð á og styður við grunngildi sjóðsins:

Ábyrgð	Umhyggja	Árangur
Fagmennska, áræði og samviskusemi. Áhersla á vandaða áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Til grundvallar liggja vönduð vinnubrögð, hæft starfsfólk og skýr skilaboð frá stjórn um ábyrg vinnubrögð.	Umhyggja með áherslu á heilindi og ráðvendi. Áhersla á frumkvæði í þjónustu og gott viðmót. Áhersla á að virkja og hvetja starfsfólk í starfi og að vera þátttakendur í stefnu-mótun og markmiðssetningu sjóðsins.	Keppa að settum markmiðum og skila góðu starfi við stjórnun og í öðrum störfum fyrir sjóðinn. Þessi markmið birtast m.a. í áherslum á skilvirkni, arðsemi, stöðugleika í rekstri, starfsánægju, opna stjórnarhætti og vilja til að veita sjóðfélögum á öllum aldri góða þjónustu. Eftirfylgni felst í raunhæfri markmiðssetningu og hvatningu til starfsmanna.

Skipurit



Markmiðið með skipuritinu er að styðja við skilvirkan rekstur og viðskiptalíkan sjóðsins. Skipuritið tekur einnig mið af ákvæðum laga um starfsemi sjóðsins, samþykktum hans og ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga hans, Félags atvinnurekenda, Samtaka atvinnulífsins og VR.

Stjórn er skipuð átta stjórnarmönnum tilnefndum af aðildarfélögum sjóðsins og kjörnum af fulltrúum viðkomandi aðildarfélaga í fulltrúaráði.

Yfirlit yfir mikilvægar innri reglur

Aðildarfélögin skipa jafnframt 50 manna fulltrúaráð sem fundar tvisvar á ári með stjórnendum LV. Fulltrúaráðið fer með atkvæði á ársfundi og greiðir atkvæði um starfs- kjarastefnu, skipan fulltrúa nefndar um laun stjórnarmanna, tillögur um stjórnarlaun, tillögu stjórnar að endurskoðanda og tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar, skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila.

Á skrifstofu sjóðsins eru jafnframt starfræktar fjórar nefndir/fastir starfshópar:

- Lánanefnd (sjóðfélagalán), í umsjón rekstrarsviðs.
- Áhættunefnd, í umsjón áhættustýringarsviðs.
- Nefnd um ábyrgar fjárfestingar, í umsjón eignastýringarsviðs.
- Fjárfestingarráð eignastýringarsviðs.

Ráðgjöf varðandi samþættingu sjálfbærni í starfsemi LV varðandi rekstur, lífeyris- afurðir og eignasöfn er á lögfræðisviði.

Á vef LV, live.is, er aðgengilegt yfirlit yfir helstu stefnur og reglur LV sem varða þætti í starfsemi sjóðsins og lúta að stjórnarháttum hans og starfsemi almennt.

Stjórn

Stjórn LV er skipuð átta stjórnarmönnum, tilnefndum af aðildarsamtökum sjóðsins, VR, Samtökum atvinnulífsins (SA) og Félagi atvinnurekenda (FA) og kjörnum af fulltrúaráði á ársfundi.



Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar, er tilnefndur af SA og tók sæti í stjórn í júní 2020

Jón Ólafur er tilnefndur af SA og tók sæti í stjórn í júní 2020. Hann er formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins auk annarra stjórnar- og ráðgjafarstarfa. Jón starfaði hjá Olís í 27 ár, þar af sem forstjóri í sjö ár. Jón Ólafur er með BSc-gráðu í véltækni frá KTH Kaupmannahöfn, MBA-gráðu með áherslu á fjármál fyrirtækja og MS-gráðu í stjórnun og stefnumörkun í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og AMP diploma frá IESE í Barcelona



Stefán Sveinbjörnsson, varaformaður stjórnar, tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019

Stefán hefur starfað sem framkvæmdastjóri VR frá árinu 2013 og verið í endurskoðunarnefnd sjóðsins frá árinu 2014 að frátöldum árunum 2019–2021. Áður en hann kom til VR starfaði hann sem rekstrarstjóri Háskólans á Bifröst og var áður forstöðumaður fyrirtækjasviðs Sparisjóðs Mýrasýslu. Stefán er með meistarapróf í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, BSc-gráðu í viðskiptalögfræði, BSc-gráðu í viðskiptafræði, diplóma í rekstrarfræðum, próf í verðbréfamiðlun og sveinspróf í rafvirkjun.



Páll Ásgrímsson er tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og tók sæti í stjórn árið 2025

Páll er aðallögfræðingur Sýnar hf. og situr í framkvæmdastjórn félagsins. Áður var Páll einn eigenda lögmannsstofunnar Juris, forstöðumaður og framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel. Hann var yfirlögfræðingur hjá Samkeppnisstofnun og lögfræðingur viðskipta- og iðnaðarráðuneytis. Þá hefur Páll setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf., Skjásins ehf., Já hf. og Byrs hf. Páll er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í Evrópurétti frá London School of Economics, ásamt því að vera með málflutningsréttindi.



Bjarni Þór Sigurðsson er tilnefndur af VR og tók sæti í stjórn 2019

Bjarni hefur viðamikla reynslu af verslunar- og markaðsstörfum og starfar sem markaðs- og auglýsingastjóri hjá Birtingi útgáfu-félagi. Hann hefur setið í miðstjórn ASÍ og í stjórn VR og var varaformaður félagsins 2013 til 2017. Bjarni Þór hefur lokið námi í kvikmyndagerð frá CLCF-kvikmyndaskólanum í París og BS-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Guðmunda Ólafsdóttir er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn 2024

Guðmunda starfar sem framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness. Hún hefur viðtæka reynslu af rekstri í verslun og þjónustu á Íslandi og í Noregi auk þess að starfa við bókhald og innheimtu. Guðmunda hefur lokið MBA-prófi frá Háskóla Íslands.



Guðrún Ragna Garðarsdóttir er tilnefnd af Félagi atvinnu- rekenda (FA) og tók sæti sem aðalmaður í stjórn í mars 2022

Guðrún er framkvæmdastjóri Atlantsolíu og hefur stýrt því fyrirtæki frá 2008. Þar áður starfaði hún við fjármálastjórn í sama fyrirtæki og hjá heildverslun. Guðrún hefur setið í stjórn FA frá 2019 og verið formaður félagsins frá 2021. Hún er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecón gráðu frá HÍ auk þess að hafa lokið meistaraþrófi frá EADA, Barcelona í alþjóðafjármálum og MBA-gráðu frá HÍ.



Helga Ingólfssdóttir er tilnefnd af VR og tók sæti í stjórn í ágúst 2019

Helga starfar við bókhald og verkefnastjórnun. Hún hefur langa reynslu af sveitarstjórnarmálum sem kjörinn fulltrúi og er jafnframt stjórnarmaður í VR og fulltrúi Landssambands íslenskra verslunarmanna í miðstjórn ASÍ. Áður starfaði Helga m.a. við rekstur eigin fyrirtækis og sem framkvæmdastjóri fyrir erlent fyrirtæki með starfsstöð á Íslandi. Helga er viðurkenndur bókarari og hefur lokið rekstrar- og viðskiptanámi frá EHI.



Sigrún Helgadóttir er tilnefnd af SA og tók sæti í stjórn í september 2021

Sigrún er framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga. Hún hefur viðtæka stjórnunarreynslu úr fjármálageiranum en áður en hún hóf störf hjá Norðurali starfaði hún m.a. hjá Kaupþingi, Kauphöllinni í Ósló og Verðbréfaþingi Íslands, nú Nasdaq Ísland. Sigrún er með cand. oecón gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA-gráðu frá Norwegian School of Management (BI).

Framkvæmdastjóri og forstöðumenn

Yfirstjórn sjóðsins er skipuð framkvæmdastjóra og forstöðumönnum sem veita sjö sviðum sjóðsins forstöðu.



Guðmundur P. Þórhallsson framkvæmdastjóri

Guðmundur hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra frá árinu 2009. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, mótar og innleiðir langtímaáherslur í stefnum sjóðsins og samræmir og samþættir helstu aðgerðir hans. Guðmundur er menntaður viðskiptafræðingur með cand. oecon gráðu frá Háskóla Íslands. Hann starfaði áður við eignastýringu lífeyrissjóðsins frá 1997 og á fjármálamarkaði frá 1988.



Tómas Njáll Möller forstöðumaður lögfræðisviðs

Tómas gekk til liðs við LV 2008. Lögfræðisvið veitir stjórn, framkvæmdastjóra og sviðum sjóðsins lögfræðiráðgjöf og vinnur að margþættum viðfangsefnum og hagsmunagæslu. Það veitir ráðgjöf varðandi stjórnarhætti og hefur umsjón með samþættingu sjálfbærni í starfseminni. Á sviðinu starfa þrír lögfræðingar. Tómas er lögfræðingur með lögmannsréttindi. Hann hefur m.a. sótt viðbótarmenntun á sviði stjórnunar, stjórnarháttu, verðbréfavíðskipta sem og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og sjálfbærni í rekstri fyrirtækja. Hann hefur áralanga starfsreynslu úr stjórnsýslu, fastanefnd Íslands gagnvart ESB í Brussel, banka og lífeyrissjóðum.



Arne Vagn Olsen forstöðumaður eignastýringar

Arne gekk til liðs við LV 2018. Eignastýring hefur með höndum daglega stýringu eignasafna sjóðsins, þ.m.t. greiningu markaða, fjárfestingarkosta og ákvarðanir um viðskipti auk samskipta við innlenda og erlenda markaðsaðila og útgefendur fjármálagerninga. Á sviðinu eru átta starfsmenn. Arne Vagn er menntaður sjávarútvegsfræðingur með MBA-gráðu frá Copenhagen Business School auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði frá 1999.



Margrét Kristinsdóttir forstöðumaður lífeyrissviðs

Margrét gekk til liðs við LV 1995. Lífeyrissvið annast lífeyrisráðgjöf, mótar og innleiðir þróun lífeyrisafurða og úrskurð lífeyris. Séreignardeildir sjóðsins eru hluti af lífeyrissviði. Á sviðinu starfa sjö starfsmenn auk þess sem sviðið nýtur þjónustu þriggja trúnaðarlækna. Margrét er með meistaragráðu í rekstrahagfræði frá Universität Trier í Þýskalandi auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Áður en hún kom til LV starfaði hún sem framkvæmdastjóri fyrirtækis á neytendamarkaði.



Magnús Helgason forstöðumaður áhættustýringar

Magnús gekk til liðs við LV 2015. Áhættustýring mótar og innleiðir áhættu- og áhættustýringarstefnu sjóðsins, framkvæmir áhættumat og greiningar og kemur að mótun og framkvæmd eftirlitskerfis sjóðsins. Í áhættustýringu starfa þrír starfsmenn. Magnús er menntaður tölvunarfræðingur og með meistaragráðu í fjármálum og fjárfestingum auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaréttindum. Hann hefur starfað við áhættustýringu í fjármálakerfinu frá 2010.



Brynja Kolbrún Pétursdóttir forstöðumaður fjármálasviðs

Brynja Kolbrún gekk til liðs við sjóðinn í byrjun árs 2025. Fjármálasvið ber m.a. ábyrgð á fjárhagsbókshaldi, miðvinnslu, greiðslu reikninga og ársreikningsgerð. Á fjármálasviði eru sex starfsmenn. Brynja er með MSc-gráðu í fjármálum og alþjóðaviðskiptum frá Aarhus School of Business í Danmörku og BSc-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfaði áður sem forstöðukona fjárfestingar og greininga hjá Orkuveitunni um árabíl.



Haraldur Arason forstöðumaður upplýsingatæknisviðs

Haraldur gekk til liðs við LV 1986. Upplýsingatæknisvið þróar upplýsingakerfi sjóðsins, hefur umsjón með útvistun, notendaþjónustu og rekstri tölvukerfa. Á sviðinu eru níu starfsmenn. Haraldur er menntaður tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði við rekstur tölvukerfa áður en hann hóf störf hjá sjóðnum.

Pétur Sigurðsson tók við starfi forstöðumanns upplýsingatæknisviðs í ársbyrjun 2026.



Hildur Hörn Daðadóttir forstöðumaður rekstrarsviðs

Hildur gekk til liðs við LV 2021. Rekstrarsvið annast innri og ytri þjónustu. Á sviðinu eru 25 starfsmenn í sex deildum: gæðastjórn, mannauður, þjónustuver, kynningar og markaðsstarf, skráning iðgjalda og lánadeild. Hildur Hörn er með BS-gráðu í hótellstjórnun frá UNLV í Bandaríkjunum og MBA-gráðu í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík ásamt því að hafa lokið námskeiði á sviði sjálfbærni í rekstri frá University of Oxford. Hún hefur reynslu af fjölbreyttum störfum úr ýmsum atvinnugeirum þó lengst af á fjármálamörkuðum.

Nánar um stjórnarhætti LV, hlutverk hans og regluverk stjórnkerfis sjóðsins

Ítarlega er fjallað um hlutverk LV, stjórnarhætti og einstaka þætti stjórnkerfis sjóðsins, reglur LV og lagareglur í árlegri stjórnarháttayfirlýsingu sjóðsins sem birt er í viðauka við skýrslu þessa sem fylgir kafla VII um sjálfbærni í starfsemi LV.



VII. Um sjálfbærni í starfseminni

Staðan, áskoranir, vegferðin og UFS upplýsingar

Í þessum kafla er umfjöllun um nokkra þætti sem varða áherslur á sjálfbærni í starfsemi LV, vegferð sjóðsins í þeim efnum sem og upplýsingar um UFS-þætti.

Þá fylgir kaflanum einnig stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins.

Sjálfbærni í starfseminni

Sjálfbærni: Hugtakið sjálfbærni getur verið margþætt hugtak en með sjálfbærni er hér vísað til jafnvægis þriggja grunnstoða sjálfbærni í rekstri: efnahags, samfélags og umhverfis. Sjálfbærni felst meðal annars í því að samfélagið geti þróast og mætt þörfum samtímans án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum.

LV greinir áherslur á sjálfbærni í starfsemi sinni eftir þremur stöðum:

- » rekstri
- » lífeyrisafurðum
- » eignasöfnum

Efnistöð skýrslunnar taka nokkuð mið af því, sbr. umfjöllun í þessum kafla og öðrum köflum skýrslunnar. Í umfjölluninni hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum áhersluverkefnum sem varða sjálfbærni í starfsemi sjóðsins.

Reglur og viðmið

Lög um ársreikninga

Upplýsingagjöf um svonefndar „ófjárhagslegar“ upplýsingar sem er í auknum mæli vísað til sem sjálfbærniupplýsinga og hafa í raun verulega fjárhagslega þýðingu tekur mið af greinum að ákvæðum laga um ársreikninga,¹⁷ einkum greinum 66 og 66-d.

Einnig er stuðst við VSME–staðal ESB fyrir birtingu sjálfbærniupplýsinga fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.¹⁸ Þetta er valkvæður staðall sem Evrópusambandið hefur látið þróa, sérstaklega ætlaður litlum og meðalstórum fyrirtækjum, til að auðvelda þeim að upplýsa um sjálfbærni og samfélagsábyrgð með einfaldari og aðgengilegri hætti. Staðallinn var samþykktur af Evrópusambandinu í júní 2025 og er ætlað að samræma sjálfbærnisráðgjafir innan Evrópu, með áherslu á gagnsæi og ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. LV nýtir staðallinn einkum fyrir upplýsingagjöf um rekstur og eftir atvikum lífeyris- og lánaafurðir sjóðsins og styðst við grunnsniðmát staðalsins (e. Basic module). Upplýsingagjöf varðandi UFS–þætti og sjálfbærni almennt byggist einkum á reglugerð EBS um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar, sbr. lög nr. 25/2023.¹⁹

Viðmið fyrir samræmda skýrslugjöf

Varðandi framsetningu sjálfbærniupplýsinga í skýrslu þessari og skýrslu stjórnar er stuðst við staðal fyrir samþætta skýrslugjöf (e. integrated reporting). Sú nálgun birtist m.a. í því að fjallað er jöfnum höndum um fjárhagsupplýsingar og sjálfbærni–upplýsingar í ársskýrslunni í stað þess að aðskilja þær alfarið í aðskildum köflum. Þessi vegferð, sem ekki er lokið, er liður í að laga upplýsingagjöf og starfsemi sjóðsins að breyttu starfsumhverfi og þróun regluverks og gefa heildstæða mynd af starfsemi hans hvað sjálfbærniáherslur varðar.

Tilvísun til heimsmarkmiðanna

Undanfarin ár hefur lífeyrissjóðurinn vísað til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við framsetningu tiltekinna verkefna í starfsemi sjóðsins, m.a. hvað varðar verkefni sem tengjast viðskiptalíkani sjóðsins og tilgreind verkefni sem varða rekstur, eignasöfn og lífeyrisafurðir hans. Í ár er fallið frá þeirri tilvísun. Ástæðan er sú að það er nú mat sjóðsins að tenging áherslna í starfsemi sjóðsins við tiltekin heimsmarkmið sé ekki nægjanlega markviss og skýr. Næstu skref varðandi skírskotun til heimsmarkmiðanna verða metin, m.a. í tengslum við fyrirhugaða tvíþátta mikilvægisgreiningu fyrir sjóðinn og innleiðingu sjálfbærnistefnu hans sem samþykkt var af stjórn í janúar 2025.

Áhersluatriði árið 2025

Á árinu 2025 var áframhaldandi áhersla lögð á innleiðingu löggjafar um ábyrgar fjárfestingar, einkum reglugerð ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR).

Sjálfbærnistefna LV: Í ársbyrjun 2025 var samþykkt fyrstu heildstæða sjálfbærni–stefna LV. Fram að því hafði stefnan birst í einstökum stefnum LV sem varða viðfangs–efnið og í áherslum í árs– og sjálfbærnisráðgjafum.

Aðferðafræði sjálfbærni og ábyrga fjárfestinga við umsýslu eignasafna: Eins og fram kemur í kafla um stjórnarhætti og í skýrslu stjórnar með ársreikningi var á árinu framkvæmd ítarleg greining á hvort ætti með markvissum hætti að tengja stýringu eignasafna sjóðsins með beinum hætti við Parísarsáttmálann og/eða heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Fjallað er um næstu skref í þeim efnum hér á eftir.

¹⁷ www.althingi.is/lagas/151c/2006003.html.

¹⁸ ec.europa.eu/finance/docs/law/250730-recommendation-vsme-annex-1_en.pdf.

¹⁹ Sjá lög nr. 35/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tvöföld mikilvægisgreining: Unnið var við tvöfalda mikilvægisgreiningu í árslok 2025. Tilgangur greiningarinnar er að byggja betri grunn fyrir forgangsörðun mikilvægra verkefna í rekstri sjóðsins. Vinnu við greininguna er ekki lokið en fjallað er um næstu skref í þeim efnum hér á eftir.

Fram undan á árinu 2026 og áfram

Tvöföld mikilvægisgreining. Tvöföld mikilvægisgreining á starfseminni getur veitt góða leiðsögn þegar kemur að forgangsörðun verkefna sem tengjast sjálfbærni og ábyrgum rekstri. Annars vegar er athyglinni beint að fjárhagslegri greiningu, það er áhrif ytri umhverfis- og félagslegum þáttum í starfsemi sjóðsins með tilliti til greiningar á áhættu og tækifæri. Hins vegar eru skoðuð áhrif sjóðsins út á við á umhverfisþætti og félagslega þætti. Niðurstaða greiningarinnar verður nýtt við áframhaldandi þróun aðferðafræði sjálfbærni í starfsemi sjóðsins. Þar kann að vera lögð aukin áhersla á ákveðna þætti og minni á aðra eftir atvikum.

Aðferðafræði sjálfbærni og ábyrga fjárfestinga við umsýslu eignasafna: Á árinu var gerð ítarleg greining á hvort ætti með markvissum hætti að tengja stýringu eignasafna sjóðsins með beinum hætti við Parísarsáttmálann og/eða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Niðurstaða greiningar á mögulegri tengingu stýringu eignasafna við loftslagmarkmið Parísarsáttmálans og/eða heimsmarkmiðin, sbr. hér að framan, var að setja ekki markmið tengd heimsmarkmiðunum en rýna frekar mögulega markmiðssetningu þegar kemur að kolefnislosun. Ráðgert er að niðurstaða þar um liggi fyrir á árinu 2026.

Stefnumótun: Eins og vikið er að í kafla VI um stjórnarhætti og í skýrslu stjórnar með ársreikningi mótaði LV stefnu fyrir sjóðinn, byggða á fimm leiðarljósum, til ársins 2030. Gert er ráð fyrir því að yfirfara áhersluatriði sem fram koma í leiðarljósunum á árinu 2026, m.a. í ljósi stefnumörkunar varðandi áherslur á sjálfbærniþætti í eigna-söfnum LV, framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sem og beitingu aðferðafræði sjálfbærni í annarri starfsemi sjóðsins.

Mat á loftslagsáhættu: Eins og fram kemur í kafla V um áhættustýringu verður unnið mat á lofslagsáhættu í tengslum við eigið áhættumat fyrir árið 2025. Þar verður sjónum beint að sjálfbærniáhættu, þar á meðal áhættu vegna loftslagsbreytinga.

Þá verður áfram unnið að nánari greiningu á fjármagnaðri losun gróðurhúsalofttegunda og tengdum þáttum í takt við stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar, sbr. nánari umfjöllun í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar.


Áfangar í sjálfbærnivegferð

Á árinu 2025 var haldið áfram á sjálfbærnivegferð sjóðsins. Yfirlitið gefur mynd af henni en enn er ýmislegt óunnið og margar áskoranir fram undan.

Í þessum kafla er vísað í mælikvarða VSME-staðalsins skv. grunnupplýsingum (e. Basic Module). UFS-þættir vísa eingöngu í rekstur skrifstofu LV. Við birtingu UFS-upplýsingaskýrslu síðustu ára var stuðst við GRI-staðlana og birtar eru tölur viðeigandi mælikvarða fyrri ára. Um sjálfbærniþætti í starfsemi eignasafna er vísað í kaflann um ábyrgar fjárfestingar.

B1 Almennar upplýsingar – grunnur að undirbúningi og aðrar almennar upplýsingar

Grunnur að undirbúningi	Birt með hliðsjón af „Basic Module“
Listi yfir undanskildar trúnaðarupplýsingar	Engar upplýsingar eru undanskildar sem óskað er eftir samkvæmt sniðmáti Basic Module
Grunnur skýrslu (samstæðuskýrsla eða fyrirtækjaskýrsla)	Fyrirtækjaskýrsla – ekki er um að ræða samstæðuskýrslu
Lagalegt form	Lífeyrissjóður
ÍSAT-atvinnugreinaflokkun og kennitala	NACE: 65.30
Stærð efnahagsreiknings	1.566 ma. kr.
Velta	108,9 ma. kr.
Fjöldi starfsmanna	65
Aðferð við talningu starfsmanna	Fjöldi starfsmanna og stöðugilda eru lokaárstölur
Land aðalstarfsemi og staðsetning mikilvægra eigna	Lífeyrissjóður verzlunarmanna er á Íslandi með aðsetur í Reykjavík Landfræðilegri skiptingu eignasafna er lýst í kaflanum um eignasöfn



B1 Almennar upplýsingar, vottanir og aðild tengd sjálfbærni



PRI LV hefur verið aðili að PRI frá stofnari samtakanna árið 2006 (Principles for Responsible Investment). Á vef samtakanna segir m.a. um aðildina, í lauslegri þýðingu: „Sem stofnanafjárfestar berum við ábyrgð á því að starfa í þágu langtíma-hagsmuna umbjóðenda okkar. Við teljum það í samræmi við umboð okkar að miða við að umhverfis-, félagslegir og stjórnarhættir (ESG) geti haft áhrif á árangur fjárfestingarsafna – þó í mismiklum mæli eftir fyrirtækjum, atvinnugreinum, svæðum, eignaflokkum og yfir tíma.“



Árið 2025 var fjórða árið sem við unnum eftir jafnlaunakerfi gæðastaðalsins ÍST85:2012. Áður hafði sjóðurinn fengið jafnlaunavottun VR og unnið samkvæmt þeim gæðaviðmiðum frá árinu 2014. Sjóðurinn er með vottun fram til ársins 2028.



FESTA LV hefur verið aðili að Festu frá árinu 2011. Festa – miðstöð um sjálfbærni eru frjáls félagasamtök þar sem einu hagsmunir eru sjálfbærni. Aðildarfélög eru tæplega 200 framúrskarandi fyrirtæki, sveitafélög og stofnanir. Markmið félagsins er að hafa auðgandi áhrif á umhverfi og samfélag.



IcelandSIF LV er stofnaðili að IcelandSif sem stofnað var árið 2017. Tilgangur IcelandSIF er að efla þekkingu félaga á aðferðafræði sjálfbærra fjárfestinga og auka umræður um sjálfbærar fjárfestingar



CIC LV hefur verið aðili að CIC (Climate Investment Coalition) frá árinu 2021. Á vef samtakanna segir, í lauslegri þýðingu: Loftslagsfjárfestingarsamtökin (Climate Investment Coalition, CIC) voru stofnuð af dönsku ríkisstjórninni, Insurance & Pension Denmark, Institutional Investors Group on Climate Change (IIGCC) og World Climate Foundation. CIC er leiðandi alþjóðlegt samstarf milli hins opinbera og einkageirans sem hvetur til metnaðarfullra fjármagnsfjárfestinga í hreina orku og loftslagslausnir, bæði nú og á komandi áratug.

B2 Starfshættir, stefnur og framtíðaráform sem stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi

	Hefur sjóðurinn innleitt sérstaka stefnu eða sýnt frumkvæði á þessu sviði til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi? (Já/Nei)	Hefur sjóðurinn starfshætti, stefnu eða framtíðaráform sem eru aðgengileg opinberlega (Já/Nei)	Hefur sjóðurinn sett markmið sem tengist viðkomandi stefnu? (Já/Nei)
Loftslagsbreytingar	Nei	Nei	Nei
Mengun	Nei	Nei	Nei
Vatns- og hafauðlindir	Nei		
Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Nei	Nei	Nei
Hringrásarhagkerfi	Já	Nei	Nei
Eigið vinnuafli	Já, mannauðsstefna	Já, birt á live.is	Já
Starfsfólk í virðiskeðju	Já, ábyrgar fjárfestingar, innkaupastefna	Já, birt á live.is	Já
Samfélög sem verða fyrir áhrifum	Nei	Nei	Nei
Neytendur og endanotendur	Já, sjálfbærnistefna	Já, birt á live.is	Já
Viðskiptahættir	Já, siða- og samskiptareglur	Já, birt á live.is	Já

Rekstur LV og UFS þættir

Hér er fjallað um rekstur LV með tilliti til UFS-viðmiða, umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Umfjöllunin byggist meðal annars á kröfum í lögum um ársreikninga, grein 66d og VSME-staðli ESB sem unnin var af EFRAG og samþykktur í júlí 2025. Upplýsingarnar eru birtar með hliðsjón að grunnupplýsingum staðalsins (e.Basic Module). Sjóðurinn hefur skrifstofu í Reykjavík og eru UFS-þættir vegna þeirrar starfsaðstöðu skoðaðir. Þetta er níunda árið sem LV miðlar upplýsingum um UFS-þætti reksturs.

Umhverfisþættir og verndun loftslags

LV hefur fylgst með kolefnisfótspori rekstursins frá árinu 2019 en eins og fram hefur komið eru óveruleg umhverfisáhrif af rekstrinum, einkum í samhengi við áhrif eigna-safnanna. GHG-reglur (e. The Greenhouse Gas Protocol) eru nýttar við útreikninga umhverfisáhrifa rekstursins. Fylgst er með losun úrgangs, endurvinnslu og umhverfisáhrifum vegna ferða starfsfólks þar sem mestra áhrifa gætir. Orkustjórn-unarkerfi hefur ekki verið innleitt fyrir reksturinn.

LV leggur áherslu á að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum starfseminnar og stuðla að jákvæðum áhrifum á starfsfólk, samstarfsaðila og aðra haghafa. Starfsemi og rekstur skrifstofu sjóðsins hefur óveruleg umhverfisáhrif en þó er lagt kapp á að stuðla að bættri umhverfisvitund með það að markmiði að draga úr kolefnisspori sjóðsins.

Samkvæmt reglunum er mælingum skipt í umfang:

- Umfang 1 mælir beina losun frá kjarnastarfsemi.
- Umfang 2 mælir óbeina losun vegna orkukaupa.
- Umfang 3 nær til annarrar óbeinnar losunar.

Við útreikninga var stuðst við losunarstuðla frá birgjum. Losunarstuðlar umfangs 2 byggjast á stuðlum frá Veitum og ON. Við útreikninga á umfangi 3 var notast við stuðla frá Veitum, Umhverfisstofnun, Samgöngustofu og Defra. Stuðst var við reiknivél Ícelandair fyrir flug.

Fyrir ferðavenjur starfsfólks var notast við upplýsingar úr könnun meðal starfsfólks sem var framkvæmd í upphafi árs 2026 þar sem meðal annars var spurt um ferðamáta, vegalengdir og fjölda daga sem viðkomandi mætir til vinnu á ári.

B3 Orka og kolefnisfótspor

Engin bein losun reiknast af rekstri sjóðsins. Sjóðurinn á engar bifreiðar og reiknast því engin bein losun vegna eigin ökutækja og eldsneytiskaupa.

Óbein losun, sem fellur undir umfang 2, reiknast vegna rafmagns- og vatnsnotkunar á skrifstofu. Önnur óbein losun, sem fellur undir umfang 3, sýnir losun vegna úrgangs, reiknaðar tölur vegna ferðavenja starfsfólks til og frá vinnu og ferðir á vinnutíma, flugferðir innanlands og utanlandsferðir.

B3 Heildarorkunotkun (MWst)	2025	2024	2023
Heitt vatn MWst	266,7	344,523	386,325
Raforka MWst	138,2	126,372	86,985
Heildarorkunotkun	404,9	470,895	473,22

B3 Niðurbrot orkunotkunar (í MWst)

Orkunotkun reksturs er 100% endurnýjanleg orka

B3 Áætluð losun gróðurhúsa-lofttegunda (GHG) (tCO ₂ -ígildi)	2025	2024	2023
Umfang 1 í tonnum talið, CO ₂ -ígildi	0	0	0
Umfang 2 í tonnum talið, CO ₂ -ígildi	2,42	2,6	2,5
Samtals umfang 1 og 2	2,42	2,6	2,5
Samtals umfang 1, 2 og 3	17,46	21,8	23,3

B3 Losunarkræfni í hlutfalli við veltu (tCO ₂ -ígildi)	2025
Losunarkræfni umfangs 1 og 2 í hlutfalli við veltu	0
Losunarkræfni umfangs 1, umfangs 2 og umfangs 3 í hlutfalli við veltu	0

Umhverfisstarfsemi, loftslagseftirlit og mildun loftslagsáhættu

Sjóðurinn getur einna helst beitt sér fyrir mildun umhverfis- og loftslagsáhættu með markvissu eftirliti og stýringu eignasafna í ábyrgar fjárfestingar. Mælingar á loftmengun eiga ekki við um reksturinn.

- **B4 Loftmengun, mengun vatns og jarðvegs.** Á ekki við um rekstur LV.
- **B5 Staðir á svæðum sem eru viðkvæm fyrir líffræðilegum fjölbreytileika.** Á ekki við um rekstur LV.
- **B5 Líffræðileg landnotkun.** Á ekki við um rekstur LV.

B6 Vatn

B6 Vatnsnotkun reksturs	2025	2023
Heitt vatn, rúmmetrar (rekstur)	5228,92	6755,36
Kalt vatn rúmmetrar (rekstur)	438,18	415,85
Heildarmagn vatns, rekstur í rúmmetrum	5667,1	7171,21

B7 Auðlindanotkun, hringrásarhagkerfið og stjórnun úrgangs

Áhersla er lögð á flokkun úrgangs sem fellur til í rekstri LV. Starfsfólk flokkar og skilar til endurvinnslu raf- og rafeindatækjum sem eru ekki lengur notuð við rekstur. Prentský hefur verið notað til margra ára til að draga úr pappírnotkun og unnið er markvisst að því að uppfæra ferla sem styðja við það. Töluvert hagræði hefur hlotist af því að miðla upplýsingum með rafrænum hætti og fá sjóðfélagar nú flest sín bréf gegnum pósthólfíð á island.is eða á mínum síðum, mitt.live.is.

Förgun úrgangs er sameiginleg með annarri starfsemi í húsinu og útreikningar miðast við eignarhlut LV. Vegna eðlis starfsemi LV má reikna með að minni úrgangur falli til vegna starfseminnar en t.d. frá verslunum í húsinu. Hins vegar vantar áreiðanlegar tölur svo hægt sé að taka það með í reikninginn. Terra annast förgun úrgangs og mælingar.

B7 – Heildar árleg myndun úrgangs- stjórnun úrgangs

Úrgangsflokkur	Meðhöndlun	Þyngd (kg)
Blandaður úrgangur (101)	Brennsla til orkunýtingar	1500,87
Blandaður pappír (320)	Endurvinnsla	815,89
Matarleifar (469)	Endurvinnsla	742,85
Blandaðar plastumbúðir (808)	Endurvinnsla	150,93
Óflokkuð lítil raftæki (RR1375)	Endurvinnsla	103,15
Gler/postulín (309)	Endurvinnsla	46,52
Urðanlegt efni ótalið annars staðar (H31000)	Urðun	7,15
Brotamálmar (304)	Endurvinnsla	2,32
Óflokkaðar rafhlöður (R50100)	Endurvinnsla	1,05
Blýrafgeymar (R50000)	Endurvinnsla	0,63
Ljósaperur (RR1349)	Endurvinnsla	0,42
Heildarmagn úrgangs reksturs LV - áætlun		3371,78 kg

Félagslegir þættir

B8 Vinnuafli – almennar upplýsingar

LV leggur áherslu á að sjóðurinn sé fyrirmyndarvinnustaður, skipaður öflugri liðsheild sem býr yfir góðri þekkingu, reynslu og hæfni. Stefnur og lykilferlar mannauðs eiga að styðja við heilbriggt starfsumhverfi þar sem velferð og öryggi starfsfólks er í fyrirrúmi.

Fjöldi starfsfólks	67 í lok árs 2025 þar af 65 sem eru fastráðnir
Fjöldi stöðugilda	65,2 í lok árs 2025
Kynjahlutfall	30 karlar og 37 konur

Töluverðar breytingar hafa verið á fjölda starfsfólks sjóðsins en það kemur aðallega að tvennu. Annars vegar kveður sjóðurinn starfsfólk sem er að láta af störfum vegna aldurs og til að tryggja farsæl starfslok og að mikilvæg þekking haldist innan sjóðsins höfum við ráðið starfsfólk til að vinna samhliða því í einhvern tíma. Hins vegar hafa teymi verið að taka breytingum en þar má helst nefna fjölgun á upplýsinga- og tæknisviði ásamt því að á árinu voru auknar áherslur á störf við þjónustu við sjóðfélaga og launagreiðendur.

Fjöldi starfsfólks í upphafi árs	60
Starfsmannavelta	4,8%
Fjöldi starfsfólks sem hætti á árinu	3

B10 Vinnuafli, starfskjör og fræðsla

Starfskjarastefna og endurvottun á jafnlaunakerfi sjóðsins

Stjórn setur starfskjarastefnuna sem staðfest er á ársfundi og birt á vefsíðu sjóðsins. Stefnan byggist á samþykktum lífeyrissjóðsins, sjónarmiðum sem koma fram í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Stefnan er hluti af reglum sem leggja grunninn að góðum stjórnarháttum LV, verðmætasköpun og þjónustu við sjóðfélaga. Hún hefur einnig þann tilgang að gera sjóðinn að eftirsóknarverðum vinnustað þar sem starfar hæft og reynt starfsfólk. Þetta er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Stjórnarlaun eru föst krónutala sem er endurskoðuð árlega í samræmi við samþykktir sjóðsins. Stjórnendur eru á föstum heildarlaunum. Ekki er greitt fyrir aukavinnu nema í undantekningartilfellum. Kaupaukar eru því hvorki hluti af starfskjörum stjórnar né starfsfólks. Allt starfsfólk eru aðilar að stéttarfélagi og eru kjör ákvörðuð út frá kjarasamningum og gildandi starfskjarastefnu.

Starfskjör hjá sjóðnum byggjast fyrst og fremst á föstum greiðslum og eru launa-ákvörðanir í samræmi við jafnlaunakerfi sjóðsins. Endurvottunarúttekt var framkvæmd á árinu og hlaut sjóðurinn vottun til ársins 2028. Jafnlaunakerfi sjóðsins sem er byggt á gæðastaðlinum ÍST85:2012 hefur nú verið virkt í um fjögur ár en þetta var fyrsta endurvottunin sem sjóðurinn fór í gegnum. Það er okkur mikilvægt að gæta að jafnréttissjónarmiðum og að starfskjör séu metin samræmt innan sjóðsins þar sem hann leggur áherslu á jafnrétti kynjanna og að hver og einn sé metinn að verðleikum. Jafnlaunamarkmið sjóðsins er að enginn kynbundinn launamunur á heildarlaunum sé til staðar en við upphaf innleiðingar á jafnlaunastaðlinum hafði hann mælst 3% á heildarlaun. Launabil kynjanna mælist nú 0,3%.

B9 Vinnuafli, heilsa og öryggi

Hjá sjóðnum er starfrækt öryggisnefnd og var í ár meðal annars boðið upp á fyrstu hjálpar námskeið ásamt því að gera úttekt á skrifstofurýminu með fræðslu um líkamsbeitingu. Fyrstu hjálpar námskeið eru haldin reglulega.

Sjóðurinn gerði áhættumat starfa á árinu þar sem bæði sálfélagslegt umhverfi er skoðað ásamt öryggisþáttum er varða hreyfi- og stoðkerfið. Þetta er í annað sinn sem sjóðurinn fer í slíkt mat með þessum hætti.

- Engin vinnutengd slys voru tilkynnt á árinu.

B10 Vinnuafli, starfskjör og fræðsla

Fræðsla

Fræðsluáætlun ársins lagði sérstaka áherslu á að fjalla um lög og reglur sem varða sjóðinn og starfsemi hans. Einnig var lagt upp með að kynna vel þá tækniþróun sem hefur átt sér stað með tilkomu gervigreindar og fékk allt starfsfólk almenna fræðslu um gervigreindarspjallmenni. Erindi á sviði bættra samskipta, öryggis, vellíðanar og sjálfshjálpar eru regluleg þar sem rík áhersla er lögð á forvarnir í starfseminni.

- Meðalfjöldi fræðslustunda per starfsmann á árinu nam um 10,5 klst.

Hlutfallsleg þátttaka kynjanna reiknuð út frá fjölda klukkustunda

Karlar	33%
Konur	67%

Framúrskarandi teymi

Framúrskarandi teymi er eitt af leiðarljósunum í stefnu sjóðsins. Með því er lögð áhersla á öfluga liðsheild í hvetjandi umhverfi. Sjóðurinn tekur sífellt breytingum sem vinnustaður og hefur þróast í takt við aukið umfang starfseminnar og flóknara starfsumhverfi. Starfsfólk hefur einnig fjölgað. Nýtt starfsfólk og ný störf hafa fært sjóðnum nýja þekkingu og breiðari sýn. Þetta eykur getu LV til að sinna hlutverki sínu og takast á við áskoranir sem fylgja örum vexti og síbreytilegu starfsumhverfi.

Sjóðurinn hefur nú í þriggja hlotið viðurkenningu sem mannauðsþenkjandi vinnustaður frá HR Monitor en sú viðurkenning kemur í kjölfar reglulegra mælinga og kynninga á niðurstöðum innan sjóðsins. Markvisst er unnið með niðurstöðum úr þeim púlsmælingum sem framkvæmdar eru reglulega og þær nýttar til að bæta starfsumhverfið.

Stjórnarhættir

Áhersla er á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun. Haghafar fá upplýsingar um stjórnarhætti sjóðsins í árs- og sjálfbærnisráðgjöf og stjórnarháttafyrirlysingu sem er birt í kafla þessum og á vef sjóðsins. Stjórnarháttafyrirlysing árið 2024 er byggð á lögum og reglum sem voru í gildi þegar stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikning sjóðsins. Þar er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarhátum lífeyrissjóða, ákvæðum samþykktu sjóðsins, reglum FME þar um, m.a. reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnu af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Siðareglur og aðgerðir gegn mútum og spillingu

Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsfólk hans er meðvitað um þá ábyrgð sem fylgir umsjón með fjármunum sjóðfélaga. Til að gæta að hæfisreglum, rétttri meðferð fjármuna og þáttum eins og spillingu og mútumálum hafa verið settar margþættar reglur sem starfsfólki ber að fara eftir í störfum sínum. Engar sakfellingar eða sektir vegna spillingar og mútumála áttu sér stað á árinu.

Helstu stefnur og reglur sem hafa verið settar:

- Siða- og samskiptareglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn. Reglurnar styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.
- Reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsfólks.
- Reglur um viðskipti stjórnar og starfsfólks með fjármálagerninga.
- Reglur um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sjóðurinn leggur áherslu á fagmennsku, áræðni og samvirkusemi. Þetta birtist m.a. í vandaðri eigna- og áhættustýringu, eftirfylgni með fyrirtækjum sem fjárfest er í og áherslu á góða stjórnarhætti. Lífeyrissjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra og virði þannig lagareglur og viðmið um siðferði og sporni við hvers kyns spillingu.

Í viðskiptum við birgja LV er leitast við að velja birgja sem starfa eftir sömu gildum og sjóðurinn. Þá er m.a. litið til siðferðis, gæðamála, öryggismála og hugbúnaðarferla. Ekki hafa verið settar formlegar siðareglur fyrir birgja rekstrar.

B11 Dómar og sektir fyrir spillingu og mútugreiðslur

- Sjóðurinn hlaut ekki dóm eða sekt á árinu tengt spillingu eða mútum.

Samkeppnisréttaráætlun LV

Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) leggja áherslu á að starfsemi sjóðsins sé í góðu samræmi við gildandi samkeppnislög og viðurkennd viðmið í samkeppnisrétti. Með innleiðingu samkeppnisáætlunarinnar í janúar 2022 var lögð áhersla á að tryggja fylgni við samkeppnislög og lágmarka hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga vegna ákvarðana eða annarrar starfsemi LV. Í hluthafastefnu LV leggur sjóðurinn áherslu á að í samskiptum sé þeirra sjónarmiða gætt sem samkeppnislög og virk samkeppni byggist á.

Persónuvernd

Í starfsemi LV er nauðsynlegt að vinna með ýmiss konar persónuupplýsingar sem varða m.a. sjóðfélaga. Sjóðurinn safnar persónuupplýsingum um sjóðfélaga fyrst og fremst til að uppfylla skyldur sínar á grundvelli heimildar / skyldu í lögum, kjarasamnings eða á grundvelli annarra lögmætra hagsmuna sjóðsins.

LV hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sjóðfélaga. Sjóðurinn skuldbindur sig til að vinna persónuupplýsingar um sjóðfélaga löglega, af sanngirni og gagnsæi. Upplýsingum verði aðeins safnað í tilteknum, sérstökum og lögmætum tilgangi og að söfnun og vinnsla gangi ekki lengra en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang hennar.

Sjóðurinn leggur áherslu á að starfa í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf hverju sinni. Í því skyni voru persónuverndarreglur sjóðsins settar í maí 2018 en sjóðurinn hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að hafa umsjón með eftirfylgni persónuverndarreglna. Þær eru aðgengilegar á vef hans.

Öryggisstefna sjóðsins er í gildi og nær til meðferðar og varðveislu gagna. Hún á að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir, sjálfvirk vöktun og neyðaráætlun sjóðsins miðar að því að lágmarka áhrif rekstraratvika á upplýsingakerfi og á að taka á alvarlegri rekstraratvikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Ábyrgar lausnir ehf.

Álit sjálfbærniráðgjafa

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) hefur óskað eftir álit Ábyrga lausna ehf. á ófjárhaglegri upplýsingagjöf reksturs sem birtar eru í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa LV fyrir árið 2025.

LV birtir nú sjálfbærniupplýsingar reksturs í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa undir kafla 8. Um sjálfbærni í starfseminni. Upplýsingarnar eru birtar með hliðsjón af "Basic Module" VSME (e. Voluntary Sustainability Reporting Standard for SMEs) valkvæðum staðli fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem samþykktur var af ESB 30. júlí 2025. Við framsetningu upplýsinga er stuðst við leiðbeiningar EFRAG (e. European Financial Reporting Advisory Group). Auk sjálfbærniupplýsinga sem birtar eru með hliðsjón af VSME, innifelur skýrslan upplýsingar í samræmi við Lög um ársreikninga skv. grein 66d um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Undanfarin ár hefur LV birt sjálfbærniupplýsingar með hliðsjón af GRI (e. Global Reporting Initiative) með tilvísunum. UFS upplýsingar sem birtar eru fyrir fyrri ár eru birtar óbreyttar, nú með hliðsjón af VSME staðlinum.

Ábyrgar lausnir ehf. hefur verið ráðgjafandi aðili í sjálfbærri þróun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) frá því sú vegferð hófst árið 2019 og byggir sitt álit á þeirri vegferð, aðferðum við söfnun upplýsinga, viðtölum við starfsmenn LV og könnunum sem framkvæmdar hafa verið meðal haghafa.

Ekki hefur verið beitt aðferðum endurskoðunar við greiningu.

Stjórn og stjórnendur LV eru ábyrgir fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram í Árs- og sjálfbærnisráðgjafa LV, uppgjöri og töflum.

Það er álit sjálfbærniráðgjafa að framsetning LV á upplýsingum með hliðsjón af VSME "Basic Module" grunnupplýsingum séu í samræmi við kröfur staðalsins.

Ábyrgar lausnir ehf.
Reykjavík, 6. mars, 2026

Viktória Valdimarsdóttir,
Vottuð í sjálfbærri þróun og samfélagslegri nýsköpun
„Certificate in Sustainable Development and Social Innovation“



Ársreikningur 2025

Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2025

Skýrsla stjórnar	87
Áritun óháðs endurskoðanda	96

Ársreikningur 2025

Yfirlit um breytingu á hreinni eign	100
Efnahagsreikningur	101
Sjóðstreymi	102
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar	103
Skýringar	104
Kennitölur - Fimm ára yfirlit	146

Deildaskiptur ársreikningur 2025

Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign	151
Deildaskiptur efnahagsreikningur	152
Deildaskipt sjóðstreymi árið 2025	153

Annual Report 2025

Report of the Board of Directors 2025	157
Independent Auditor's Report	166
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments ..	170
Balance Sheet	171
Statement of Cash Flows	172
Statement of Actuarial Position	173
Financial Indicators	174

Skýrsla stjórnar um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna árið 2025

1 Inngangur

Skýrsla stjórnar með ársreikningi 2025 er ætlað að gefa greinargott yfirlit um starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) til viðbótar upplýsingum sem fram koma í ársreikningnum og gefa hagaðilum þannig fyllri mynd af starfsemi sjóðsins. Þar er m.a. horft til núverandi og væntanlegra sjóðfélaga, starfsfólks, aðildar-samtaka sjóðsins, stjórnvalda, starfsfólks og útgefenda verðbréfa.

Efnistöð taka mið af gildandi reglum um ársreikninga^[1] lífeyrissjóða og ákvæðum laga um ársreikninga^[2]. Við gerð skýrslu stjórnar og árs- og sjálfbærnisráðgjafar er leitast við að samþætta^[3] fjárhagslegar upplýsingar og sjálfbærniupplýsingar. Markmiðið er að gefa glögg og upplýsandi yfirlit og til nánari upplýsinga er um ýmsa þætti vísað til meðfylgjandi árs- og sjálfbærnisráðgjafar fyrir árið 2025 og til nánari umfjöllunar í ársreikningi.

2 Um mikilvæga þætti í rekstri sjóðsins á árinu 2025

Árið 2025 var í aðalatriðum nokkuð hagfelld fyrir rekstur LV hvort sem litið er til ávöxtunar eignasafna sjóðsins, lífeyris- og lánaafurða eða starfseminnar almennt.

- **Eignasöfn:** Sameignardeild og séreignaleiðir sjóðsins skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Virði eignasafna í árslok nam 1.566 milljörðum. Þar af var virði sameignardeildar 1.524 milljarðar en séreignadeilda 42,1 milljarðar. Eignaflokkar sameignardeildar skiluðu allir jákvæðri nafn- og raunávöxtun utan safns erlendra skuldabréfa sem þar sem nafnávöxtun var neikvæð um 1,0%.

	Nafnávöxtun (x)			Raunávöxtun (x)		
	2025	5 ára	10 ára	2025	5 ára	10 ára
Sameignardeild	7,0%	8,1%	8,5%	3,2%	1,8%	4,0%
Séreignaleiðir						
Ævileið III	8,3%	5,0%		4,4%	-1,0%	
Ævileið II	8,0%	5,9%		4,1%	-0,2%	
Ævileið I	8,1%	7,2%		4,3%	1,0%	
Verðbréfaeið	6,9%	8,1%	8,5%	3,1%	1,8%	4,0%

x) Hrein ávöxtun á ársgrundvelli, þ.e. að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar

- **Lífeyrisgreiðslur:** Eins og undanfarin ár héldu lífeyrisgreiðslur áfram að aukast milli ára og námu samtals 45,4 milljörðum samanborið við 40,3 milljörðum árið áður. Þar af námu greiðslur úr sameignardeild 43,8 milljörðum og séreignardeild 1,6 milljörðum. Sjóðfélögum sem fá greiddan lífeyri fjölgaði milli ára og voru 28.970 samanborið við 27.577 árið áður. Þetta er jákvæð þróun fyrir sjóðfélaga þar sem hún sýnir að sífellt fleiri sjóðfélagar eru farnir að njóta afraksturs viðskipta við sjóðinn í formi aukins lífeyris. Þróun sem byggir á áratuga langri og farsælli rekstrarsögu lífeyrissjóðsins.
- **Iðgjöld** greidd til sjóðsins til öflunar lífeyrisréttinda og sparnaðar námu 51,7 milljörðum á árinu samanborið við 50,6 milljarða árið áður. Þar af námu iðgjöld til sameignardeildar 47,9 milljörðum og til séreignardeilda 3,8 milljörðum. Fjöldi greiðandi sjóðfélaga stóð nánast í stað milli ára en þeir voru 49.700 á árinu samanborið við 50.185 árið áður.
- **Tryggingafræðileg staða** sameignardeildar veiktist nokkuð á árinu og er nú -5,4% samanborið við -4,3% árið áður. Ávöxtun hafði jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu á meðan verðbólga hafði neikvæð áhrif þar sem áunnin réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð. Einnig höfðu uppfærðar örorku- og endurhæfingarlíkur lítilllega áhrif til lækkunar.

- **Lífeyris- og lánaafurðir:** Áfram var haldið við að þróa lífeyris- og lánaafurðir og styrkja þjónustu við sjóðfélaga. Sérstök áhersla var lögð á að koma upplýsingum til fleiri aldurshópa með fjölbreyttri fræðslu og upplýsingamyndböndum sem auðvelda sjóðfélögum að skilja réttindi sín og nýta sér þjónustu sjóðsins. Auk þess var lögð rík áhersla á að veita persónulega ráðgjöf, bæði gegnum stafrænar lausnir og með beinum samskiptum. Nýjar lánategundir til fyrstu íbúðakaupenda voru kynntar um áramótin 2024/2025 þar sem aukið svigrúm er að finna í veðsetningarhlutfalli, lántökuskilyrðum og lánstíma. Þær breytingar urðu svo í september að almennt voru verðtryggð lán eingöngu veitt til 25 ára fyrir utan fyrstu kaupa lán sem eru veitt til 40 ára. Lán til fyrstu kaupenda námu 10,8 milljörðum króna á árinu og ljóst að framboð og þjónusta sjóðsins til þeirra sem eru að fara inná fasteignamarkaðinn í fyrsta sinn var mikilvæg viðbót til sjóðfélaga.
- **Dómsmál vegna vaxtabreytinga fasteignalána til einstaklinga:** Á lokamánuðum ársins 2025 kvað Hæstiréttur upp nokkra dóma þar sem reyndi á túlkun lagaákvæða og skilmála skuldabréfa fasteignalána með breytilegum vöxtum til einstaklinga. Í kjölfar dómanna hefur ríkt nokkur óvissa á markaði fyrir þessi lán. Viðbrögð LV fólust meðal annars í því að breyta framboði verðtryggðra lána þannig að einungis var boðið upp á slík lán með föstum vöxtum út lánstímann. Þá var gert tímabundið hlé á veitingu lána með óverðtryggðum vöxtum. Stefnt er að því að bæta við lánaframboð sjóðsins innan tíðar. Unnið er að útfærslu þeirra með hliðsjón af framangreindri réttarþróun. Hlutfall sjóðfélagalána af eignasafni sameignardeildar er eftir sem áður nokkuð áþekkt því sem verið hefur undanfarin ár eða um 10%. Ekki er gert ráð fyrir því að það hlutfall breytist umtalsvert á næstu misserum.
- **Sterkari grunnur fyrir stýringu eigna:** Á árinu hófst umfangsmikil greiningarvinna í samstarfi við alþjóða ráðgjafafyrirtækið Mercer varðandi forsendur fyrir fjárfestingarstefnu eignasafna LV til lengri tíma. Vinnan var að verulegu leyti fólgin í því að yfirfara og endurmeta ávöxtunarmarkmið fyrir eignasöfn LV og samsetningu þeirra. Það er mat stjórnar að með því sé lagður enn traustari grunnur að forsendum fyrir eignasamsetningu safnanna til lengri tíma. Stefnt er að uppfærslu á fjárfestingarstefnu sem byggir á þessari vinnu á árinu 2026.
- **Varsla erlendra eigna:** Á árinu 2025 lauk vegferð sem hófst árið 2024 og laut að því að færa bróðurpart erlendrar verðbréfaeignar úr verðbréfasjóðum í beint eignarhald í gegnum sérgreind söfn. Á sama tíma var gerður samningur við nýjan vörsluaðila, alþjóðlega bankann JP Morgan, um vörslu erlendra verðbréfasafna sjóðsins. Það er sýn stjórnar að með því náist kostnaðarhagræði, meira gagnsæi varðandi eignarhald og möguleiki á að fylgjast betur með einstökum eignum.
- **Aðferðafræði sjálfbærni og ábyrga fjárfestinga við umsýslu eignasafna:** Á árinu var framkvæmd ítarleg greining á hvort ætti með markvissum hætti að tengja stýringu eignasafna sjóðsins með beinum hætti við Parísarsáttmálann og/eða Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Niðurstaðan var að setja ekki markmið varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Hins vegar yrði rýndur fýsileiki mögulegar markmiðssetningar varðandi fjármagnaða kolefnislosun í eignasöfnum sjóðsins. Ráðgert er að niðurstaða þar um liggi fyrir á árinu 2026.
- **Þróun örorkulífeyris:** LV stendur, eins og lífeyrissjóðir almennt, frammi fyrir nokkrum áskorunum þegar kemur að þróun greiðslna örorkulífeyris og þess regluverks sem um þau réttindi gilda fyrir lífeyrissjóði. Þar vegur þungt svonefnt bráðabirgðaákvæði varðandi víxlverkun greiðslna frá almannatryggingum annars vegar og lífeyrissjóðum hins vegar. Ákvæðið sem féll úr gildi haustið 2025 hefur nú verið lögfest á ný, á meðan stjórnvöld og aðrir viðkomandi hagaðilar leita leiða til að móta nýjan reglugrunn sem styður við sjálfbæra þróun þessara mikilvægu réttinda. Núverandi regluverk er til þess fallið að skapa í mörgum tilvikum það sem kalla má rangan fjárhagslegan hvata þar sem samanlagðar örorkugreiðslur til réttihafa

geta verið umtalsvert hærri en sem nemur þeim tekjum sem þeir höfðu fyrir orkutapið. Að mati sérfræðinga getur slíkt valdið óeðlilegri þróun og jafnvel leitt til þess að draga úr árangri endurhæfingar einstaklinga til meiri eða jafnvel fullrar starfsorku. Það er von sjóðsins að farsæl niðurstaða finnist í þessum efnunum til að standa varanlega vörð um grundvöll þeirra mikilvægu réttinda sem örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum og almannatryggingum er. Hér skiptir máli að einungis eignir sameignardeildar og ávöxtun þeirra stendur undir lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Aukning örorkulífeyrisgreiðslna er því til þess fallin að draga úr getu sjóðsins til greiðslu ellilífeyris.

Nánari upplýsingar um einstaka þætti hér að ofan og annað sem varðar starfsemi lífeyrissjóðsins er að finna í meðfylgjandi ársreikningi og skýringum við hann og í árs- og sjálfbærniskýrslu sjóðsins fyrir árið 2025.

3 Nánar um einstaka þætti í starfsemi LV

3.1.1.1 Efnahagur

Meginstarfsemi LV lýtur að rekstri réttindakerfis sameignardeildar, séreignardeildar og umsýslu fimm eignasafna, þ.e. sameignardeildar og fjögurra ávöxtunarleiða séreignar. Nánar er gerð grein fyrir þessu í kafla II um lífeyrisafurðir sjóðsins, kafla III um eignasöfn og í yfirliti þróunar nokkurra lykiltalna í rekstri, sjá kafla I um starfsemi, í árs- og sjálfbærniskýrslu sjóðsins.

Afkoma eignasafns sjóðsins árið 2025 var vel viðunandi miðað við aðstæður.

Markaðsaðstæður árið 2025 voru krefjandi en skánuðu eftir því sem leið á árið. Verðbólga hjaðnaði frá fyrri árum en var áfram yfir verðbólgu markmiði Seðlabanka Íslands. Verðbólga mældist nálægt 4% stóran hluta ársins en var á bilinu 3,7% til 4,5% á árinu. Vaxtastig var því áfram hátt framan af ári, en peningastefnan tók að léttast undir lok árs og Seðlabanki Íslands lækkaði m.a. stýrivexti í nóvember.

Á alþjóðlegum mörkuðum var þróunin tvíþætt: hlutabréfamarkaðir skiluðu almennt sterkri ávöxtun á árinu þrátt fyrir mikla óvissu sem skapaðist í kjölfar tollastríðs á vormánuðum 2025. Skuldabréfamarkaðir tóku jafnframt við sér eftir því sem væntingar um lægri vexti jukust og heildarávöxtun var almennt jákvæð á helstu mörkuðum. Þrátt fyrir gott gengi á erlendum mörkuðum var veiking dollarsins dragbítur á ávöxtun í íslenskum krónum. Nánari upplýsingar er að finna í kafla III um eignasöfn, verðbréfamarkaði og þróun þeirra.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður Samanlagðar hreinar fjárfestingartekjur allra eignasafna námu 104.888 m.kr. en voru 161.979 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunar-kostnaður, nam 1.981 m.kr. en var 1.877 m.kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,13% og breyttist ekki milli ára. Fjöldi stöðugilda á árinu var 65,2 samanborið við 60,6 stöðugildi árið áður. Heildarfjárhæð launa nam 1.095,5 m.kr., og launatengd gjöld voru 276,3 m.kr. Árið áður námu laun 1.000,3 m.kr. og launatengd gjöld voru 256,0 m.kr. Fjölgun stöðugilda endurspeglar aukið umfang í starfsemi sjóðsins. Það leiðir m.a. af umsýslu vaxandi eignasafna, fjölgunar umsókna um lífeyri, aukinni áherslu á ráðgjöf til sjóðfélaga, aukunum kröfum til reksturs og umsýslu upplýsingatæknikerfa og gagnaöryggis (m.a. innleiðing svonefndrar DORA reglugerðar) og vaxandi krafna til atriða sem varðar stjórnarhætti og áhættustýringu sjóðsins almennt.

Sameignardeild Sameignardeildin er stærsta eignasafn lífeyrissjóðsins og námu eignir hennar um 1.524 milljarði króna í árslok samanborið við 1.421 milljarða árið áður. Hrein nafnávöxtun deildarinnar var 7,0%, samanborið við 12,4% nafnávöxtun árið áður. Að teknu tilliti til verðbólgu var hrein raunávöxtun 3,2%, samanborið við 7,3% árið 2024. Langtímaraunávöxtun er eftir sem áður ásættanleg eða 1,8% meðalávöxtun sl. 5 ár, 4,0% fyrir sl. 10 ár og 3,2% sl. 20 ár.

Tryggingafræðileg staða lækkaði á árinu. Í árslok var hún neikvæð um 5,4% samanborið við 4,3% neikvæða stöðu árið áður. Jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu hafði ávöxtun ársins, en neikvæð áhrif hafði verðbólga. Verðbólgan á árinu hafði neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu enda skuldbindingar verðtryggðar þar sem áunninn réttindi sjóðfélaga eru verðtryggð. Þá voru forsendur um örorkulíkur uppfærðar og hafði það neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu enda örorkulíkur að aukast. Í fyrsta sinn voru reiknaðar endurhæfingarlíkur, þ.e. líkurnar á því að þeir sem fara á örorku að þeir endurhæfist, og hefur það lítillega áhrif til hækkunar á tryggingafræðilegri stöðu. Nánar er fjallað um þennan þátt í kafla II í árs- og sjálfbærnisráðgjöf.

Ávöxtunarleiðir í séreignardeildum eru fjórar. Þrjár þeirra, Ævileið I, II og III, mynda ævilínu með mismunandi áhættustig og sú fjórða er Verðbréfaeið sem fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sameignardeild. Hún hefur ekki verið opin fyrir nýjum samningum frá árinu 2017.

Nafnávöxtun allra ávöxtunarleiða séreignar var jákvæð á árinu. Ævileiðir I, II og III hafa nú verið starfræktar í sjö almanaksár og nemur fimm ára meðaltalsnafnávöxtun 7,2% fyrir Ævileið I, 5,9% fyrir Ævileið II, 5,0% fyrir Ævileið III og 6,9% fyrir Verðbréfaeið.

Eignasöfn séreignadeilda hafa vaxið undanfarin ár og námu í árslok 42,1 milljarði samanborið við 36,8 milljarða árið áður.

Lífeyrisafurðir Lífeyrisafurðir sjóðsins samanstanda af réttindum í sameignardeild og séreignardeildum (almenn séreign og tilgreind séreign). Þá er þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf óaðskiljanlegur þáttur lífeyrisafurða sjóðsins.

Vöxtur iðgjalda til sameignardeildar, fjölgun virkra sjóðfélaga og einstaklinga á lífeyri hélt áfram á árinu. Greiðslur til deildarinnar námu 47,9 milljörðum samanborið við 46,5 milljarða árið áður. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 37.067 og fækkaði lítillega úr 37.259 frá árinu áður á sama tíma og meðalfjöldi einstaklinga á lífeyri fjölgaði í 28.970, samanborið við 27.577 árið áður. Þá fjölgar sífellt þeim einstaklingum á lífeyri sem hafa áunnið sér umtalsverð réttindi. Greiddur lífeyrir úr sameignardeild nam 43,8 milljörðum samanborið við 39,0 milljarða árið áður og leiðir það m.a. til þess að hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum, svonefnd lífeyrisbyrði sameignardeildar, hækkaði í 92,2% árið 2025 samanborið við 83,6% árið áður.

3.1.1.2 Umhverfi og aðferðafræði sjálfbærni almennt

Lífeyrissjóðurinn hefur undanfarin ár lagt aukna áherslu á greiningu umhverfispáttá, annarra sjálfbærnipáttá og áhrif þeirra á eignasöfn sjóðsins. Með því er verið að fylgja eftir áherslum stjórnar sem fram koma m.a. í sjálfbærnistefnu sjóðsins sem samþykkt var í janúar 2025 og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem og í nýlegri löggjöf sem snýr m.a. að áhættugreiningu og upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu í starfsemi lífeyrissjóða.

Kolefnisspor Á árinu 2024 var unnið að greiningu á kolefnisspori eignasafna sjóðsins eins og fram kom í skýrslu stjórnar árs og sjálfbærnisráðgjöf fyrir það ár.

Eins og fram kemur í inngangi var framkvæmt á árinu ítarleg greining til grundvallar á endurmati á sjálfbærni-markmiðum eignasafna lífeyrissjóðsins og áherslna varðandi ábyrgar fjárfestingar. Stjórn metur nú næstu skref varðandi stefnu sjóðsins í þessum efnum. Miðað er við að yfirfara og kynna uppfærslu á þeim stefnum LV sem varða þessa þætti í starfsemi sjóðsins á árinu 2026. Þar má nefna stefnu um ábyrgar fjárfestingar, hluthafastefnu, stefnu um útilokun fjárfestingarkosta og sjálfbærnistefnu.

Markmið með ábyrgum fjárfestingum Markmið LV er að hámarka langtímaávöxtun eignasafna sjóðsins að teknu tilliti til áhættu í þágu hagsmuna sjóðfélaga. Í stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar er aðferðarfræðinni nánar lýst sem og í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar í árs- og sjálfbærnisráðgjöf hér að framan. Lífeyrissjóðurinn greinir sjálfbærniáhættur samhliða hefðbundnum greiningum á fjárhagslegum mælikvörðum. Þannig er leitast við að ná fram sem bestri áhættuleiðréttri ávöxtun á hverjum tíma miðað við þær upplýsingar og forsendur sem liggja fyrir. Meðal helstu áskorana í þeim efnum er aðgengi að góðum gögnum og beiting þeirra við ákvarðanatöku.

Samhliða greiningum á sjálfbærniáhættuþáttum í samræmi við stefnu LV um ábyrgar fjárfestingar er unnið eftir stefnu stjórnar frá 2021 um útilokun tiltekinna fjárfestingakosta úr eignasöfnum.

Eigendahlutverk LV Lífeyrissjóðurinn hefur undanfarin misseri lagt aukna áherslu á framkvæmd eigendahlutverks sjóðsins í samræmi við gildandi hluthafastefnu. Stefnan varðar einkum innlend eignasöfn með áherslu á skráð hlutabréf. Þar er fjallað um atriði sem sjóðurinn leggur áherslu á gagnvart þeim félögum sem hann fjárfestir í og þeim félögum sem hann tekur til skoðunar sem fjárfestingarkosti.

Hvað sjálfbærniupplýsingar (UFS; umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir) í rekstri sjóðsins varðar er vísað til kafla IV um ábyrgar fjárfestingar, VI um stjórnarhætti og VII um sjálfbærni í starfsemi LV.

Greining sjálfbærniþátta í eignasöfnum: Lífeyrissjóður verzlunarmanna birtir á árinu í fyrsta sinn yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum sínum á sjálfbærniþætti í samræmi við SFDR reglugerðina um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og framseldu reglugerð ESB 2022/1288 um viðbætur við SFDR, eða svokallaða PAI mælikvarða (e. principle adverse impact metrics).

Þar má finna mælikvarða sem lýsa neikvæðum áhrifum innlendra eignasafna sjóðsins á sjálfbærniþætti eins og finna má í viðaukum framseldu reglugerðarinnar. Þegar fram líða stundir mun LV birta upplýsingar um neikvæð áhrif allra eigna í söfnum sjóðsins sem reglugerðin nær til, í takt við fánleika og gæði gagna.

Allar sjóðsdeildir LV, sameignardeild og ávöxtunarleiðir séreignardeildar, eru skilgreindar sem 6. gr. leiðir í samræmi við SFDR. Það er almennt ákvæði um upplýsingagjöf varðandi sjálfbærniþætti. Í 8. og 9. gr. SFDR er mælt fyrir um ítarlegri upplýsingagjöf. Annars vegar í þeim tilvikum þegar fjármálaafurð er annars vegar ætla að efla meðal annars umhverfislega eða félagslega þætti (8. gr.) og hins vegar þegar fjármálaafurð hefur sjálfbærar fjárfestingar að markmiði og vísitala hefur verið tilnefnd sem tilvísunarviðmið (9. gr.)

3.1.1.3 Samfélag

Aukin áhersla á samfélagslega þætti telst til nokkurra nýmæla hjá lífeyrissjóðum hérlandis sem og víða erlendis og er liður í aukinni áherslu á sjálfbærni í rekstri og stýringu eignasafna almennt.

LV fylgist með þessari þróun og lagar starfsemi sína að henni. Hér skiptast verkefni nokkuð á milli beins rekstrar LV og lífeyris- og lánaafurða annars vegar og áhrifa eignasafna á samfélagslega þætti hins vegar.

Rekstur Hvað beinan rekstur varðar felst áhersla á samfélagslega þætti einkum í uppbyggingu mannauðs og fyrirtækjabrag sjóðsins. Eins og fram kemur í umfjöllun um viðskiptalíkan sjóðsins í kafla I í árs- og sjálfbærnisráðgjöf er mannauður veigamikil stoð í starfseminni. Á árinu var fylgt eftir markaðri stefnu um að þróa og efla áfram mannauð LV með áherslu á fræðslu, starfsþróun, úrvinnsluverkefnum úr niðurstöðum reglulegra mannauðsmælinga og umbótum á starfsaðstöðunni. Umfjöllun um þessa þætti er að finna í kafla VII um sjálfbærni í starfsemi, í árs- og sjálfbærnisráðgjöf.

Lífeyrisafurðir Lífeyrisafurðir sjóðsins skipta máli þegar kemur að félagslegum þáttum. Viðtæk þátttaka launþega og sjálfstætt starfandi aðila í samtryggingarkerfi lífeyrissjóða er til þess fallinn að bæta líf skjör eftir starfslok. Lögjald í lífeyrissjóð hefur hækkað og tryggir það hærri ævilangan lífeyri og áfallalífeyri. Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á að tala um lífeyrismál á mannamáli þannig að sjóðfélagar eigi auðvelt með að skilja lífeyrisafurðirnar og nýta þær sem best í sína þágu. Sjóðfélagar hafa aðgang að lifandi yfirliti á „mínum síðum“ þar sem þeir geta ávallt sótt nýjustu upplýsingar um lífeyrisréttindi sín og sparnað. Á árinu var haldið áfram að þróa þetta viðmót í þágu sjóðfélaga. Auk þess var lögð rík áhersla á að veita persónulega ráðgjöf, bæði í gegnum stafrænar lausnir og með beinum samskiptum, til að tryggja að allir sjóðfélagar fái aðstoð við að taka upplýstar ákvarðanir um lífeyrismál og lánategundir. Þessi nálgun hefur stuðlað að aukinni þátttöku og betri upplýsingaflæði til allra hópa innan sjóðsins. Reglulegar þjónustumælingar sýna það að yngri markhópar eru í auknu mæli að kynna sér sín réttindi og þá vernd sem samtryggingarréttindi veita og að sjóðfélagar eru almennt að undirbúa sig fyrir starfslok fyrir en áður.

Eignasöfn Sögulega séð hafa lífeyrissjóðir og flestir aðrir stofnanafjárfestar einkum lagt áherslu á ávöxtun eigna að teknu tilliti til áhættu, áhættu sem einkum er metin í ljósi væntra sveiflna í ávöxtun. Undanfarin misseri hefur áhersla verið aukin á samfélagslega þætti tengda stýringu eignasafna.

Liður í aðgerðum varðandi samfélagslega þætti er stefna LV um útilokun fjárfestingarkosta úr eignasöfnum sem samþykkt var árið 2021. Meðal útilokaðra fjárfestingarkosta eru fyrirtæki sem brjóta gegn viðmiðum UN Global Compact. Þessi fyrirtæki eru þannig talin brjóta gegn viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi og grundvallarréttindi starfsfólks, til að mynda varðandi frjálsa aðild að félögum, gerð kjarasamninga, þvingað vinnuafli og misnotkun barna sem vinnuafli. Áfram verður fylgst með þróun laga og annarra þátta á þessu sviði.

Varðandi þróun stefnu LV í þessum málum er vísað til umfjöllunar framar í skýrslunni.

3.2 Stefnumið og reglur LV um stjórnarhætti

Stefnumótun Árið 2021 vann stjórn ásamt stjórnendum að stefnumótun sjóðsins til ársins 2030. Í þeirri vinnu var mörkuð framtíðarsýn og leiðarljós í takt við fyrirliggjandi gildi sjóðsins (e. values). Vinna þessi grundvallast á hlutverki LV eins og það er markað í lögum og samþykktum sjóðsins, samhliða því sem lögð er áhersla á framsýni í rekstri hans. Með því er stefnt að því að efla starfsemi hans til lengri tíma litið og búa hann sem best undir viðfangsefni í ört breytilegu starfsumhverfi.

Gert er ráð fyrir því að yfirfara áhersluatriði í stefnumótuninni á árinu 2026, m.a. í ljósi stefnumörkunar varðandi áherslur á sjálfbærniþætti í eignasöfnum LV, framkvæmd stefnu um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu.

Stjórnarhættir Stjórn leggur áherslu á að fylgja eftir reglum og viðurkenndum viðmiðum varðandi stjórnarhætti. Liður í því er skilvirkt skipurit, liðsheild, viðeigandi innri reglur, innra eftirlit og aðhald frá innri og ytri endurskoðun sem og hagaðilum. Eftirfylgni felst m.a. í aukinni áherslu á upplýsingagjöf sem birtist í skýrslu stjórnar, árs- og sjálfbærnisráðgjöf og með viðvarandi upplýsingagjöf sjóðsins. Þá framkvæmir stjórn reglulega mat á starfsháttum stjórnar.

Stjórn samþykkti á árinu uppfærslu á siða- og samskiptareglum sjóðsins og nýja sjálfbærnistefnu fyrir sjóðinn sem nær til starfseminnar í heild, þ.e. rekstrar, lífeyrisafurða og eignasafna. Einnig setti stjórn fyrstu stefnu sjóðsins um nýtingu gervigreindar í starfsemi sjóðsins. Stefnunni er ætlað að styðja við örugga, markvissa og árangursríka innleiðingu þessarar tækni.

Á árinu 2026 er stefnt að því að setja reglur um varnir gegn mútum og spillingu í samræmi við viðurkennd viðmið.

Þá var fyrir árslok 2025 unnið að gerð tvöfaldrar mikilvægisgreiningar fyrir starfsemi sjóðsins í þeim tilgangi að byggja betri grunn fyrir forgangsriðun mikilvægra verkefna í rekstri sjóðsins. Vinna við greininguna er ekki lokið. Ráðgert er að kynna hana þegar niðurstaða liggur fyrir.

Nánari upplýsingar varðandi stjórnarhætti í starfsemi LV er að finna í ítarlegri stjórnarháttaryfirlýsingu sem fylgir kafla VII í árs- og sjálfbærnisráðgjöf sem og í kafla V um áhættustýringu og kafla VI um stjórnarhætti og stjórnun.

3.3 Viðskiptalíkan LV

Viðskiptalíkan sjóðsins byggir á því meginhlutverki hans, samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins, að

- taka við iðgjöldum sjóðfélaga sem mynda grundvöll réttinda.
- ávaxta iðgjöld og eignir sjóðsins í sameignar- og séreignardeildum.
- greiða út ævilangan lífeyri vegna starfsloka, áfallalífeyri í formi örorkulífeyris til sjóðfélaga og barna þeirra, sem og maka- og barnalífeyri vegna fráfalls sjóðfélaga.
- greiða út séreignarsparnað vegna aldurs, örorku eða fráfalls.

Þá veitir LV sjóðfélögum sínum einnig lán í formi fasteignaveðlána í samræmi við lánareglur á hverjum tíma.

Viðskiptalíkan LV byggir á fyrirmyndum í leiðbeiningum „Integrated Reporting Framework“, sjá nánar umfjöllun í kafla I um starfsemi LV. Þar eru auðlindir sem sjóðurinn vinnur úr flokkaðar í sex flokka; fjármagn, mannauð, samfélag, náttúra og umhverfi, óefnislegar eignir og efnislegar eignir. Dregnir eru fram þeir þættir í starfseminni sem miða að því að skapa virði fyrir sjóðfélaga, þ.e. fjárfestingarstarfsemi, rekstur og þjónusta, lífeyrir og séreign, sem og reglur, stefnur og önnur viðmið. Þá er leitast við að gera grein fyrir virðisauka starfseminnar eftir auðlindum.

3.4 Haghafar

Frá því LV hóf að gefa út sjálfbærnisráðgjöf árið 2019 hefur sjóðurinn framkvæmt og upplýst um niðurstöður úr haghafagreiningu. Haghafar hafa verið skilgreindir sem einstaklingar, hópar eða lögaðilar sem verða fyrir áhrifum af starfsemi LV og geta haft áhrif á starfsemi sjóðsins. Greining haghafa auðveldar sjóðnum að vinna að og gæta þeirra hagsmuna sem honum er falið að sinna. Á árinu 2025 var haldið áfram að vinna að því að efla samskipti við haghafa með sérstaka áherslu á sjóðfélaga, iðgjaldagreiðendur og starfsfólk eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I um rekstur LV. Haldið verður áfram á þeirri vegferð.

3.5 UFS mælingar

Í kafla VII um sjálfbærni í starfsemi LV, í árs- og sjálfbærnisráðgjöf eru upplýsingar um UFS þætti (Umhverfisþættir – Félagslegir þættir – Stjórnarhættir). Þær upplýsingar eru annars vegar settar fram í almennri umfjöllun og hins vegar í töflum. Í skýrslum undanfarinna ára hefur upplýsingagjöfin einkum byggt á leiðbeiningum GRI (Global Reporting Initiative). Í skýrslunni fyrir árið 2025 er nú stuðst við nýlega sjálfbærnistaðla ESB sem er valkvæður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er mat LV að hann gefi gagnlega mynd af sjálfbærniþáttum sem varða starfsemina almennt. Þá eru ýmsar UFS upplýsingar og nánari umfjöllun í öðrum köflum skýrslunnar, þar á meðal í kafla IV um ábyrgar fjárfestingar.

3.6 Áhætta og óvissa

Undanfarin ár hefur spenna í alþjóðakerfinu aukist verulega. Engin teikn eru á lofti um að draga muni úr þessari spennu á næstu misserum. Slíkt ástand veldur óvissu sem getur haft neikvæð áhrif á markaði og þess vegna neikvæð áhrif á afkomu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna enda fjárfestir sjóðurinn á mörkuðum út um allan heim.

Varðandi aðra áhættu- og óvissuþætti í starfsemi LV vísast til ítarlegra skýringa í skýringum 19–23 við ársreikning sjóðsins og kafla V um áhættustýringu í árs- og sjálfbærnisráðgjöf.

3.7 Könnunarviðræður LV við Birtu um mögulega sameiningu lífeyrissjóðanna

Með tilkynningu dagsettri 27. janúar 2026 upplýstu stjórnir LV og Birtu lífeyrissjóðs um að sjóðirnir hafi ákveðið að hefja könnunarviðræður um mögulegan samruna sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir eiga að baki langa og farsæla rekstrarsögu sem hefur skilað sjóðfélögum þeirra traustum ávinningi og stuðlað að fjárhagslegu öryggi við starfslok.

Í viðræðunum verður kannað hvort grundvöllur sé fyrir því að hefja formlegar viðræður um sameiningu sjóðanna. Í því felst að meta hvort sameining sé til þess fallin að efla starfsemi þeirra enn frekar, meðal annars með auknu rekstrarhagræði, sterkari innviðum og bættri þjónustu við sjóðfélaga. Þannig að sameinaður sjóður yrði enn betur í stakk búinn til að vera traustur og öflugur bakhjarl sjóðfélaga til lengri tíma lítið.

Ráðgert er að afstaða til framhaldsins verður tekin þegar niðurstöður könnunarviðræðanna liggja fyrir.

3.8 Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna gefi glögga mynd af rekstrarafkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hans þann 31. desember 2025. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra veiti glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri sjóðsins, stöðu hans í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafa í dag farið yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Ársreikningurinn verður lagður fram og kynntur á næsta ársfundi sjóðsins.

[1] EFRAG Voluntary Sustainability Reporting Standard for non-listed SMEs (VSME), útgefinn af EFRAG í desember 2024.

Staðallinn varð birtur í stjórnartíðindum ESB (EUR-Lex) í ágúst 2025, [sjá hér](#).

Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, með síðari breytingum, 50. gr., útgefnum af Fjármálaeftirlitinu (nú Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands).

[2] Lög um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum. Einkum grein 65, 66 og 66, b til E.

[3] Hér er stuðst við leiðbeiningar “[Integrated Reporting](#)” um samþætta skýrslugerð.

Reykjavík, 26. febrúar 2026
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Jón Ólafur Halldórsson
Stjórnarformaður

Stefán Sveinbjörnsson
Varaformaður

Bjarni Þór Sigurðsson

Guðmunda Ólafsdóttir

Guðrún Ragna Garðarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Páll Ásgrímsson

Sigrún Helgadóttir

Guðmundur Þ. Þórhallsson
Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðislegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á ársfundi sjóðsins þann 28. mars 2023 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur

Mat fjárfestinga

Bókfært verð fjárfestinga nam 1.550 ma.kr. eða 98,8% af heildareignum þann 31. desember 2025 (2024: 1.430 ma.kr.). Vísað er til skýringa 2.7 og 9–12 um fjárfestingar.

Meðal fjárfestinga eru hlutabréf, hlutdeildar-skirteini og skuldabréf. Sjóðurinn setur sér fjárfestingarstefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og vikmörk einstakra eignaflokka.

Fjárfestingarnar eru ýmist færðar á gangvirði, upphaflegri kaupkröfu eða samkvæmt virðisaðferð, þar sem breytur byggja á markaðsupplýsingum og ytri gögnum. Vegna umfangs og mikilvægis fjárfestinga og að hluti þeirra er færður á ytra matsvirði þá er mat þeirra lykilþáttur í endurskoðuninni.

Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding samtryggingadeildar nam 2.403 ma.kr. í árslok 2025 (2024: 2.255 ma.kr.). Endurmetnar eignir umfram heildarskuldbindingar sjóðsins námu -129 ma.kr. í árslok 2025 eða -5,4% af skuldbindingum (2024: -96 ma. kr. eða -4,3% af skuldbindingum). Vísað er í yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 16.

Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir á forsendum sem gefnar hafa verið út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga og samþykktar af Fjármálaráðuneyti. Vegna mikilvægis tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins er lífeyrisskuldbinding lykilatriði í endurskoðuninni.

Viðbrögð í endurskoðuninni

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta matsvirði fjárfestinga. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- * Aflað var upplýsinga um fjárfestingarferilinn og aðferðafræði og forsendur við mat eigna.
- * Staðfest var gengi á úrtaki skráðra verðbréfa með aðstoð gagnaveitna.
- * Metnar voru aðferðir og útreikningur sjóðsins á óskráðum fjárfestingum.
- * Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi okkar á verðmæti úrtaks skuldabréfa sem færð eru á gangvirði eða haldið til gjalddaga.
- * Skýringar í ársreikningi vegna fjárfestinga voru yfirfarnar, þar á meðal stigskipting gangvirðis.

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á þær forsendur sem tryggingastærðfræðingur notar við mat á lífeyrisskuldbindingu. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- * Við lögðum mat á óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.
- * Aflað var upplýsinga um verklag við útreikninga tryggingastærðfræðings.
- * Farið var yfir verklag sjóðsins við endurútreikning tryggingafræðilegrar skuldbindingar og tryggingafræðilegt endurmat verðbréfa.
- * Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.
- * Við yfirfórum yfirlit um tryggingafræðilega stöðu og skýringu 16 í ársreikningi og staðfestum að framsetning væri í samræmi við reglur.
- * Við framkvæmdum endurútreikning á úrtaki á tryggingafræðilegu endurmati verðbréfa.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og fyrir því eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hrafnhildur Helgadóttir,
endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. febrúar 2026
KPMG ehf.

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		14.589.499	13.982.241
Iðgjöld launagreiðenda		37.375.073	36.153.921
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(263.452)	(106.147)
		<u>51.701.120</u>	<u>50.030.015</u>
Sérstök aukaframlög	3	656	585.464
		<u>51.701.776</u>	<u>50.615.479</u>
Lífeyrir			
	4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1.	45.409.903	40.336.288
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		322.927	308.712
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.2.	15.647	16.444
		<u>45.748.477</u>	<u>40.661.444</u>
Hreinar fjárfestingartekjur			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1.	58.411.904	121.727.167
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.2.	45.586.760	39.107.165
Hreinar vaxtatekjur af handbæru fé	5.3.	1.102.652	1.483.897
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		83.264	115.274
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	0	340
Fjárfestingargjöld	7	(296.381)	(454.736)
		<u>104.888.199</u>	<u>161.979.107</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	1.981.192	1.876.538
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		108.860.307	170.056.604
Hrein eign frá fyrra ári		<u>1.457.577.507</u>	<u>1.287.520.903</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>1.566.437.814</u>	<u>1.457.577.507</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Fjárfestingar	12,18		
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	993.549.397	909.872.641
Skuldabréf	10	556.746.978	519.903.156
		<u>1.550.296.375</u>	<u>1.429.775.797</u>
Kröfur	13		
Kröfur á launagreiðendur		5.530.559	5.116.656
Aðrar kröfur		13.116	8.762.426
		<u>5.543.675</u>	<u>13.879.082</u>
Ýmsar eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	686.045	698.997
Handbært fé		11.892.229	15.087.775
Eignir samtals		<u>1.568.418.324</u>	<u>1.459.441.651</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Afallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur		165.484	147.755
Aðrar skuldir	15	1.815.026	1.716.387
		<u>1.980.510</u>	<u>1.864.142</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>1.566.437.814</u>	<u>1.457.577.507</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris			
Hrein eign sameignardeildar		1.524.309.299	1.420.485.970
Hrein eign séreignardeildar – Verðbréfareið		25.099.587	23.573.697
Hrein eign séreignardeildar – aðrar séreignarleiðir		17.028.928	13.517.840
		<u>1.566.437.814</u>	<u>1.457.577.507</u>
Skuldbindingar utan efnahags	17		
Aðrar skýringar	18–23		
Kennitölur	24–25		

Sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Inngreiðslur			
Löggjöld		51.635.776	49.971.479
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		1.286.143	1.686.075
Aðrar inngreiðslur		9.039.911	970.879
		<u>61.961.830</u>	<u>52.628.433</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		45.748.477	40.661.444
Rekstrarkostnaður		1.873.439	1.772.757
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	14	77.072	273.923
Aðrar útgreiðslur		564.866	181.682
		<u>48.263.854</u>	<u>42.889.806</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>13.697.976</u>	<u>9.738.627</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		21.534.630	16.845.635
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(410.290.426)	(244.199.370)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		363.198.985	210.682.789
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		71.662.975	60.412.187
Keypt skuldabréf		(172.741.109)	(67.183.898)
Seld skuldabréf		109.816.650	18.293.301
		<u>(16.818.295)</u>	<u>(5.149.356)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(3.120.318)	4.589.270
Gengismunur af handbæru fé		(75.228)	(94.850)
Handbært fé í upphafi árs		15.087.775	10.593.355
Handbært fé í lok árs		<u>11.892.229</u>	<u>15.087.775</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu sameignardeildar 31. desember 2025

Tryggingafræðileg staða	Skýr.	2025		
		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir	16			
Hrein eign til greiðslu lífeyris		1.524.309.299	0	1.524.309.299
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		7.447.574	0	7.447.574
Núvirði framtíðariðgjalda		0	742.039.509	742.039.509
Eignir samtals		1.531.756.873	742.039.509	2.273.796.382
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		1.440.000.384	656.675.049	2.096.675.433
Örorkulífeyrir		107.965.511	73.452.912	181.418.423
Makalífeyrir		54.479.996	20.434.112	74.914.108
Barnalífeyrir		835.891	4.447.666	5.283.557
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		23.269.519	21.727.694	44.997.213
Skuldbindingar samtals		1.626.551.301	776.737.433	2.403.288.734
Eignir umfram skuldbindingar		(94.794.428)	(34.697.924)	(129.492.352)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(5,8%)	(4,5%)	(5,4%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(5,1%)	(2,5%)	(4,3%)
2024				
Eignir		Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	16	1.420.485.970	0	1.420.485.970
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa		9.962.128	0	9.962.128
Núvirði framtíðariðgjalda		0	728.700.970	728.700.970
Eignir samtals		1.430.448.098	728.700.970	2.159.149.068
Skuldbindingar				
Ellilífeyrir		1.337.995.302	641.112.382	1.979.107.684
Örorkulífeyrir		99.127.089	61.843.547	160.970.636
Makalífeyrir		48.444.272	20.000.169	68.444.441
Barnalífeyrir		849.465	3.758.443	4.607.908
Núvirði framtíðarrekkstrarkostnaðar		21.310.264	20.865.818	42.176.082
Skuldbindingar samtals		1.507.726.392	747.580.359	2.255.306.751
Eignir umfram skuldbindingar		(77.278.294)	(18.879.389)	(96.157.683)
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok		(5,1%)	(2,5%)	(4,3%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(8,6%)	(3,3%)	(6,8%)

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn rekur sameignardeild og fjórar séreignarleiðir, þ.e. Verðbréfaleið, Ævileið I, Ævileið II og Ævileið III. Verðbréfaleiðin er ávöxtuð samhliða sameignardeild sjóðsins. Eignasamsetning ævileiðanna byggir á eignasamsetningu sem gera má ráð fyrir að hafi mismikla vænta ávöxtun og áhættu. Markmið með mismunandi eignasamsetningu milli leiða er að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga svo sem aldri og áhættuþoli. Í deilda-skiptu yfirliti og kennitöluyfirliti má finna upplýsingar um séreignardeildir sjóðsins.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum við gerð ársreiknings lífeyrissjóðsins.

2.2. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum, sem er bæði starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

2.3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning sjóðsins:

- i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.
- ii) Tryggingafræðileg staða, sjá skýringu 16.

2.4. Iðgjöld

Árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða er fært undir liðinn sérstök aukaframlög.

Áætluð óinnheimt iðgjöld ásamt dráttarvöxtum eru færð í efnahagsreikningi undir liðnum kröfur á launa-greiðendur. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn og greiðslur sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsársins.

2.5. Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Í skýringu 5.1 má sjá hreinar fjárfestingartekjur 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem tilgreind eru í skýringu nr. 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökupóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reiknings-skiladegi.

c) Ýmsar fjárfestingartekjur

Undir liðinn ýmsar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu nr. 7 er greint frá áætlaðri umsýsluþóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum sjóðum.

2.6. Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

2.7. Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf, sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok, en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 18. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini sjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

Skýringar

c) Skuldabréf

We communicate with The Board of Directors and audit committee regarding, among other matters, the planned scope and timing of the audit and significant audit findings, including any significant deficiencies in internal control that we identify during our audit.

We also provide those charged with governance with a statement that we have complied with relevant ethical requirements regarding independence, and communicate with them all relationships and other matters that may reasonably be thought to bear on our independence, and where applicable, actions taken to eliminate threats or safeguards applied.

From the matters communicated with The Board of Directors and audit committee, we determine those matters that were of most significance in the audit of the financial statements of the current period and are therefore the key audit matters. We describe these matters in our auditor's report unless law or regulation precludes public disclosure about the matter or when, in extremely rare circumstances, we determine that a matter should not be communicated in our report because the adverse consequences of doing so would reasonably be expected to outweigh the public interest benefits of such communication.

Report on Other Legal and Regulatory Requirements

Pursuant to the legal requirement under Article 104, Paragraph 2 of the Icelandic Financial Statements Act No. 3/2006, we confirm that, to the best of our knowledge, the report of the Board of Directors and CEO accompanying the financial statements includes the information required by the Financial Statements Act if not disclosed elsewhere in the financial statements.

The engagement partner on the audit resulting in this independent auditor's report is
Hrafnhildur Helgadóttir

Reykjavík, February 26, 2026
KPMG ehf.

Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments 2025

	2025	2024
Premiums		
Members	14,589,499	13,982,241
Employers	37,375,073	36,153,921
Transfer of rights and repayments	(263,452)	(106,147)
	<u>51,701,120</u>	<u>50,030,015</u>
Special supplementary contributions	656	585,464
	<u>51,701,776</u>	<u>50,615,479</u>
Pensions		
Total amount of pensions	45,409,903	40,336,288
Contribution to Rehabilitation Fund	322,927	308,712
Direct expenses from disability pensions	15,647	16,444
	<u>45,748,477</u>	<u>40,661,444</u>
Net investment income		
Net income from holdings in companies and funds	58,411,904	121,727,167
Net income from bonds	45,586,760	39,107,165
Interest income from cash equivalents	1,102,652	1,483,897
Interest income from premiums and other claims	83,264	115,274
Other investment income	0	340
Investment expenses	(296,381)	(454,736)
	<u>104,888,199</u>	<u>161,979,107</u>
Operating expenses		
Office and management expenses	<u>1,981,192</u>	<u>1,876,538</u>
Increase in net assets	108,860,307	170,056,604
Net assets from previous year-end	<u>1,457,577,507</u>	<u>1,287,520,903</u>
Net assets for pension payments at year-end	<u>1,566,437,814</u>	<u>1,457,577,507</u>

Balance Sheet as of December 31, 2025

	2025	2024
Investments		
Holdings in companies and funds	993,549,397	909,872,641
Bonds	556,746,978	519,903,156
Other investments	0	0
	<u>1,550,296,375</u>	<u>1,429,775,797</u>
Claims		
Claims on employers	5,530,559	5,116,656
Other claims	13,116	8,762,426
	<u>5,543,675</u>	<u>13,879,082</u>
Other assets		
Fixed assets	<u>686,045</u>	<u>698,997</u>
Cash equivalents	<u>11,892,229</u>	<u>15,087,775</u>
Total assets	<u>1,568,418,324</u>	<u>1,459,441,651</u>
Liabilities		
Short-term liabilities		
Cost incurred and income collected in advance	165,484	147,755
Other liabilities	1,815,026	1,716,387
	<u>1,980,510</u>	<u>1,864,142</u>
Net assets for pension payments at year-end	<u>1,566,437,814</u>	<u>1,457,577,507</u>
Division of net assets for pension payments		
Common pension fund	1,524,309,299	1,420,485,970
Private pension fund – Securities division	25,099,587	23,573,697
Private pension fund – Other division	17,028,928	13,517,840
	<u>1,566,437,814</u>	<u>1,457,577,507</u>

Statement of Cash Flows 2025

	2025	2024
Inflow		
Premiums	51,635,776	49,971,479
Paid interest income on cash equivalents and claims	1,286,143	1,686,075
Other inflow	9,039,911	970,879
	<u>61,961,830</u>	<u>52,628,433</u>
Outflow		
Pensions	45,748,477	40,661,444
Operating expenses	1,873,439	1,772,757
Investment in operating assets	77,072	273,923
Other outflow	564,866	181,682
	<u>48,263,854</u>	<u>42,889,806</u>
 New disposable resources for investments	 <u>13,697,976</u>	 <u>9,738,627</u>
Investment transactions		
Received income from holdings in companies and funds	21,534,630	16,845,635
Investments in holdings in companies and funds	(410,290,426)	(244,199,370)
Sold holdings in companies and funds	363,198,985	210,682,789
Installments on bond principals and interest	71,662,975	60,412,187
Purchased bonds	(172,741,109)	(67,183,898)
Sold bonds	109,816,650	18,293,301
Sold other investments	0	0
	<u>(16,818,295)</u>	<u>(5,149,356)</u>
 Increase (decrease) in cash equivalents	 (3,120,318)	 4,589,270
Exchange rate difference on cash equivalents	(75,228)	(94,850)
Cash equivalents at beginning of year	<u>15,087,775</u>	<u>10,593,355</u>
Cash equivalents at year-end	<u>11,892,229</u>	<u>15,087,775</u>

Statement of Actuarial Position

	2025		
	Accrued liabilities	Future liabilities	Total liabilities
Net assets			
Net assets for pension payments	1,524,309,299	0	1,524,309,299
Difference in book value and net present value of bonds	7,447,574	0	7,447,574
Net present value of future premiums	0	742,039,509	742,039,509
Total net assets	<u>1,531,756,873</u>	<u>742,039,509</u>	<u>2,273,796,382</u>
Liabilities			
Old age pension	1,440,000,384	656,675,049	2,096,675,433
Disability pension	107,965,511	73,452,912	181,418,423
Spouse's pension	54,479,996	20,434,112	74,914,108
Children's allowance	835,891	4,447,666	5,283,557
Net present value of future operating expenses	23,269,519	21,727,694	44,997,213
Total liabilities	<u>1,626,551,301</u>	<u>776,737,433</u>	<u>2,403,288,734</u>
Net assets in excess of liabilities	<u>(94,794,428)</u>	<u>(34,697,924)</u>	<u>(129,492,352)</u>
Ratio of net assets to liabilities at year-end	(5.8%)	(4.5%)	(5.4%)
Ratio of net assets to liabilities at the beginning of year	(5.1%)	(2.5%)	(4.3%)

	2024		
	Accrued liabilities	Future liabilities	Total liabilities
Net assets			
Net assets for pension payments	1,420,485,970	0	1,420,485,970
Difference in book value and net present value of bonds	9,962,128	0	9,962,128
Net present value of future premiums	0	728,700,970	728,700,970
Total net assets	<u>1,430,448,098</u>	<u>728,700,970</u>	<u>2,159,149,068</u>
Liabilities			
Old age pension	1,337,995,302	641,112,382	1,979,107,684
Disability pension	99,127,089	61,843,547	160,970,636
Spouse's pension	48,444,272	20,000,169	68,444,441
Children's allowance	849,465	3,758,443	4,607,908
Net present value of future operating expenses	21,310,264	20,865,818	42,176,082
Total liabilities	<u>1,507,726,392</u>	<u>747,580,359</u>	<u>2,255,306,751</u>
Net assets in excess of liabilities	<u>(77,278,294)</u>	<u>(18,879,389)</u>	<u>(96,157,683)</u>
Ratio of net assets to liabilities at year-end	(5.1%)	(2.5%)	(4.3%)
Ratio of net assets to liabilities at the beginning of year	(8.6%)	(3.3%)	(6.8%)

Financial Indicators

Common Pension Fund	2025	2024	2023	2022	2021
Financial position based on actuarial valuation					
Net assets in excess of total liabilities	(5.4%)	(4.3%)	(6.8%)	(5.6%)	3.5%
Net assets in excess of accrued liabilities	(5.8%)	(5.1%)	(8.6%)	(6.9%)	12.2%
Return on investment					
Net nominal return on investment *	7.0%	12.4%	8.6%	(3.6%)	16.9%
Real return on investment *	3.4%	7.4%	0.7%	(11.8%)	11.6%
Net real return on investment *	3.2%	7.3%	0.5%	(11.9%)	11.5%
Net nominal return on investment (at market price) *	7.0%	12.4%	7.8%	(6.2%)	16.9%
Net real return on investment (at market price) *	3.2%	7.3%	(0.2%)	(14.2%)	11.5%
Net real return (five-year average)	1.8%	3.3%	4.8%	4.9%	8.8%
Net real return (ten-year average)	4.0%	4.6%	4.8%	5.3%	7.6%
Net real return (twenty-year average)	3.2%	3.8%	4.1%	4.6%	5.2%
Net real return (thirty-year average)	4.6%	4.7%	4.7%	4.9%	5.5%
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	51.0%	50.0%	47.9%	47.8%	53.8%
Listed bonds	24.9%	26.7%	28.0%	27.8%	26.5%
Unlisted holdings in companies and funds	13.1%	13.6%	13.7%	13.7%	10.8%
Unlisted bonds	11.0%	9.7%	10.4%	10.7%	8.9%
Bank deposits	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
Other investments	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%	0.0%
Investment securities by currencies					
Securities in Icelandic króna	49.6%	50.3%	54.2%	56.2%	54.9%
Securities in other currencies	50.4%	49.7%	45.8%	43.8%	45.1%
Number of					
Number of active fund members	37,067	37,259	37,152	36,512	35,854
Number of total fund members at year-end	192,290	189,410	186,351	182,768	178,661
Number of pensioners	27,666	26,076	24,222	22,115	21,044
Staff (full-time equivalent position)	65.2	60.6	57.6	54.2	51.1
Pension payments					
Old age pension	80.8%	80.7%	79.6%	77.5%	76.7%
Disability pension	15.1%	15.1%	16.0%	17.5%	17.9%
Spouse's pension	3.6%	3.7%	3.9%	4.4%	4.7%
Children's allowance	0.5%	0.5%	0.5%	0.6%	0.7%
Other financial indicators					
Pensions as percentage of premiums	92.2%	83.6%	74.7%	64.0%	61.5%
Operating expenses as percentage of premiums	4.0%	3.9%	3.7%	3.7%	3.5%
Net investment income as % of average asset position	6.9%	11.8%	8.4%	(3.6%)	15.7%
Operating expenses as % of average asset position	0.13%	0.14%	0.14%	0.13%	0.12%
Amounts at fixed prices (in millions of Icelandic króna)					
Total premiums	47,877	48,815	48,750	46,799	46,354
Total pensions	44,141	40,786	36,402	29,949	28,493
Total net investment income	102,007	163,927	109,405	(48,569)	218,634
Total operating expenses	1,920	1,890	1,817	1,710	1,632
Increase in net assets for pension payments	103,823	170,066	119,935	(33,430)	234,863

* Return is calculated on the basis of FME rules (assets are not valued on daily basis)

Financial Indicators

Private Pension Funds	2025	2024	2023	2022	2021
Private pension fund – Securities division					
Net nominal return on investment *	6.9%	12.4%	8.6%	(3.6%)	16.9%
Net real return on investment *	3.1%	7.3%	0.5%	(11.9%)	11.5%
Net real return (five-year average)	1.8%	3.3%	4.8%	4.9%	8.8%
Number of active fund members	1,064	1,098	1,159	1,173	1,236
Number of pensioners	171	161	144	125	135
Securities division has the same investment strategy as the Common Division					
Private pension fund – Ævileið I division					
Net nominal return on investment *	8.1%	13.0%	7.2%	(7.9%)	17.4%
Net real return on investment *	4.3%	7.8%	(0.7%)	(15.8%)	12.0%
Net real return (five-year average)	1.0%	2.4%	2.8%	2.4%	
Number of active fund members	3,163	2,832	2,433	2,221	2,020
Number of pensioners	20	11	7	2	1
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	54.7%	55.0%	52.7%	52.2%	58.8%
Listed bonds	45.3%	45.0%	47.3%	47.8%	41.2%
Securities in Icelandic króna	65.9%	64.3%	69.1%	72.7%	72.9%
Securities in other currencies	34.1%	35.7%	30.9%	27.3%	27.1%
Private pension fund – Ævileið II division					
Net nominal return on investment *	8.0%	10.7%	5.9%	(5.1%)	10.7%
Net real return on investment *	4.1%	5.7%	(1.9%)	(13.2%)	5.6%
Net real return (five-year average)	(0.2%)	0.5%	1.0%	1.5%	
Number of active fund members	1,594	1,554	1,433	1,352	1,293
Number of pensioners	103	80	53	25	13
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	35.9%	37.6%	32.4%	31.6%	35.8%
Listed bonds	64.1%	62.4%	67.6%	68.4%	64.2%
Securities in Icelandic króna	82.1%	80.8%	84.4%	86.8%	85.7%
Securities in other currencies	17.9%	19.2%	15.6%	13.2%	14.3%
Private pension fund – Ævileið III division					
Net nominal return on investment *	8.3%	8.2%	5.8%	1.3%	1.7%
Net real return on investment *	4.4%	3.2%	(2.0%)	(7.3%)	(3.0%)
Net real return (five-year average)	(1.0%)	(1.5%)	(1.6%)	(1.1%)	
Number of active fund members	679	694	681	659	673
Number of pensioners	86	72	69	37	21
Investment securities					
Listed holdings in companies and funds	23.5%	22.2%	23.1%	24.8%	22.1%
Listed bonds	76.5%	77.8%	76.9%	75.2%	77.9%
Securities in Icelandic króna	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%

* Return is calculated on the basis of FME rules (assets are not valued on daily basis)

Viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2025

Stjórnarháttayfirlýsing Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) vísar til 51. gr. reglna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME) nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Yfirlit yfir ýmis lög, reglugerðir og ýmsar innri reglur LV er aðgengilegt á vef sjóðsins á vefsvæði með upplýsingum um sjóðinn.

Efni:

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk	1
Umboðsskylda	1
Um stjórnarhætti og stjórnarháttayfirlýsingu LV	2
Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur sem varða starfsemi sjóðsins	2
Stefna um samfélagslega ábyrgð, siðferðisviðmið og ábyrgar fjárfestingar	3
Um nokkrar reglur og viðmið LV	3
Áhættustýring og innra eftirlit	5
Stjórnskipulag LV	6

Grundvöllur sjóðsins og hlutverk

LV starfar á grundvelli starfsleyfis fjármálaráðherra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum og samþykktu sjóðsins.

Í samþykktum kemur fram að sjóðurinn starfi á grundvelli kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 1995 og samnings ASÍ og SA frá 24. apríl 2018 samanber samning VR, Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda frá 23. apríl 2018 og breytingar á samþykktum sem tóku gildi 1. september 2019.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir reglum í samþykktum hans. Þar kemur m.a. fram að sjóðurinn leggi sérstaka áherslu á ellilífeyrisréttindi (ævilangan lífeyri) og áskilji sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktu sjóðsins.

Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem ávaxtar fjármuni sjóðfélaga með það að markmiði að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu. Stjórn sjóðsins leggur áherslu á að þróa hluthafastefnu hans með þeim hætti að hún styðji við góða stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn fer með eignahlut í.

Umboðsskylda

Stjórnarmenn og starfsmenn skulu taka ákvarðanir í samræmi við gildandi lög og reglur og sannfæringu sína með þeim hætti að hagsmuna sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvarðanir styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins.

Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarmaður er ekki bundinn af fyrirmælum þeirra sem tilnefna hann til setu í stjórn sjóðsins.

Um stjórnarhætti og stjórnarháttayfirlýsingu LV

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti við stefnumótun og daglega stjórnun sjóðsins. Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari er sjóðfélögum, iðgjaldagreiðendum, opinberum aðilum, starfsmönnum og öðrum haghöfum veittar upplýsingar um stjórnarhætti lífeyrissjóðsins. Yfirlýsingunni er jafnframt ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum og styðja þannig við traustan rekstur.

Stjórnarháttayfirlýsing LV fyrir árið 2025 byggist á þeim lögum og reglum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmda-
stjóra. Í því sambandi er sérstaklega litið til þeirra ákvæða laga nr. 129/1997 sem lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða, ákvæða samþykktar sjóðsins, reglna FME þar um, m.a. reglna nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða, gr. 66-c í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

Yfirlit yfir lög, reglugerðir og aðrar reglur sem varða starfsemi sjóðsins

Hér er yfirlit yfir hluta þeirra laga, reglugerða og annarra reglna sem varða starfsemi lífeyrissjóðsins. Yfirlitið er í upplýsingaskyni og ekki tæmandi.

Lög frá Alþingi

- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga
- Lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna
- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara
- Lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- Reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingaverndar
- Reglugerð nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar
- Reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða

Reglur og leiðbeiningar FME

- Reglur FME nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða
- Reglur FME nr. 577/2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 um mat á hæfi lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila
- Leiðbeinandi tilmæli FME nr. 6/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum

Innri reglur LV (aðgengilegar á vef LV)

Varðandi yfirlit yfir innri reglur er vísað til yfirlits á vef LV.

Stefna um samfélagslega ábyrgð, siðferðisviðmið og ábyrgar fjárfestingar

Í kafla VI um stjórnarhætti og stjórnun í árs- og sjálfbæriskýrslu LV fyrir árið 2025 er gerð grein fyrir hlutverki, framtíðarsýn, leiðarljósum og grunngildum LV. Í VII. kafla um sjálfbærni í starfsemi LV er að finna greinargott yfirlit yfir sjálfbærniþætti í starfsemi LV. Þeir varða m.a. umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti. Varðandi nánari umfjöllun er vísað til þessara kafla og annarra viðeigandi kafla árs- og sjálfbæriskýrslunnar. Þá er umfjöllun um ábyrgar fjárfestingar og áherslu á sjálfbærniþætti við eignastýringu til umfjöllunar í IV. kafla um ábyrgar fjárfestingar í árs- og sjálfbæriskýrslunni.

Stefna LV um ábyrgar fjárfestingar: Það leiðir af eðli skuldbindinga LV að sjóðurinn er langtímafjárfestir. Viðmið um ábyrgar fjárfestingar eru hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins og ber sjóðnum að líta til og stuðla að samfélagslegri ábyrgð þeirra félaga sem hann fjárfestir í.

LV gerir kröfu um að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í fari eftir lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra. Mikilvægt er að þau horfi til leiðbeininga um góða stjórnarhætti og viðmiða sem lúta að samfélagslegri ábyrgð og góðri umgengni um auðlindir.

LV er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna (e. Principles for Responsible Investment, UN PRI) um ábyrgar fjárfestingar, ásamt mörgum af stærstu lífeyrissjóðum og fagfjárfestum vestan hafs og í Evrópu. Í reglunum er fjallað um hvernig áhersla á umhverfisleg og samfélagsleg málefni styður við stjórnarhætti fyrirtækja og getur þannig stuðlað að bættum fjárfestingarárangri eignasafna. Þannig fari saman hagsmunir fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í viðara samhengi.

Á haustmánuðum 2021 samþykkti stjórn sjóðsins stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Í henni er gerð grein fyrir stefnu LV varðandi aðferðafræði ábyrga fjárfestinga. Víkið er að markmiðum stefnunnar, þýðingu sjálfbærni við eignastýringu, samþættingu aðferðafræði ábyrga fjárfestinga við hefðbundna eignastýringu og framkvæmd eigenda-

hlutverks, upplýsingagjöf um framkvæmd stefnunnar og innleiðingu. Jafnframt er lögð áhersla á að þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í eigi ábyrg samskipti við haghafa sína og fylgi áherslum LV varðandi góða stjórnarhætti.

Samhliða stefnu um ábyrgar fjárfestingar samþykkti stjórn sjóðsins stefnu um útilokun eigna í eignasöfnum LV. Stefnan nær til allra eignasafna sjóðsins og lýsir aðferðafræði LV við útilokun tiltekinna fyrirtækja. Við mótnun stefnunnar var m.a. litið til fyrirmýnda frá leiðandi lífeyrissjóðum á Norðurlöndum. Innleiðing stefnunnar tekur tíma og því verður enn um sinn að finna fyrirtæki í eignasöfnum LV sem eru á útilokunarlista. Ástæðan er að enn sem komið er hefur LV takmarkaða möguleika til að tjá skoðanir um útilokun þegar sjóðurinn fjárfestir í erlendum eignum, s.s. hlutabréfasjóðum.

Um nokkrar reglur og viðmið LV

Siða- og samskiptareglur: Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett siða- og samskipta-reglur fyrir starfsfólk og stjórnarmenn sjóðsins. Þeim er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka öryggi í meðferð fjármuna sjóðsins. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir.

Fjárfestingarstefna: Stjórn LV mótar og samþykkir árlega fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn í samræmi við lög nr. 129/1997 og önnur gild viðmið. Þannig er mörkuð stefna fyrir eignasamsetningu og eignastýringu sameignardeildar og séreignardeilda sjóðsins. Stefnan er send fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir 1. desember ár hvert og er aðgengileg á vef sjóðsins.

Áhættustefna: Stefnan er ákveðin af stjórn með vísan til 9. töluliðar 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, reglugerðum á grundvelli laganna og öðrum gildum viðmiðum sem tilgreind eru í stefnunni. Tilgangurinn er að auka öryggi í rekstri sjóðsins með það að markmiði að draga úr líkum á því að réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris skerðist og stuðla almennt að góðum og öruggum rekstri.

Áhættustýringarstefna: Sjóðurinn hefur ákveðið áhættustýringarstefnu sem mælir fyrir um stýringu tiltekinna áhættuþátta, svo sem skilgreiningu á hlutverkum og ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra aðila er koma að framkvæmd stefnunnar. Þar eru einnig tilgreindir mælikvarðar áhættuvilja, helstu áhættuþættir sem felast í rekstri sjóðsins og eftirliti með þeim. Fjallað er um aðferðir við áhættu-stýringu og skýrslugjöf og upplýsingar um hvernig sjóðurinn leitast við að tryggja að allir starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi áhættustýringar og hvernig sjóðurinn styður við viðeigandi áhættumenningu.

Hluthafastefna: Það er markmið stjórnar LV að hluthafastefnan styðji við góða stjórnarhætti félaga og þróun þeirra. Í hluthafastefnunni eru kynntar áherslur stjórnar sjóðsins varðandi viðmið um stjórnarhætti í þeim félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Hluthafastefnan tekur til viðmiða sem LV leggur áherslu á við meðferð eignarhalds í skráðum hlutafélögum á hlutabréfamarkaði og sjóðurinn fer með eignarhlut í. Stefnan gildir einnig, eftir því sem við á, fyrir óskráð félög sem LV hefur fjárfest í. Eðli málsins samkvæmt varðar stefnan einkum félög sem skráð eru á Íslandi. Þó gilda grundvallarviðmið hennar einnig um félög sem sjóðurinn er hluthafi í og skráð eru erlendis.

Samkeppnisréttaráhætta LV: Stjórn og stjórnendur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) leggja áherslu á að starfsemi sjóðsins sé í góðu samræmi við gildandi samkeppnislög og viðurkennd viðmið í samkeppnisrétti. Með innleiðingu samkeppnis-áætlunarinnar í janúar 2022 var lögð áhersla á að tryggja fylgni við samkeppnislög og lágmarka hættu á árekstrum við ákvæði samkeppnislaga vegna ákvarðana eða annarrar starfsemi LV. Í hluthafastefnu LV leggur sjóðurinn áherslu á að í samskiptum sé þeirra sjónarmiða gætt sem samkeppnislög og virk samkeppni byggist á.

Jafnlaunavottun: Í apríl 2022 fékk LV fyrst vottun um að jafnlaunakerfi lífeyris-sjóðsins uppfyllti kröfur sem tilgreindar eru í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Í mars 2025 fór fram endurvottunarúttekt á jafnlaunakerfi LV og í framhaldi af þeirri úttekt

fékk LV endurnýjaða vottun um að jafnlaunakerfi sjóðsins uppfylli kröfur jafnlauna-staðalsins til ársins 2028.

Mannauðsstefna: LV hefur markað sér formlega stefnu um áherslur í fyrirtækja-menningu sjóðsins þar sem tilgreint er meðal annars mikilvægi líðsheildar, góðra stjórnarháttar, velferðar starfsfólks og að sjóðurinn laði að sér og byggji upp framúr-skarandi mannauð. Sjóðurinn hefur einnig lagt til grundvallar jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks við stjórnunarvenjur, starfsþjálfun og þróun, ráðningar, starfskjör og starfsumhverfi.

Í mannauðsstefnu kemur m.a. fram að lífeyrissjóðurinn leitist við að bjóða starfs-skilyrði sem laði að sér hæft starfsfólk og að sjóðurinn hafi á að skipa starfsfólki sem hefur þekkingu, reynslu og hæfni til að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem honum eru falin. Unnið er eftir gildum sjóðsins þar sem ábyrgð, árangur og umhyggja myndar grunnstoðir í heilbrigðu og öruggu starfsumhverfi. Til stuðnings mannauðsstefnu er m.a. jafnlaunastefna, jafnréttisáætlun, fræðslustefna og stefna og viðbragðsáætlun gagnvart einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi á vinnustaðnum.

Starfskjarastefna: Starfskjarastefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum. Við mótun hennar er byggt á samþykktum lífeyrissjóðsins, sjónarmiðum í 6. útgáfu leiðbeininga um góða stjórnarhætti fyrirtækja og meginreglum sem liggja til grundvallar 79. gr. a, í lögum nr. 2 / 1995 um hlutafélög.

Stefnunni er ætlað að styðja við traustan rekstur og það markmið lífeyrissjóðsins að veita sjóðfélögum góða þjónustu. Starfskjarastefnu sjóðsins er því ætlað að styðja við það að lífeyrissjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður og að hann hafi þannig á að skipa hæfu og reyndu starfsfólki sem er grundvöllur þess að rekstur sjóðsins sé vel samkeppnisfær og í samræmi við bestu viðmið.

Stefna um hagnýtingu gervigreindar var samþykkt af stjórn í desember 2025. Tilgangur stefnunnar er að setja ramma um siðferðilega, tæknilega og lagalega notkun gervigreindar (e. artificial intelligence, AI) í starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV/sjóðurinn). Markmið stefnunnar er að styðja við hagnýtingu gervigreindar í starfsemi LV á öruggan, ábyrgan og markvissan hátt til að bæta ákvörðunartöku, þjónustu við sjóðfélaga, sjálfvirknivæða ferla og efla nýsköpun.

Áhættustýring og innra eftirlit

Áhættustýring: Stjórn hefur sett sjóðnum áhættustefnu og áhættustýringarstefnu með það að markmiði að auka öryggi í rekstri sjóðsins. Stefnurnar grundvallast á stefnumótun sjóðsins og lögum og reglum sem um hann gilda. Megininntakið er að með áhættustýringu er átt við eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að bera kennsl á, greina, vakta, meta og taka áhættu til meðferðar í starfsemi sjóðsins.

Lögd er áhersla á að stefnurnar og framkvæmd þeirra sé virkur þáttur í starfseminni og að þær tengist ákvörðunarferlum hans í stefnumótandi málum og í daglegum rekstri. Einnig er lögd áhersla á að stjórn og stjórnendur hafi góða yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins og að þeir hafi þekkingu á hlutverki sínu í ferli áhættustýringar og eftirlits og taki virkan þátt í því. Mikilvægt er að stjórn, stjórnendur og aðrir starfsmenn meti áhættu við ákvörðunartöku eftir því sem eðlilegt er hverju sinni.

Áhættustjóri sjóðsins hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnanna og áhættustýringu sjóðsins. Hann heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Til að tryggja honum aukið sjálfstæði í starfi og milliliðalausán aðgang stjórnar að upplýsingum er honum heimilt að gefa skýrslur um áhættustýringu og aðrar upplýsingar sem varða áhættustýringu beint og milliliðalaust til stjórnar sjóðsins og endurskoðunarnefndar.

Í stefnunum er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um umsjón og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri sjóðsins, mat á þeim og tilgreint með hvaða hætti fylgst er með þeim.

Nánari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í ársskýrslu, skýringum í ársreikningi og í áhættustefnu sem birt er á vef sjóðsins.

Innra eftirlit: Innra eftirlit sjóðsins nær yfir sérhverja aðgerð af hálfu stjórnar, stjórnenda og starfsmanna til að stýra áhættu þar sem því verður við komið og auka líkur á að settum markmiðum verði náð við rekstur sjóðsins. Stjórnendur annast skipulagningu og framkvæmd innra eftirlits en að framkvæmd þess koma allir starfsmenn sjóðsins með einum eða öðrum hætti.

Skipulag innra eftirlits tekur mið af reglum FME nr. 577 / 2012 um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Innra eftirlit sjóðsins er yfirfarið árlega af þeim sem annast innri endurskoðun hjá sjóðnum.

Innra eftirlit sjóðsins byggist m.a. á skýrsluskilum, reglulegri upplýsingagjöf, skráðum verkferlum og starfslýsingum, reglum um aðgreiningu starfa, skipulegum aðgangsstýringum og skilvirkri áhættustefnu og áhættueftirliti.

Áhættustefna, áhættustýringarstefna og áhættustýring sjóðsins eru veigamiklir þættir í innra eftirliti. Helstu verkþættir í starfsemi sjóðsins byggjast á skriflegum ferlum en það eykur áreiðanleika og stuðlar að fylgni við lög og reglur. Verkferlar eru yfirfarnir reglulega. Aðskilnaði starfa og aðgangsstýringa innan sjóðsins er ætlað að draga úr villu- og sviksemisáhættu. Margþætt skýrsluskil, afstemmingar og upplýsingagjöf til opinberra aðila, stjórnar sjóðsins og einstakra stjórnenda veitir aðhald í rekstri. Hvað upplýsingakerfi sjóðsins varðar er í gildi öryggisstefna sem nær til meðferðar og varðveislu gagna. Henni er ætlað að tryggja örugga meðferð og varðveislu upplýsinga sem þýðingu hafa fyrir starfsemi sjóðsins. Eftirlitsaðgerðir og sjálfvirk vöktun miðar að því að lágmarka áhrif rekstrarfrávik á upplýsingakerfi. Neyðaráætlun sjóðsins er ætlað að taka á alvarlegri rekstrarfrávikum með endurheimt upplýsingakerfa.

Þá hefur sjóðurinn sett sér reglur um uppljóstrun vegna mögulegra svika eða misferlis starfsmanna.

Stjórnskipulag LV

Ársfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins sé ekki annað ákveðið í lögum eða samþykktum sjóðsins. Ársfund skal halda fyrir lok júní ár hvert og eiga allir sjóðfélagar og rétthafar í B- og C-deildum (almenn og tilgreind séreign) rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

- Á ársfundi skal kynna: i) skýrslu stjórnar, ii) ársreikning fyrir síðasta starfsár, iii) tryggingafræðilega athugun, iv) fjárfestingarstefnu sjóðsins, v) hluthafastefnu sjóðsins, vi) skipan stjórnar og vii) skipan fulltrúaráðs.
- Þá skal kynna og bera undir atkvæði: i) starfskjarastefnu sjóðsins, ii) val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna, iii) tillögu um stjórnarlaun, iv) tillögu stjórnar að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki og v) tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Fulltrúar í fulltrúaráði fara með atkvæði á ársfundi sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna til ákvarðana sem tilgreindar hafa verið hér að framan. Ályktunartillögur, sem taka skal fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins skriflega eigi síðar en viku fyrir ársfund. Fundargerðir ársfunda eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Nánar er fjallað um stjórnskipulag sjóðsins í samþykktum hans sem og lögum nr. 129/1997.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna. Þá leggur stjórn til breytingar á samþykktum við aðildarsamtök og ársfund en hefur einnig heimild til að gera breytingar á þeim að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Stjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni, sbr. 29. gr. laga 129/1997:

- Stjórn mótar og samþykkir fjárfestingarstefnu og innra eftirlit og skjalfestir eftirlitsferla. Hún mótar einnig fyrirkomulag innri endurskoðunar og ræður sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að framkvæma hana.
- Stjórn ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og ráðningarkjör.
- Stjórn felur tryggingastærðfræðingi að framkvæma árlega tryggingafræðilega athugun á sameignardeild sjóðsins.
- Stjórn setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, reglur um viðskipti stjórnar og starfsmanna með fjármálagerninga, markar sjóðnum áhættustefnu og mótar eftirlitskerfi með áhættu hans.
- Stjórn ákveður hver skuli vera fulltrúi sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis.

Meðal annarra mála sem stjórn fjallar um á fundum sínum eru veigameiri fjárfestingarákvarðanir, áhættumat, tillögur að breytingum á samþykktum, fjárfestingar-, hluthafa- og áhættustefna, lánareglur, rekstraráætlun og kynningarmál. Stjórn hefur sett sér starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Framkvæmdastjóri: Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur sem eru aðgengilegar á vef sjóðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Fulltrúaráð: Aðildarsamtök lífeyrissjóðsins starfrækja fulltrúaráð sjóðsins sem er skipað 50 fulltrúum. VR skipar 25 fulltrúa, Samtök atvinnulífsins skipa 23 fulltrúa og Félag atvinnurekenda skipar tvo fulltrúa. Skipan fulltrúaráðsins fer nánar eftir samningum aðildarsamtaka sjóðsins og þeim reglum sem samtökin setja sér þar um. Nánari reglur um fulltrúaráðið eru í samþykktum sjóðsins.

Endurskoðun: Reikningar sjóðsins eru endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Innri endurskoðun sjóðsins er jafnframt í höndum sjálfstætt starfandi endurskoðanda. Endurskoðun sjóðsins og innri endurskoðun eru í höndum aðskilinna endurskoðunarfyrtækja. Endurskoðunarnefnd LV gerir tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda sjóðsins (ytri endurskoðanda) og innri endurskoðanda.

Tryggingastærðfræðingur: Tryggingafræðileg athugun er framkvæmd árlega í samræmi við 39. gr. laga nr. 129/1997 og reglugerð nr. 391/1998. Athugunin er samkvæmt samningi við sjóðinn og framkvæmd af tryggingastærðfræðingi sem hefur hlotið viðurkenningu fjármálaeftirlitsins til að sinna verkefnum sem slíkur. Með athuginni er lagt mat á áfallnar skuldbindingar sjóðsins og væntar framtíðarskuldbindingar annars vegar og núverandi eignir og vænt iðgjöld og ávöxtun hins vegar.

Endurskoðunarnefnd skipuð af stjórn: Samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefndir. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd sem heyrir beint undir hana. Um markmið, skipan, heimildir, ábyrgð og verkefni endurskoðunarnefndar er fjallað í starfsreglum sem settar eru af stjórn.

Nefndina skipa:

- Stefán Sveinbjörnsson, formaður nefndarinnar. Hann er lögfræði- og viðskiptafræðimenntaður og starfar sem framkvæmdastjóri VR.
- Sigrún Helgadóttir er framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga. Sigrún er með cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA-gráðu frá Norwegian School of Management (BI).
- Margret G. Flóvenz er löggiltur endurskoðandi og er með viðtæka reynslu af endurskoðunarstörfum.

Sjálfsmat stjórnar: Stjórn framkvæmir frammistöðumat á störfum sínum í samræmi við starfsreglur. Niðurstöður eru nýttar af stjórn til að þróa starfshætti og styðja við góða stjórnarhætti. Spurningar í frammistöðumatinu lúta að skipan og skipulagi stjórnar, hlutverki og ábyrgð og frammistöðu hennar og undirnefnda.

Fjöldi funda og mæting: Á árinu 2025 voru haldnir 14 stjórnarfundir.

Nánari upplýsingar um stjórnarmenn, fundarsókn og framkvæmdastjóra er að finna í rafrænni útgáfu af stjórnarháttayfirlýsingunni sem er aðgengileg á vef sjóðsins.

Staðfest á fundi stjórnar LV 26. febrúar 2026

Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar

Bjarni Þór Sigurðsson

Guðmunda Ólafsdóttir

Guðrún Ragna Garðarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Páll Ásgrímsson

Sigrún Helgadóttir

Með stjórnarháttayfirlýsingunni fylgja upplýsingar um stjórnarmenn sem varða hæfi og fundarsókn:

Jón Ólafur Halldórsson, varaformaður stjórnar frá mars 2025

- Tók sæti í stjórn: Júní 2020.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2025: 13 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Sjálfstætt starfandi, formaður stjórnar Samtaka verslunar og þjónustu, formaður Marga ehf., formaður stjórnar VHE ehf., stjórnarformaður Telemakkus ehf., í stjórn Kaps ehf., í stjórn og framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, stjórnarformaður Landssamtaka lífeyrissjóða.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar frá mars 2025

- Tók sæti í stjórn: Ágúst 2019.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2025: 14 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Framkvæmdastjóri VR, Starfsmenntasjóðs verslunar og þjónustu, Landssambands íslenskra verzlunarmanna, VR Blævar leigufélags slhf. og VR Blævar leigufélags ehf., formaður húsfélagsins Kringlan 7 og varaformaður Húss verslunarinnar sf. Í varastjórn Rannsóknaseturs verslunarinnar, Eldröra ehf. og Fræðslusjóðs.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Framkvæmdastjóri VR, lífeyrissjóðurinn sér um innheimtu stéttarfélagsgjalda fyrir VR.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Bjarni Þór Sigurðsson

- Tók sæti í stjórn: Ágúst 2019.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2025: 12 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Í stjórn VR, varamaður í stjórn VR Blævar leigufélags slhf. og formaður fulltrúaráðs í Bjargi íbúðafélagi hses.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Guðmunda Ólafsdóttir

- Tók sæti í stjórn: Mars 2024.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2024: 14 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Í stjórn UMFÍ og svo trúnaðarráði VR.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Guðrún Ragna Garðarsdóttir

- Tók sæti í stjórn: Apríl 2022.
- Fjöldi stjórnarfunda á árinu 2025: 13 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Framkvæmdastjóri Atlantsolíu ehf., formaður Félags atvinnurekenda, framkvæmdastjóri og varamaður í stjórn Atlantsorku ehf. og varamaður í stjórn A30 ehf.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Helga Ingólfssdóttir

- Tók sæti í stjórn: Ágúst 2019.
- Fjöldi stjórnarfundar á árinu 2025: 14 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Varabæjarfulltrúi fyrir Hafnarfjarðarbæ, situr í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar og er í stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs fyrir hönd ASÍ.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Páll Ásgrímsson

- Tók sæti í stjórn: Mars 2025.
- Fjöldi stjórnarfundar á árinu 2025: 10 af 10.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Stjórnarmaður í Já hf., Njálu ehf., Endor ehf., Casual ehf. og Yrki arkitektum ehf.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

Sigrún Helgadóttir

- Tók sæti í stjórn: September 2021.
- Fjöldi stjórnarfundar á árinu 2025: 12 af 14.
- Önnur trúnaðarstörf, t.a.m. stjórnarseta í félögum: Framkvæmdastjóri Norðuráls á Grundartanga, meðstjórnandi í Samtökum iðnaðarins, Samáli, Hamarsheiði II ehf., Norðuráli ehf., Norðuráli Grundartanga ehf. og Century Aluminum Vlissingen B.V. Holland, varamaður í Klafa ehf. og Kóma ehf.
- Sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verzlunarmanna: Já.
- Upplýsingar um störf sem stjórnarmaður hefur unnið fyrir sjóðinn: Engin.
- Hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila sjóðsins: Engin.
- Önnur tengsl við sjóðinn sem lýst er hér að framan, séu þau fyrir hendi: Engin.

